FRÉTTABLAÐIÐ

187. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

AUGLÝSING

Kortasalan er í fullum gangi

borgarleikhus.is

Fjölbreyttar leiðir – hvað hentar þér?

Leikhústvenna: 2–3 sýningar

20% afsláttur af miðum

Leikhúskort: 4–7 sýningar

30% afsláttur af miðum

10% afsláttur af veitingum

Lúxuskort: 8+ sýningar

40% afsláttur af miðum

15% afsláttur af veitingum

Ungmennakort: 4 sýningar

50% afsláttur af miðum

25 ára og yngri

Nánar á borgarleikhus.is
Miðasala í síma **568 8000**

Borgarleikhúsið

2021 2022

Fegurð og von í missi

Lífið ➤ 26

Flokkarnir setja nýsköpun á oddinn



Markaðurinn ➤ 8

HEILSUDAGAR Í NETTÓ
23. SEPTEMBER - 6. OKTÓBER
OFUR-TILBOÐ Á HVERJUM DEGI
ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR AF HEILSU- OG LÍFSSTÍLSVÖRUM
nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

187. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR | frettabladid.is | FIMMTUDAGUR 23. SEPTEMBER 2021

Hvaða flokk myndirðu kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag?



Píratar bæta í en Sjálfstæðismenn tapa áfram fylgi

Sjálfstæðisflokkurinn mælist nú með 20 prósenta fylgi tveimur dögum fyrir kosningar. Samfylkingin er enn næststærsti flokkurinn, en Píratar bæta við sig einu og hálfu prósenti.

bth@frettabladid.is

KOSNINGAR Sjálfstæðisflokkurinn tapar enn fylgi og mælist nú með 20,1 prósent, samkvæmt könnun sem Prósent gerði fyrir Fréttablaðið. Tapar flokkurinn rúmu prósenti frá könnun síðustu viku. Samfylkingin er næststærsti stjórnmálaflokkur landsins og mælist með 14,7 prósent. Píratar mælast nú með 13,1 prósent í stað 11,5 prósenta í síðustu viku og bæta við sig rúmu einu og hálfu prósenti.

Framsóknarflokkurinn fær nú 12,2 prósent og VG 10,7 prósent. Ríkisstjórnin er því kolfallin samkvæmt könnuninni, þar sem samanlagt fylgi flokkanna þriggja er aðeins 43 prósent.

Viðreisn fær 9,3 prósent, Sósíalistar 6,9 prósent, Miðflokkurinn 6,6 prósent og Flokkur fólksins 5,2 prósent. Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn mælist með 1,1 prósent. Samkvæmt könnuninni koma níu framboð mönnum á þing, sem yrði einsdæmi í Íslandssögunni.

Höfuðvígi Sjálfstæðisflokksins er hjá formanninum í Kraganum, þar sem flokkurinn fær 29,7 prósent. Samfylkingin er sterkust í Reykjavík, hefur 22 prósent í Reykjavík norður og því flýgur Jóhann Páll Jóhannsson á þing samkvæmt könnuninni og Rósa Björk Brynjólfsdóttir sem vermir 2. sætið í hinu Reykjavíkurkjördæminu líka, þar sem flokkurinn er með tæp 20 prósent. Kosninganóttin gæti orðið spennandi fyrir Guðmund Andra Thorsson sem vermir 2. sæti í Kraganum, þar sem flokkurinn mælist með 12,2 prósenta fylgi. Oddný Harðardóttir fellur hins vegar af þingi samkvæmt könnuninni því flokkurinn mælist aðeins með 5,4 prósent í Suðurkjördæmi.

Eins og Samfylking eru Píratar sterkastir í Reykjavík. Flokkurinn er með rúm 19 prósent í báðum Reykjavíkurkjördæmunum en fylgið er mun lakara á landsbyggðinni, þar sem eina þingmannsvonin virðist vera í Einari Brynjólfssyni í Norðausturkjördæmi.

Tæpt er að ráðherra Framsóknarflokksins, Ásmundur Einar Daðason, fái þingsæti í Reykjavík norður og gæti hann þurft að treysta á jöfnunarsæti samkvæmt könnuninni.

Sósíalistar mælast með meira en 6 prósenta fylgi í öllum kjördæmum nema Kraganum. Fylgi Miðflokksins er undir þremur prósentum í Reykjavíkurkjördæmunum og því ekki útlit fyrir að leit flokksins að kvenframbjóðendum í borginni skili sér í þingstyrk. Formaðurinn er hins vegar öruggur með þingsæti, en flokkurinn er með 12,5 prósent í hans kjördæmi fyrir norðan.

Könnunin var framkvæmd dagana 17.-21. september. 2.500 einstaklingar voru spurðir og svöruðu 1.244, eða um 50 prósent. ■

Grímseyingar fylgdust með kirkjunni sinni brenna til kaldra kola í fyrrinótt. Kirkjan varð alelda skömmu eftir að eldurinn kom upp og ómögulegt reyndist að ráða við hann. Kirkjan var byggð úr rekaviði árið 1867. Miklar endurbætur voru gerðar á kirkjunni árið 1956 og var hún þá endurvígð. Kirkjan var friðuð árið 1990. Karen Nótt Halldórsdóttir, íbúi í Grímsey, myndaði rústirnar fyrir Fréttablaðið. Hún segir brunann mikið tilfinningalegt tjón fyrir íbúa Grímseyjar, sem hittust í félagsheimili sínu í gærkvöldi til að ræða málin og framhaldið. MYND/KAREN NÓTT HALLDÓRSDÓTTIR

Tölvuárás var gerð á hátæknifyrirtækið Geislatækni fyrir helgi.

Þrjótar krefjast hárra fjárhæða af íslensku fyrirtæki

urduryrr@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Gögn Geislatækni, hátæknifyrirtækis í Garðabæ, voru tekin í gíslingu af rússneskum tölvuþrjótum aðfaranótt föstudags. Þrjótarnir krefjast tvö hundruð þúsund dala í lausnargjald, eða um 26 milljóna króna og sögðu upphæðina tvöfaldast á miðnætti 22. september.

Grétar Jónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir af og frá að fyrirtækið borgi tölvuþrjótunum lausnargjaldið.

„Það var hægt að klippa á allar tengingar, allt aftengt, þannig að þeir geta ekki aðhafst neitt frekar," segir Grétar. Fyrirtækið er búið að koma upp nýju kerfi sem er vistað annars staðar og nú er unnið að því að koma öllu í gang aftur. ■

Krakkarnir kjósa líka

Krakkakosningar voru haldnar í grunnskólum landsins í gær í tengslum við alþingiskosningarnar næsta laugardag. Fengu grunnskólanemar þar að greiða atkvæði með þeim flokkum sem þeir vilja helst sjá í ríkisstjórn. Niðurstöður krakkakosninganna liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifað en ljóst er að áherslur krakkanna eru oft allt aðrar en fullorðna fólksins. Kosningarnar eru haldnar á vegum umboðsmanns barna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vöggustofur komast á dagskrá eftir kosningar

helenaros@frettabladid.is

SAMFÉLAG Rannsókn á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins getur ekki hafist fyrr en eftir alþingiskosningar. Árni H. Kristjánsson, sagnfræðingur og einn fimmmenninganna sem skoruðu á borgarstjórn að rannsaka mál vöggustofa, segir að málið varði persónuvernd og þurfi því aðkomu Alþingis. Ef björtustu spár gangi eftir geti rannsókn hafist í október.

Fimmmenningarnir munu funda með borgarlögmanni á mánudag. Þar verður farið yfir rannsóknina og afmörkun á henni. „Við vorum að miða við rannsókn til 1973 þegar Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins hætti starfsemi, en nú er að koma

Árni H. Kristjánsson

í ljós að börn voru vistuð á vöggustofum lengur á vegum Reykjavíkurborgar. Líklega verður rannsóknin útvíkkuð eitthvað í árum," segir Árni. Þá vilji þeir einnig láta rannsaka afdrif þessara barna. „Við höfum þegar vitneskju um það að fjölmargir eigi erfitt með að fóta sig í lífinu, sjálfsvíg séu tíð sem og óregla." ■

Símanúmer fólks misnotuð til hótana gegn öðru fólki

Óprúttnir aðilar hafa verið að hringja í fólk í gegnum snjallsímaforrit sem birtir annað íslenskt símanúmer á skjá þess sem hringt er í. Grunlausir Íslendingar hafa fengið reiðileg símtöl frá fólki sem það hringdi aldrei í. Forritin eru meðal annars notuð til að fela slóð hringjanda þegar verið er að hóta fólki.

mhj@frettabladid.is

FJARSKIPTI Ungur maður segir farir sínar ekki sléttar eftir að hringt var í hann af öðrum manni og hann sakaður um að hafa verið að hringja rukkunarsímtöl.

Maðurinn þvertók fyrir að vera að hringja slík símtöl en símtölin komu öll úr símanúmerinu hans. Eftir stutta eftirgrennslan kom í ljós að óprúttnir aðilar hefðu verið að nota snjallsímaforrit til að breyta sínu símanúmeri í númerið hans. Þetta kemur fram í bréfi sem Fréttablaðið fékk sent en samkvæmt Theódóri Ragnari Gíslasyni, tæknistjóra hjá netöryggisfyrirtækinu Syndis, eru slík forrit þekkt fyrirbæri. Um svokallaðar spoofing-þjónustur sé að ræða, sem eru gagngert til að herma eftir símanúmerum annarra.

„Það er ekki búið að taka yfir símanúmerið, en síminn þinn heldur að þetta sé símanúmerið sem er að hringja í þig," segir Theodór og bætir við að forritin séu auðveld í notkun. „Þú nærð í snjallsímaforritið og velur símanúmerið sem þú vilt tengjast frá og vilt að birtist. Þú borgar kannski eitthvað gjald í hvert skipti sem þú gerir þetta. Þetta er ekki kostnaðarsamt og er einfalt í dag, því miður." Theódór segir þjónusturnar sem bjóða upp á þetta opinberar og keyrðar á .com-lénum.

Auðvelt er að nota forritin til að gera eitthvað ólöglegt, til dæmis

Óprúttnir aðilar hafa verið að nota forrit til að fela slóð sína þegar þeir hringja til dæmis hótunarsímtöl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Grunlausir Íslendingar hafa fengið reiðileg símtöl frá fólki sem þeir hringdu aldrei í.

að hóta einhverjum lífláti gegnum síma. „Þá er erfiðara að rekja símanúmerið þitt," segir Theodór.

Af ákvörðun Fjarskiptastofnunar frá árinu 2012 má draga þá ályktun að notkun slíkra forrita fari í bága við fyrirkomulag númerabirtingar samkvæmt 51. gr. fjarskiptalaga og reglugerð um númerabirtingar. Í þeim úrskurði stofnaði starfsmaður símafyrirtækis til símtals með númeri frá öðru símafyrirtæki, en stofnunin taldi óheimilt að nota röng auðkenni eða númer til að villa á sér heimildir.

Samkvæmt Guðmundi Jóhannssyni, upplýsingafulltrúa Símans, hefur þetta verið þekkt vandamál í nokkur ár en hefur oftast komið í hrinum. „Nú virðist sem einhver snjallsímaforrit eða vefsíður séu í tísku sem eru notuð til að gera símaat í grunlausu fólki. Þau munu svo detta úr tísku þangað til næsta forrit kemur," segir hann.

„Stundum nota óprúttnir aðilar líka þessa leið til að fá notendur til að svara símanum með því að hringja erlendis frá, en þykjast hringja í gegnum íslenskt númer sem mörgum finnst meira traustvekjandi en ef eitthvað erlent númer hringir óvænt í fólk," segir Guðmundur og bætir við að það sé erfitt að stöðva þetta í stafrænum heimi.

„Eftir að símtöl fóru að flæða úr gamla rásaskipta símakerfinu yfir í VoIP-kerfi sem er eðlileg tækniþróun fjarskiptakerfa, hefur erfiðleikastigið við að framkvæma svona falsanir snarlækkað. Þegar símtöl fóru í gegnum gamla kerfið var þetta tæknilega flókið og á færi fárra að gera. En í nýjum stafrænum heimi er þetta einfaldara, eiginlega of einfalt," segir Guðmundur. ■

MIÐFLOKKURINN
XM
Miðflokkurinn þorir
á meðan hinir þegja!
Settu X við M!

Erfið samskipti Mosfellsbæjar og gullleitarfyrirtækis

kristinnhaukur@frettabladid.is

MOSFELLSBÆR Gullleitarfyrirtækið Iceland Resources hefur lagt fram gögn til Mosfellsbæjar um rannsóknarboranir í Þormóðsdal. Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar bæjarins, segir að nú verði kannað hvort framkvæmdin teljist meiriháttar og kalli á framkvæmdaleyfi.

Mosfellsbær hefur lagst gegn gullleit á svæðinu og í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir byggingum, vegum eða öðrum mannvirkjum í tengslum við námavinnslu. Bærinn synjaði Iceland Resources um framkvæmdaleyfi árið 2017 og var það mál tekið fyrir hjá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fleiri mál hafa ratað inn á borð nefndarinnar vegna verkefna félagsins en landeigendur í Vopnafirði og á Tröllaskaga hafa einnig kært útgefin leyfi Orkustofnunar. Gullleit fylgir oft jarðrask og hætta á að vatnsból spillist, en samkvæmt lögum geta rannsóknarleyfishafar farið inn á landareignir fólks, enda á ríkið það sem finnst í jörðu.

Samskipti félagsins við Mosfellsbæ hafa gengið brösuglega, en í fundargerð gerir skipulagsnefnd bæjarins alvarlegar athugasemdir við framgöngu og röksemdafærslu Iceland Resources ehf. í samskiptum sínum við sveitarfélagið.“ Arnar segir bæinn ítrekað hafa óskað eftir frekari gögnum frá félaginu. Eigandi þess er Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, sem á langa sögu gjaldþrota félaga á ýmsum kennitölum. ■

Gullleitaráform í Þormóðsdal og víðar hafa verið umdeild.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aldursviðmiðin of tilviljanakennd

arib@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Borgarstjórn hefur vísað frá tillögu Sjálfstæðisflokksins um að borgin taki upp sveigjanleg starfslok í stað starfsloka við 70 ára aldur. Nú þegar sé verið að vinna að slíkri innleiðingaráætlun.

„Við teljum aldurstengdar viðmiðanir brjóta í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þetta er fullkomlega tilviljanakennt, þetta er ekki inni í neinum í lögum. Það skiptir mjög miklu máli að þessu verði breytt,“ segir Helgi Pétursson, formaður Landssambands eldri borgara.

Helgi Pétursson, formaður Landssambands eldri borgara.

Ekkert verður af byggingu blokkar

birnadrofn@frettabladid.is

HAFNARFJÖRÐUR Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur fellt úr gildi ákvörðun byggingafulltrúa Hafnarfjarðar um heimild fyrir byggingu fjölbýlishúsaklasa með tuttugu og þremur íbúðum og einu atvinnurými við Lækjargötu 2.

Samkvæmt úrskurðinum brýtur byggingarleyfið í bága við gildandi skipulag hvað landnotkun varðar. Því verði að fella ákvörðunina úr gildi. ■

Fjórflokkurinn aðeins svipur hjá sjón

Tengslarof losaði um kjarnafylgi Sjálfstæðisflokksins. Flóknari málefni en áður opna leið fyrir ný framboð.

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Tveir af fyrrum burðarbitum fjórflokksins á Íslandi standa enn, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur. Ef fylgi þeirra er borið saman við gullaldarár þeirra verður að segja að vinsældirnar séu aðeins svipur hjá sjón.

Áður fyrr áttu flestar pólitískar skoðanir landsmanna heimili í þeirri fjórskiptu byggð sem samanstóð af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur runnu saman í Samfylkinguna og heyra því sögunni til hvað fjórflokkakerfið varðar. Fylgi Samfylkingarinnar náði mest 30 prósentum, en flokksmenn urðu að sætta sig við rúm 12 prósent í síðustu þingkosningum. Efnahagshrunið og klofningsframboð eru meðal skýringa sem nefndar hafa verið á veikingu fjórflokksins. Ný öfl leysa gömul af hólmi og veikja þau sem eftir standa.

Sjálfstæðisflokkurinn, í þeirri mynd sem við þekkjum hann í dag, var stofnaður 1929 við samruna Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Hann hefur verið ríkjandi í ríkisstjórnum. Flokkurinn fékk 35-46 prósenta fylgi á landsvísu í þingkosningum nánast frá upphafi stofnunar og fram á þessa öld. Síðustu 12 ár hafa Sjálfstæðismenn mátt sætta sig við innan við 30%. Í kosningum 2009, eftir hrunið, varð niðurstaða alþingiskosninganna sú að Sjálfstæðisflokkur fékk 23,7 prósent, sem er versta útkoma flokksins til þessa. Hann fór í 29 prósent árið 2016 en sumar kannanir mæla nú fylgið undir því sem hann hefur minnst fengið áður.

Þróun fylgis Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá upphafi framboðanna til kosninga 2017:



Myndin sýnir fylgisniðursveiflu seinni ára í samanburði við gullaldartíma Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Þrjár breytingar hafa orðið á kjördæmaskipan á þessum tíma.

Heimild: https://kosningasaga.wordpress.com)

> Það hafa orðið til ný málefni svo sem umverfismál og ýmsar nýjar hugmyndir um framkvæmd lýðræðis. Málefnasviðið er því flóknara núna, sem opnar rými fyrir nýja flokka.

Eva H. Önnudóttir, prófessor í stjórnmálafræðideild HÍ

Framsóknarflokkurinn var stofnaður árið 1916 og er því aldurshöfðingi. Flokkurinn var oft áhrifamikill og einkar ríkjandi í stjórnmálasögu 1971-1991. Framsóknarflokkurinn fékk 35,9 prósenta landsfylgi árið 1931. Fylgið rokkaði í kosningum næstu áratugi en var oftast á bilinu 20 til 27 prósent, fram á þessa öld. Árið 2007 varð kröpp dýfa þegar fylgið fór niður í 11,7 prósent. Flokkurinn stökk upp í heil 24,7 prósent árið 2013 en seig niður í 10 til 12 prósent í síðustu tvennum þingkosningum. Wintris-málið og Miðflokkurinn koma þar mjög við sögu.

Eva H. Önnudóttir, prófessor í stjórnmálafræði, segir að í kosningunum 2009, eftir hrunið, hafi komið skarpt los á tengingu kjósenda við fjórflokkinn. Sá sem tapaði mestu á því sem mætti kalla tengslarof, hafi verið Sjálfstæðisflokkur sem átti langmesta kjarnafylgið. Afleiðingar þessa hafi svo birst enn frekar í kosningunum 2013.

Innt eftir skýringum á fyrrum vinsældum fjórflokksins svarar Eva að stundum sé talað um að flokkakerfið hafi frosið upp úr 1930. Eftir það hafi um langa hríð orðið litlar breytingar á pólitísku landslagi. Um 1990 hafi nýtt stöðugleikatímabil hafist sem hafi ekki skapað mikið rými fyrir nýja flokka. Fjölgun stjórnmálaflokka hin síðari ár sé í takti við þróun sem hafi orðið áður í nágrannalöndunum. Málefnasviðið sé orðið miklu flóknara. Áður hafi íslensk stjórnmál snúist mikið um félagshyggju og markaðshyggju. Minni áhersla hafi verið á alþjóðahyggju en nú. „Það hafa orðið til ný málefni svo sem umhverfismál og nýjar hugmyndir um framkvæmd lýðræðis. Málefnasviðið er því flóknara núna, sem opnar rými fyrir nýja flokka,“ segir Eva. ■

VIÐ VILJUM KATRÍNU JAKOBSDÓTTUR

áfram sem forsætisráðherra

Hún hefur sýnt sterka forystu, komið mikilvægum málum fram og leitt saman ólík sjónarmið á flóknum tímum. **Slík forysta er mikilvæg til að ná árangri og sáttum fyrir samfélagið allt.**

Aðalsteinn Á. Baldursson
formaður Framsýnar, Húsavík

Amid Derayat
fiskifræðingur, Kópavogi

Andrea Jóhannsdóttir
bókasafnsfræðingur, Akureyri

Anna Hildur Hildibrandsdóttir
kvikmyndagerðarkona, Ísafirði

Anna Sigríður Pálsdóttir
prestur, Reykjavík

Anna Þóra Björnsdóttir
gleraugnasali og uppistandari, Reykjavík

Arnór Björnsson
viðskiptafræðingur, Reykjavík

Árni Heimir Ingólfsson
tónlistarfræðingur, Seltjarnarnesi

Árni Stefán Jónsson
fyrrv. formaður Sameykis, Hafnarfirði

Áslaug Guðrúnardóttir
kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur, Reykjavík

Áslaug Thorlacius
skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík, Reykjavík

Ásmundur Stefánsson
hagfræðingur, Reykjavík

Bragi Guðmundsson
prófessor, Akureyri

Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir
myndlistarkona, Flóahreppi

Bubbi Morthens
tónlistarmaður, Seltjarnarnesi

Dalla Ólafsdóttir
kennari, Kópavogi

Dúsa Ólafsdóttir
kaupmaður, Reykjavík

Elín Hirst
fyrrv. alþingismaður og fjölmiðlafræðingur, Reykjavík

Elva Dögg Gunnarsdóttir
öryrki, Reykjavík

Finnur Dellsén
prófessor í heimspeki við HÍ, Reykjavík

Fjölnir Bragason
listamaður og húðflúrameistari, Reykjavík

Freyja Stígsdóttir
Íslandsmeistari í karate, Reykjavík

Fríða Rós Valdimarsdóttir
sérfræðingur, Reykjavík

Gaukur Úlfarsson
leikstjóri og framleiðandi, Reykjavík

Gerður Kristný
skáld, Reykjavík

Guðný Dóra Gestsdóttir
safnstjóri, Reykjavík

Guðrún Hallgrímsdóttir
matvælaverkfræðingur, Reykjavík

Guðrún Nordal
prófessor, Reykjavík

Gunnhildur Kristjánsdóttir
iðjuþjálfi, Reykjavík

Gylfi Björnsson
sjóntækjafr. og gleraugnasali, Reykjavík

Hallgrímur Þór Indriðason
skógfræðingur, Akureyri

Hermann B. Valsson
lýðheilsufræðingur, Akranesi

Hilmir Snær Guðnason
leikstjóri og leikari, Reykjavík

Hlynur Hallson
safnstjóri Listasafnsins á Akureyri, Akureyri

Hrafnhildur Gunnarsdóttir
kvikmyndagerðarmaður og fyrrv. formaður Samtakanna 78, Reykjavík

Hrefna Svavarsdóttir
íslenskunemi, Reykjavík

Ingibjörg Sigurjónsdóttir
myndlistarmaður, Reykjavík

Izati Zahra
viðskiptafræðingur, Sauðárkróki

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri Almannaróms, Reykjavík

Jón Ólafsson
prófessor, Reykjavík

Karl Kristjánsson
bóndi, Kambi í Reykhólasveit

Katla Tryggvadóttir
framhaldsskólanemi, Akureyri

Kjartan Ragnarsson
stjórnarformaður Landnámsseturs, Borgarnesi

Kristín G. Gestsdóttir
aðstoðarskólastjóri, Höfn í Hornafirði

Kristjana Arngrímsdóttir
söngkona og kennari, Tjörn í Svarfaðardal

Magnús Karl Magnússon
prófessor við læknadeild HÍ, Reykjavík

Margrét Gauja Magnúsdóttir
fyrrv. bæjarfulltrúi, Hafnarfirði

Margrét Hallgrímsdóttir
þjóðminjavörður, Reykjavík

María Kristín Árnadóttir
háskólanemi, Reykjavík

Ólafur Guðmundsson
verkamaður, Grundarfirði

Páll Ásgeir Ásgeirsson
leiðsögumaður og rithöfundur, Reykjavík

Ragnar Óskarsson
eftirlaunamaður, Vestmannaeyjar

Rannveig Traustadóttir
prófessor emertia, Hafnarfirði

Róbert Marshall
fjallaleiðsögumaður, Reykjavík

Sandra B. Franks
formaður Sjúkraliðafélags Íslands, Garðabæ

Signý Ormarsdóttir
verkefnastjóri hjá Austurbrú, Egilsstöðum

Sigríður Margrét Guðmundsd.
forstöðumaður Landnámsseturs, Borgarnesi

Sigríður Thorlacius
Söngkona, Reykjavík

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
skólameistari og íþróttalýsandi, Laugum, Þingeyjarsveit

Sigurður Guðmundsson
myndlistarmaður, Djúpavogi/Kína

Sigursteinn Másson,
fjölmiðlamaður, Kópavogi

Steingrímur Viktorsson
hestamaður, Hveragerði

Svanhildur Jónsdóttir
bóndi, Flatey á Breiðafirði

Svavar Benediktsson
sagnfræðingur, Hafnarfirði

Svavar Hrafn Svavarsson
prófessor við HÍ, Reykjavík

Sverrir Kristjánsson
kvikmyndaklippari, Noregi

Thor Aspelund
prófessor, Reykjavík

Una Schram
tónlistarkona, Reykjavík

Úlfar Þormóðsson
rithöfundur, Reykjavík

Vigdís Jakobsdóttir
listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, Reykjavík

Vilhelm Anton Jónsson
tónlistarmaður og rithöfundur, Reykjavík

Þorgrímur Þráinsson
rithöfundur, Reykjavík

Þorvaldur Víðisson
prestur, Kópavogi

Þorsteinn V. Gunnarsson
fyrrv. rektor Háskólans á Akureyri, Garðabæ

Þór Vigfússon
myndlistarmaður, Djúpavogi

Þóra Hallgrímsdóttir
lögfræðingur, Reykjavík

Þórey Edda Elísdóttir
verkfræðingur, Hvammstanga

Þórunn Sigurðardóttir
leikstjóri, Kópavogi

Þröstur Brynjarsson
kennari, Reykjavík

Forsætisráðuneytið óskar eftir **tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar** fyrir árið 2021.

Viðurkenningu geta hlotið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, hópar eða félagasamtök, sem á einn eða annan hátt hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði kynjajafnréttismála.

Skipuð hefur verið sérstök valnefnd í samræmi við 2. málsl. 4. mgr. 24. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, sem velur úr innsendum tilnefningum.

Tilnefningum skal skila rafrænt eigi síðar en 10. október 2021 til forsætisráðuneytisins á netfangið for@for.is. Rökstuðningur vegna tilnefningar skal fylgja með.

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

AÐALFUNDUR

Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins

Aðalfundur Hollvinasamtaka v.s. Óðins verður haldinn miðvikudaginn 6. október næstkomandi. Fundurinn verður um borð í Óðni sem nú liggur við Síldarbryggjuna, Grandagarði (næst togarabryggju Brims) og hefst klukkan 16:00.

Fundarefni:
• Venjuleg aðalfundarstörf, lagabreytingar.

Hollvinir varðskipsins Óðins hafa með samstilltu átaki bjargað þessu merkilega skipi, gert það að lifandi safni um baráttu okkar í þorskastríðunum og helsta djásni Sjóminjasafnsins.

Hollvinir, fjölmennið á fundinn.
Nýir félagar velkomnir.

Stjórn Hollvinasamtaka Óðins

Vettvangur atburða nóttina sem morðið var framið

Sönnunargögn og frásagnir fjörutíu vitna dregin saman

Fjögur eru ákærð í tengslum við Rauðagerðismálið svokallaða, en farið var um víðan völl við skýrslutökur í síðustu viku, meðal annars hvar allir voru daginn örlagaríka. Einn hefur játað sök og segist hafa verið einn að verki, en þrjú eru ákærð fyrir samverknað.

fanndis@frettabladid.is

DÓMSMÁL Málflutningur í Rauðagerðismálinu svokallaða fer fram í dag en skýrslutökum í málinu lauk í síðustu viku, þar sem skýrslur voru teknar af 40 manns á fjórum dögum.

Fjögur eru ákærð í málinu og hefur eitt þeirra, Angjelin Sterkaj, játað að hafa skotið Armando Beqirai til bana fyrir utan heimili hins síðarnefnda í Rauðagerði skömmu fyrir miðnætti laugardagskvöldið 13. febrúar.

Claudia Sofia Coelho Carvahlo, Murat Selivrada, og Shpetim Qerimi eru síðan ákærð fyrir samverknað, en þau hafa neitað sök. Farið var um víðan völl við skýrslutökur í síðustu viku en þar kom fram frá ýmsum sjónarhornum hvað gerðist daginn sem Armando var myrtur.

Angjelin kom til Reykjavíkur á laugardeginum úr sumarbústað, en dagana þar áður höfðu hótanir gengið á víxl milli hans og Armando.

Um kvöldið hitti Angjelin bæði Shpetim og Murat, þar sem Claudia sá að mestu leyti um að skutla á milli, en þeir voru meðal annars að ræða um byggingarverkefni í Borgargerði, sem Shpetim og Murat fóru að skoða.

Þar á eftir fór Angjelin ásamt Claudiu aftur heim til sín. Bæði sögðust þau hafa séð grunsamlega einstaklinga fyrir utan og fyrir dómi sögðu þau líklega hafa verið um að ræða vini Armando, en vinir sem gáfu skýrslu neituðu því alfarið.

Angjelin sagðist í kjölfarið hafa ákveðið að fara einn að hitta Armando í von um að ná sáttum, þar sem hann óttaðist að hann yrði drepinn ef vinir Armando væru með í för.

Claudia fékk þau fyrirmæli frá Angjelin að fylgjast með bíl í eigu Armando við Rauðarárstíg, þar sem Armando var oft, og átti hún að senda fyrir fram ákveðin skilaboð þegar einhver hreyfing yrði á bílnum. Murat er sagður hafa sýnt Claudiu bílinn, en sjálfur neitar hann því alfarið.

Eftir nokkurn tíma bað Angjelin Claudiu um að fylgjast með öðrum bíl í eigu Armando en Claudia sagðist ekki hafa spurt hvers vegna hún ætti að fylgjast með bílunum.

Fyrir og eftir vinnu um kvöldið hafði Armando komið við á Rauðarárstíg. Um korter í tólf um kvöldið lagði Armando af stað heim og sendi Claudia þá skilaboðin.

Angjelin hafði þá beðið Shpetim um að koma með sér í sumarbústað en fyrst stoppuðu þeir í Rauðagerði. Armando kom heim skömmu fyrir miðnætti en Angjelin beið þá við heimili hans og skaut hann til bana.

Shpetim fór síðan með Angjelin af vettvangi, en að hans sögn vissi hann ekki hvað hafði gerst. Á leiðinni í bústaðinn stoppuðu þeir í Kollafirði þar sem Angjelin fleygði skotvopninu í sjóinn.

Líkt og áður segir er Angjelin sá eini sem hefur játað í málinu og hefur hann þvertekið fyrir það að hin meðákærðu hafi vitað af morðinu. Öll eru þau hvert með sinn verjandann og því má gera ráð fyrir að málflutningur muni taka nokkurn tíma. ■

Atburðarásin í Rauðagerði

23.44 Billinn sem Angjelin og Shpetim voru á sést á Sogavegi.
23.45 Armando fer frá Rauðarárstíg og Claudia sendir Angjelin skilaboð.
23.51 Armando sést í myndavélum koma að heimili sínu og keyra inn í bílskúr þar sem hreyfiskynjaraljós kviknar.
23.55 Bíll Angjelin og Shpetim sést við hús Armando.
23.56 Ljós við bílskúrinn kviknar aftur og var Armando þar líklega á leiðinni út úr bílskúrnum áður en hann var skotinn.
23.57 Bíll Angjelin og Shpetim sést á Sogavegi.

Merkel fordæmir sóttvarnamorð

thorgrimur@frettabladid.is

ÞÝSKALAND „Þetta er ofbeldisverk sem gerir mann orðlausan," sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari í gær, um morð á bensínstöð í Rínarlandi-Pfalz um helgina.

Um var að ræða morð á tvítugum afgreiðslumanni bensínstöðvar í bænum Idar-Oberstein. Hann var myrtur á laugardaginn eftir rifrildi við viðskiptavin, sem neitaði að fara eftir grímuskyldu sem var viðhöfð inni á stöðinni. Morðinginn, þjóðverji á fimmtugsaldri, gaf sig fram daginn eftir og játaði á sig sök.

Angela Merkel Þýskalandskanslari

„Þýska ríkisstjórnin fordæmir morðið af öllu afli," sagði Ulrike Demmer, talskona kanslarans. „Við hörmum dauða þessa unga manns sem var skotinn til bana á hrottalegan hátt."

Morðið er talið hið fyrsta í Þýskalandi sem rakið er til andstöðu við sóttvarnaaðgerðir yfirvalda. Querdenken-mótmælahreyfingin hefur beitt sér gegn sóttvarnaaðgerðunum frá því í fyrra en þýska innanríkisráðuneytið telur ekki að morðið tengist stærri hreyfingu. Þó taldi talsmaður ráðuneytisins morðið merki um auknar öfgar í viðspyrnu gegn sóttvarnaaðgerðunum. ■



20% afsláttur af öllum Elizabeth Arden
vörum dagana 23.-29. september

HAGKAUP
Snyrtivara

Flokkarnir setja nýsköpun á oddinn

Stjórnarflokkarnir segja að mikið hafi verið gert á kjörtímabilinu til að efla nýsköpun. Stjórnarandstaðan er þeirrar skoðunar að ekki hafi verið nóg að gert.

magdalena@frettabladid.is

Ýmislegt er hægt að gera til að efla nýsköpun og hafa flokkarnir lagt fram sínar áherslur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Stjórnmálaflokkarnir hafa fjölbreytt áhersluatriði í nýsköpunarmálum. Núverandi stjórnarflokkar leggja áherslu á að tekið verði tillit til loftslagsmála og eflingar nýsköpunar á landsbyggðinni. Þá vilja nokkrir stjórnarandstöðuflokkar meiri fyrirsjáanleika og einfaldara skattaumhverfi. Markaðurinn sendi fyrirspurnir til flokkanna og bað þá um að lýsa nýsköpunarstefnu sinni.

Í svari Vinstri grænna við fyrirspurn Markaðarins segir að þau vilji leggja áherslu á grænar fjárfestingar og loftslagsvæna nýsköpun. Jafnframt er tekið fram að mikið hafi áunnist í þessum málaflokki á kjörtímabilinu og að framlög á fjárlögum til nýsköpunar og rannsókna hafi aukist um ríflega 130 prósent á kjörtímabilinu.

„Vinstri-græn vilja framlengja endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar og auka enn frekar við stuðning við Rannsóknasjóð og Tækniþróunarsjóð. Vinstri græn líta á skapandi greinar sem mikilvægan hluta þessa umhverfis og vilja gera fjölgun listamannalauna varanlega og hækka upphæð þeirra. Halda þarf áfram á þeirri braut að framlög til nýsköpunar nái að minnsta kosti 3 prósentum af vergri landsframleiðslu árlega," segir í svarinu.

Þá segir jafnframt að flokkurinn vilji skoða að lögfesta skyldur lífeyrissjóða og fjármálastofnana um að fjárfestingar þeirra verði metnar út frá loftslagsáhrifum og samfélagslegum áhrifum. Einnig er tekið fram að veita þurfi svigrúm fyrir nýsköpun þegar kemur að almannaþjónustu og að sérstök áhersla verði lögð á að styðja við nýsköpun í heilbrigðiskerfinu og velferðarþjónustu á næstu árum.

Vinstri græn vilja aukinheldur tryggja að fjármagni til nýsköpunar sé dreift með sanngjörnum hætti milli landshluta og að aðgengi hópa og kynja til nýsköpunar skuli eflt með markvissum aðgerðum.

Sjálfstæðisflokkurinn undirstrikar að margt gott hafi verið gert í þessum málaflokki á kjörtímabilinu og nefnir meðal annars þróun og innleiðingu nýsköpunarstefnu og stofnun Kríu, sem er hvatasjóður vísisfjárfestinga.

Það er markmið Sjálfstæðisflokksins að halda áfram innleiðingu nýsköpunarstefnunnar, en í henni felst meðal annars að beina fjármagni til rannsókna og frumkvöðla, fremur en í umsýslu og yfirbyggingu. Í nýsköpunarstefnunni felst meðal annars að koma á fót sérstöku nýsköpunar- og frumkvöðlaráði og auk þess stuðla að því að almenningur hafi skattalega hvata til að fjárfesta í skráðum nýsköpunarfyrirtækjum eða taka þátt í sjóðum sem fjárfesta í nýsköpun.

Þá vill flokkurinn jafnframt leggja áherslu á þekkingu og færni í skólakerfinu sem líkleg er til að nýtast í framtíðinni svo sem STEM-greinar, hönnunar, tungumála og verklega þekkingu.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 og bætt skattaumhverfi nýsköpunarfyrirtækja. Flokkurinn vill einnig styðja við atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á landsbyggðinni. Í svari Framsóknar segir jafnframt að flokkurinn vilji stórefla nýsköpun í matvælaframleiðslu og landnýtingu.

„Stefna ber að því að öll landnýting og ræktun sé sjálfbær og stuðningur hins opinbera þarf í meira mæli að beinast að því að efla fjölbreytta ræktun og landnýtingu, þar með talið kolefnisbindingu. Efla þarf vetnisframleiðslu en eftirspurn eftir framleiðslu úr grænni orku og hreinu vatni fer hraðvaxandi um allan heim. Framsókn vill því nýta tækifæri til útflutnings á orkuþekkingu og orku í formi rafeldsneytis."

Píratar vilja auka stuðning við uppbyggingu þróunarsetra og einfalda skattaumhverfi nýsköpunar og rekstur fyrirtækja. „Það yrði til dæmis gert með því að skilgreina nýtt fyrirtækjaform, frumkvöðlafélög, sem er skilvirkara og hagkvæmara að stofna og reka en einkahlutafélög. Þörf yrði þá á að hafa skýra leið til þess að umbreyta frumkvöðlafélögum í hlutafélög þegar þau vaxa," segir í svari við fyrirspurn blaðsins. Flokkurinn tekur jafnframt fram að hann vilji tryggja fjölbreytta nýsköpun og stafræn umbylting verði sett á oddinn innan alþjóðlega geirans.

Viðreisn dró sína nýsköpunarstefnu saman í þrjú lykilorð: stöðugleika, fyrirsjáanleika og úthald. Segir í svari flokksins við fyrirspurn Markaðarins að í því felist stöðugt gengi, lágir vextir og lág verðbólga. Einnig að stuðningskerfi á borð við endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar og ýmis framlög og styrkir verði ákveðnir, til að minnsta kosti tíu ára í senn. Auk þess að trúa á og vinna að langtímasýn og fylgja henni eftir þó að illa ári.

Sósíalistaflokkurinn telur að núverandi nýsköpunarstefna gangi út á eftirlitslausar endurgreiðslur til atvinnulífsins, sem muni ekki endilega leiða til nýsköpunar og til að vinda ofan af því vill flokkurinn aukna aðkomu ríkisins. Í svari flokksins við fyrirspurn Markaðarins segir: „Menntastefnan okkar tæpir á nokkrum öðrum atriðum sem ýta undir nýsköpun. Þar má nefna öflugra námsstyrkjakerfi og virkjun rannsókna-, vísinda-, og fræðaumhverfisins."

Ekki bárust svör frá Samfylkingunni, Flokki fólksins eða Miðflokknum. ■

Skattfrádráttur
rannsókna- og þróunarverkefna

Umsóknarfrestur er til og með 1. október

Nýsköpunarfyrirtæki, sem eru eigendur að rannsókna- og þróunarverkefnum og hlotið hafa staðfestingu Rannís, eiga samkvæmt lögum rétt á frádrætti gegnum skattkerfið.

Stuðningur við verkefni getur numið allt að 35% af útlögðum kostnaði í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja, en 25% í tilviki stórra fyrirtækja.*

*skattárin 2020 og 2021 (til endurgreiðslu 2021 og 2022)



Nánari upplýsingar

rannís
rannis.is

Förum á mis við tækifæri

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að þegar kemur að áherslum stjórnvalda í málefnum nýsköpunar sé þrennt sem skipti mestu máli. „Í fyrsta lagi þurfa þær aðgerðir sem ráðist var í vegna Covid-19 heimsfaraldursins, svo sem þegar hvatar vegna rannsókna og þróunar voru hækkaðir, bæði hlutfall og þak, að vera gerðar ótímabundnar," segir hann og bætir við að um sé að ræða fjárfestingu í framtíðartekjum en ekki eyðslu.

Auk þess nefnir hann að mikilvægt sé að sérstakur ráðherra iðnaðar, nýsköpunar og erlendra fjárfestinga þurfi að sjá um málaflokkinn. „Þessi mál hafa ekki haft þann sess sem þau þurfa að fá til að það sé hægt að sækja öll þau tækifæri sem við stöndum frammi fyrir."

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Hann bætir við að þriðja atriðið sem skipti miklu máli snúi að mannauði. „Skortur á sérfræðiþekkingu hér á landi á ýmsum sviðum hefur reynst hindrun í vexti fyrirtækja í hugverkaiðnaði. Tvennt þarf að koma til samtímis til að greiða úr þessum vanda. Annars vegar að breyta áherslum í menntakerfinu þannig að fleiri útskrifist úr tækni- og raungreinum, en einnig þarf að liðka verulega fyrir ráðningu sérfræðinga hingað til lands."

Hofgarðar hagnast um 420 milljónir

helgivifill@frettabladid.is

Hagnaður Hofgarða, félags í eigu Helga Magnússonar, nam 420 milljónum króna árið 2020. Hofgarðar eru hluthafi í Torgi sem gefur út Fréttablaðið. Helgi er formaður stjórnar Torgs.

Hofgarðar hafa fjárfest í skráðum og óskráðum verðbréfum hér á landi og erlendis. Afkoman af þessum viðskiptum hefur verið sveiflukennd. Árið 2018 nam hagnaður félagsins 180 milljónum króna,

Helgi Magnússon, stjórnarformaður Torgs

hagnaður var rúmar 900 milljónir árið 2019 og 420 milljónir króna í fyrra. Bókfærð eiginfjárstaða félagsins var um þrír milljarðar króna í árslok 2020. ■

Nýjar íbúðir til sölu

Yfir 200 íbúðir seldar í 201 Smára

Engan þarf að undra að 201 Smári sé orðinn nýtt heimili fjölmargra einstaklinga á svo skömmum tíma því íbúðirnar eru ríkulega búnar snjalllausnum og þægindum.

Nú bætast við 84 íbúðir til sölu við Sunnusmára 2–6, fjölbreyttar eignir af öllum stærðum og gerðum fyrir einstaklinga eða fjölskyldur með mismunandi þarfir. Til afhendingar 2022.

201 SMÁRI

Sala íbúða hefst
24.–26. september
Nánar á www.201.is

LIND FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6
201 Kópavogur
sími 510 7900
201@fastlind.is

Miklaborg fasteignasala
Lágmúla 4, 108 Reykjavík
miklaborg@miklaborg.is
5697000

MIKLABORG

KLASI

Steinsholtsjökull hefur hörfað mikið á sl. áratugum og jökullónið við sporð hans stækkað. Fyrir miðri mynd er Innstihaus, en úr honum brotnaði 900 m bergspilda veturinn 1967. MYND/TG

Milli steins og sleggju

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Þótt Eyjafjallajökull sé sjötti stærsti jökull landsins og næstum 80 ferkílómetrar að stærð, þá renna aðeins frá honum tveir skriðjöklar, Gígjökull og Steinsholtsjökull. Undir jökulhettunni er eldkeila sem gosið hefur fjórum sinnum frá landnámi, 920, 1612, 1821 og síðast 14. apríl 2010 í frægu gosi sem næstum eyddi Gígjökli. Steinsholtsjökull, sem er næsti nágranni Gígjökuls, má einnig muna sinn fífil fegurri vegna loftslagshlýnunar. Hann felur sig á bak við voldugan jökulgarð og sést því ekki frá veginum inn í Þórsmörk, en þegar nær jöklinum er komið sést hversu stórbrotinn hann er. Steinsholtsjökull tengist einu mesta berghruni sem orðið hefur á Íslandi frá landnámi, en aðeins það í Öskju sumarið 2014 var stærra. Um hádegisbil 15. janúar 1967 losnaði rúmlega 900 metra löng bergspilda úr fjallinu Innstahaus (720 m), en bændur höfðu um nokkurt skeið tekið eftir stækkandi sprungu í bergstálinu. Eftir miklar rigningar opnaðist sprungan og 40 milljónir tonna af bergi steyptust mörg hundruð metra niður á skriðjökulinn. Um leið köstuðust feiknastór björg og jökulís yfir lón við jökulsporðinn, sem kom af stað gríðarlegri flóðbylgju. Barst hún með látum eftir endilöngum Steinsholtsdal að aurum Krossár og þaðan áfram 40 kílómetra leið að ósum Markarfljóts. Þegar ekið er inn í Þórsmörk yfir vaðið á Steinsholtsá sést hversu stór björgin voru, en mörg eru nokkrar mannshæðir og allt að 200 tonn að þyngd. Sem betur fer voru engir á ferð í Þórsmörk þennan vetrardag, en bændur sáu þó til flóðsins auk þess sem hamfaranna varð víða vart á jarðskjálftamælum.

Ganga inn að Steinsholtsjökli er frábær skemmtun og tekur tæpa klukkustund hvora leið. Bílum er lagt við Fagraskóg, handan vaðsins á Steinsholtsá, en það getur verið varasamt í rigningu. Gróður í dalnum er afar gróskumikill og birki og mosi áberandi. Mikilvægt er að fylgja göngustígum og þræða gamla árfarvegi til að hlífa viðkvæmum mosanum. Innar í dalnum er þyrping risastórra sandhóla sem bárust með bergskriðunni og eru flestir þeirra grónir frá toppi til táar. Einnig má sjá jökulker sem mynduðust þegar jökulís úr flóðinu bráðnaði og skildi eftir stórar dældir í sandinum. Athyglinni stelur þó snarbrattur Steinsholtsjökull en frá 1967 hefur hann hörfað um rúman kílómetra. Því má segja að hann hafi lent á milli steina berghruns og sleggju hamfarahlýnunar. ■



Steinsholtsdalur er afar gróinn og skartar dulúðlegu landslagi. MYND/ KÁRI HEIÐDAL

Risabjarg neðst í Steinsholtsdal sem barst með flóðbylgjunni 1967. MYND/ TG

Er þetta **eðlilegt?**

Hreinn hagnaður útgerða á Íslandi á árunum 2009 – 2019 var **219 milljarðar.***
Samt segjast útgerðarmenn ekki hafa efni á því að greiða sama hlutfall í lífeyrissjóð fyrir sjómenn eins og allt annað launafólk í landinu.

Sjómenn - hvernig breytum við þessu?



*Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands

Sjómenn hafa nú verið samningslausir í 21 mánuð.

Meginkrafa okkar er að sama hlutfall verði greitt í lífeyrissjóð fyrir okkur og annað launafólk í landinu.
Á þetta vilja útgerðarmenn ekki fallast, þrátt fyrir að hreinn hagnaður fyrirtækja þeirra
hafi verið rúmlega **219 milljarðar á árunum 2009 – 2019.**

Er nema von að við spyrjum - er þetta eðlilegt?

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Sjómannafélag Íslands

E-flokkurinn

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Ef að líkum lætur fer E-flokkurinn með sigur af hólmi í alþingiskosningunum að þessu sinni, eins og raunar endranær. Hann lætur þó ekki mikið fyrir sér fara, frekar en fyrri árin, en árangurinn skilar sér samt sem áður í völdum og leiðarstefi í lykilstofnunum landsins.

Þannig hefur þetta verið um áratugaskeið.

E-flokkurinn býður sig raunar aldrei fram. Hann þarf þess ekki. En vinnur alltaf. Það er raunin þegar upp er staðið. Hann fer með völdin, kann vel við sig með völdin, finnur til sín með völdin – og sleppir þeim ekki.

Fullu nafni heitir hann Embættismannaflokkur Íslands – og hafi Hákot þótt stórt nafn, er E-flokkurinn hástigið í því líflega lýsingarorði.

En ofsagt væri að hann stæli völdum að afloknum hverjum kosningum, flokkurinn sá arna sem er ekki einu sinni í framboði, en hann fær þau bara upp í hendurnar af því að löglega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, sem veljast reglulega á löggjafarsamkundu þjóðarinnar, hafa ekki sömu völdin og æviráðnir embættismenn.

Þingmenn koma og fara. Embættismenn sitja þá af sér. Það er meginreglan í íslensku kerfi sem kennt er við lýðræði, en er í raun og veru stofnræði.

Í aðdraganda kjördags í nokkuð þroskuðu lýðræðisríki er umhugsunarefni hvað alþingismenn á Íslandi hafa lítil völd. Þeir sitja í nefndum. Og sitja þar sem fastast. Raunar eins og þeim sé haldið þar föstum. Oftar en ekki af embættismönnum. Akkúrat þeim mönnum sem segja fulltrúum fólksins í landinu hvernig kaupin gerast í kerfinu.

Sömu mennirnir eru fóðrið í frumvörp framkvæmdavaldsins sem renna í gegnum alþingi, áreynslulaust, eins og stimpilpúði fyrir stofnanaveldi landsins.

Og þannig líður kjörtímabilið. Hvert kjörtímabilið af öðru. Þingmenn koma. Þingmenn fara. En eftir situr raunverulega valdið í reykvískri bírókratíu sem hagar málum að hentisemi sinni, án nokkurs einasta umboðs frá þjóðinni.

Í Bandaríkjunum er embættismannakerfið eins og það leggur sig hreinsað út við valdaskipti í Hvíta húsinu. Og ekki er það ósvipað í Bretlandi. Í Þýskalandi er vald nýrrar stjórnar svo áþreifanlegt að embættismennirnir taka skipunum. Ekki er það ósvipað á Norðurlöndunum.

Nema á Íslandi.

Þar eru ráðuneytin valdameiri en ráðherrann. Oft og tíðum. Og fyrir vikið breytist minna en meira, enda þótt ráðherrann mæti ferskur til leiks.

Á Íslandi verður stofnræði að víkja fyrir lýðræði. ■

> E-flokkurinn býður sig raunar aldrei fram. Hann þarf þess ekki. En vinnur alltaf.

Halldór

Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Help!
Frambjóðendur gera allt fyrir athyglina, nema kannski koma naktir fram, á endaspretti kosningabaráttunnar og þegar einn frambjóðenda er búinn að graðga í sig hrátt nautahakk er þó erfitt að vita í hvaða átt skal halda. Samfylkingarfólkið Þórunn Sveinbjarnardóttir, Logi Einarsson, Heiða Björg Hilmisdóttir og Guðmundur Andri Thorsson náðust þó á mynd þar sem þau arka í suður, á móti Bítlunum, yfir gangbraut í Kópavogi í tilbrigði við kunnuglegt stef á sögulegu umslagi plötunnar Abbey Road og sýnist sitt hverjum.

Sigmundur á leik
Bítlarnir, með John Lennon í stað Þórunnar, gengu í austur eins og Jón Óskar, myndlistarmaður og frambjóðandi Sósíalista, bendir á þegar hann segir á Facebook að þetta viti allir nema Samfylkingin. „Þessi leikaraskapur er að drepa mig! Bjánabítlar sem vita ekki í hvaða átt skal halda," segir aðdáandi Ringo Starr númer eitt á Íslandi og vekur fjörugar umræður þar sem Gunnar Hrafn Jónsson bendir á að maðurinn með hakkið hljóti að eiga næsta leik: „Nú bíð ég bara eftir því að Sigmundur Davíð leiki eftir Nirvana plötuumslagið fræga," segir hann með vísan í umdeilda mynd af nöktu sveinbarni kafa eftir dollaraseðli. ■

Við erum rétt að byrja!

Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra og skipar 1. sæti á lista Framsóknar í Reykjavík norður

Á líðandi kjörtímabili lagði ég áherslu á málefni barna. Verkefnið var umfangsmikið og er sennilega mesta breyting sem gerð hefur verið á umhverfi barna á Íslandi í áratugi.

Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna taka gildi næstkomandi áramót og fela það í sér að barnið verður hjartað í kerfinu. Það þýðir að þjónustan kemur til barnsins, og fjölskyldu þess, en að barnið þurfi ekki að fara og nálgast þjónustuna. Þjónusta við börn hefur að margra mati verið völundarhús að rata um, en með þessum nýju lögum breytist það.

Barnamál 2.0
Þessi lög og þessi nýja nálgun í málefnum barna eru þó aðeins grunnurinn að húsinu sem við erum að byggja.

Ofan á þessi lög þurfa að koma fleiri úrræði þannig að við þjónum hagsmunum barna og fjölskyldna sem best. Þetta hef ég kallað Barnamál 2.0 og er næsta skref í breytingunum í málefnum barna.

Þar er brýnast að takast á við þann vanda að börn bíða alltof lengi eftir þjónustu í mörgum tilfellum. Til að takast á við það ætlum við að bjóða börnum upp á þjónustutryggingu. Í henni felst að eyða biðlistum fyrir börn með þeim hætti að ef kerfið getur ekki veitt viðeigandi þjónustu innan skynsamlegs biðtíma, þá mun ríkið fjármagna þjónustu veitta af hálfu einkaaðila.

Fjárfestum í fólki
Verkefnið á næsta kjörtímabili er að klára þessa stóru kerfisbreytingu. Ég brenn fyrir málefnum barna og mun leggja allt undir til þess að láta það verða að veruleika. Við erum rétt að byrja, en við höfum varðað leiðina og ég þarf þinn stuðning til þess að komast á leiðarenda.

Málefni barna eru gríðarlega mikilvæg fyrir okkur öll og mig langar ekkert frekar en að klára verkefnið á næsta kjörtímabili.

Fjárfestum í fólki og setjum X við B á laugardaginn. ■

> Við erum rétt að byrja, en við höfum varðað leiðina og ég þarf þinn stuðning til þess að komast á leiðarenda.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Gamalt heimsmet endurheimt

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Í síðustu viku endurheimti Ísland gamalt heimsmet. Hlutabréfavísitalan hafði þá á tólf mánuðum hækkað meira en á nokkru öðru byggðu bóli í veröldinni.

Það gerðist síðast fyrir hrun og þótti þá merki um efnahagsundur. Nú fara flestir hjá sér.

Lágir vextir og innspýting stjórnvalda hafa víðast hvar leitt til þess að hlutabréf hafa hækkað í verði. En Ísland hækkar mest og tvöfalt meira en önnur Norðurlönd.

Hér er óstöðugleiki

Þetta stafar ekki af því að vöxturinn í þjóðarbúskapnum hafi farið hraðar af stað eftir faraldurinn en annars staðar. Þvert á móti. Ísland er heldur á eftir öðrum þjóðum í Evrópu. Við förum hægar í að skapa verðmæti á ný, en hraðar í að keyra verðmæti fyrirtækjanna upp.

Endurheimt þessa gamla heimsmets er þó ekki vísbending um annað bankahrun. En það sýnir tvennt: Verulegan efnahagslegan óstöðugleika og froðumyndun. Það er alvarleg staða, sem kallar á alvarlega pólitík.

Við þetta bætist að verðbólgan er á tvöföldum þeim hraða, sem stjórnvöld hafa sett sem viðmið. Með öðrum orðum: Hér er ekki stöðugleiki. Það markmið náðist ekki. Halli á fjárlögum var til að mynda orðinn umtalsverður fyrir faraldurinn.

Fast viðvörunarskot

Þeir forystumenn ríkisstjórnarflokkanna þriggja og atvinnulífsins, sem halda því fram að kosningarnar gangi út á það að varðveita stöðugleika, hafa allt aðrar hugmyndir um hvað stöðugleiki er en ríkisstjórnir og forystumenn atvinnulífs í samkeppnislöndunum.

Meiri óstöðugleiki hér þýðir að íslensk fyrirtæki hafa veikari samkeppnisstöðu. Þetta lagast ekki með því að halda því fram að úfinn sjór sé sléttur og vextir lækki þegar þeir hækka.

Í síðustu viku sendi seðlabankastjóri fast viðvörunarskot inn í kosningabaráttuna. Frekari lausatök á ríkisfjármálum munu leiða til enn meiri vaxtahækkana en orðið hafa og eru fyrirsjáanlegar. Þær bíta nú þegar í fyrirtækin og höggva í fjárhag heimilanna.

Kostnaðurinn lendir á ungum barnafjölskyldum

Seðlabankastjóri er einfaldlega að segja: Loforð um stóraukin útgjöld og skattalækkanir þurfa kjósendur að borga með vaxtahækkunum.

Kostnaðurinn lendir með mestum þunga á herðum ungra barnafjölskyldna, sem nú þegar finna fyrir aukinni vaxtabyrði af húsnæðislánum. Og hann veikir viðnámsþrótt atvinnulífsins.

Ný ríkisstjórn getur ekki varðveitt stöðugleika, sem ekki er. Hún þarf að koma á stöðugleika. Takist það ekki er eins víst að misbrestur verði á framkvæmd mikilvægra áforma í loftslagsmálum og endurskipulagning heilbrigðiskerfisins lendi á biðlista enn eitt kjörtímabilið.

Sérstaða VG og Viðreisnar

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarflokkanna til næstu fimm ára er sannarlega götótt. En hún er þó það sem pólitíkin kemst næst þokkalegri ábyrgð á kosningaári.

Framsókn hóf kosningabaráttuna með því að blása fjármálaáætlunina út af borðinu. En Sjálfstæðisflokkurinn gerði svo skattalækkanir án samsvarandi niðurskurðar að forgangsmáli, þegar halla tók undan fæti í skoðanakönnunum fyrir stuttu.

Staðfestuleysi af þessu tagi er himinhrópandi, þegar jafnvel breski Íhaldsflokkurinn telur óhjákvæmilegt að stórhækka skatta við aðstæður sem þessar.

VG hefur sýnt meiri ábyrgð. Þau hafa teygt á ramma fjármálaáætlunarinnar en ekki sett hann til hliðar. Viðreisn er svo eini stjórnarandstöðuflokkurinn, sem ekki hyggst auka útgjöld með lántökum og talar gegn skattahækkunum.

Grafið undan samkeppnisstöðu Íslands

Ógætileg lækkun skatta og aukin útgjöld leiða til enn meiri vaxtahækkana. Þær ýta svo áfram upp gengi krónunnar, sem hefur hækkað að undanförnu.

Sú hækkun er studd af erlendum lántökum ríkissjóðs. Hún byggist ekki á aukinni framleiðni. Eins var þetta fyrir hrun. Þá fóru erlendar lántökur í gegnum bankana. Nú fara þær í gegnum ríkissjóð. En gengisáhrifin eru þau sömu.

Gengishækkun getur dregið tímabundið úr verðbólgu, en veikir samkeppnishæfni útflutningsatvinnuveganna.

Ríkisstjórnin segir að allt velti á vexti ferðaþjónustu og þekkingariðnaðar. En hún situr svo með hendur í skauti þegar hækkun á gengi krónunnar grefur undan möguleikum þessara greina til öflugrar viðspyrnu. Það er ekki traustvekjandi.

Stöðugur gjaldmiðill mun kalla á mikla ábyrgð stjórnmálaflokka. En hann myndi auðvelda okkur að verja velferðarkerfið og tryggja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. ■

Tryggjum framtíð okkar nánustu.

Líf- og sjúkdómatrygging kostar minna en þú heldur.

Við veitum ráðgjöf á sjova.is/lifogsjuk.

Ákvarðanir fyrir framtíðina

Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra og formaður Vinstri grænna

Kosningarnar fram undan eru á tímamótum í íslensku samfélagi. Saman höfum við undanfarin misseri tekist á við heimsfaraldur kórónuveiru með góðum árangri. Að sama skapi hafa efnahagslegar og félagslegar aðgerðir stjórnvalda skilað sér í því að íslenskt samfélag spyrnir nú við af krafti þegar lífið færist smám saman í eðlilegra horf.

Í kosningunum á laugardag hafa kjósendur skýrt val um það hvaða sjónarmið verða höfð að leiðarljósi í uppbyggingunni fram undan. Sýn okkar Vinstri-grænna um það hvað skuli setja í forgang er skýr. Hún er að atvinnuuppbygging á Íslandi verði græn og fjölbreytt, að almannaþjónustan og félagslegir innviðir verði áfram efldir og að við tökum forystu í aðgerðum gegn loftslagsvánni.

Græn og spennandi framtíðarstörf

Í fyrsta lagi eigum við að halda áfram á þeirri braut að styðja við grunnrannsóknir, nýsköpun og skapandi greinar. Hugverkaiðnaðurinn er mikilvægur vaxtarsproti og stendur nú undir um 16% af okkar útflutningstekjum. Það segir þó ekki alla söguna því þessi áhersla skilar sér í aukinni verðmætasköpun í öllum greinum: matvælaframleiðslu, iðnaði og ferðaþjónustu. Þarna eru tækifæri til að skapa ný og spennandi framtíðarstörf og við verðum að nýta þau.

Forysta í loftslagsaðgerðum

Í öðru lagi á að ýta undir atvinnuuppbyggingu sem stuðlar að grænum störfum, störfum sem styðja beinlínis við markmið okkar í loftslagsmálum. Ísland hefur staðið sig vel í náttúrulegum lausnum í kolefnisbindingu, til dæmis landgræðslu, og núna er það íslenskt hugvit sem er á bak við tæknina sem dælir kolefni í berg og bindur þannig að það umbreytist í berg. Grænar lausnir eru mikilvægur þáttur í baráttunni við loftslagsvána en þeim samhliða þurfum við að gera betur í samdrætti í losun. Vinstri-græn setja fram sjálfstætt markmið um 60% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, að Ísland verði kolefnislaust eigi síðar en 2040 og óháð jarðefnaeldsneyti eigi síðar en 2045. Ísland getur tekið forystu í þessum málum og á að gera það.

Betri lífskjör fyrir okkur öll

Í þriðja lagi skiptir máli að félagsleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi við uppbygginguna. Þær áherslur Vinstri-grænna voru skýrar á kjörtímabilinu og skiluðu meðal annars lengingu fæðingarorlofs, hækkun atvinnuleysisbóta, virkum vinnumarkaðsaðgerðum, hækkun barnabóta og þrepaskiptu skattkerfi sem dreifir skattbyrðinni með réttlátari hætti. Allt hefur þetta haft þau áhrif að á kjörtímabilinu hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist. Sem dæmi má nefna að hjá pari með lægstu laun með tvö börn að meðtöldum barnabótum hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um tæp 12% á kjörtímabilinu.

Við Vinstri-græn leggjum áherslu á að byggja áfram upp almenna íbúðakerfið og hlutdeildarlán en þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa skilað auknu framboði á húsnæðismarkaði og tryggja tekjulágum fjölskyldum öruggt þak yfir höfuðið. Stjórnvöld hafa skyldum að gegna til að tryggja öruggt húsnæði fyrir okkur öll og marka stefnuna um þróun húsnæðismarkaðarins. Áframhaldandi efling barnabótakerfisins er annað mikilvægt mál sem við leggjum áherslu á og þannig léttum við líf barnafjölskyldna í landinu. Þá þarf að hækka grunnframfærslu almannatrygginga og forgangsraða því að bæta kjör þeirra verst settu í þeim hópi. Og við Vinstri-græn viljum taka upp þrepaskiptan fjármagnstekjuskatt sem styrkir jöfnunarhlutverk skattkerfisins og tryggir að fjármagnseigendur leggi sitt af mörkum til samfélagsins eins og venjulegt launafólk.

Efling almannaþjónustu

Að lokum skiptir máli að halda áfram uppbyggingu almannaþjónustunnar. Við Vinstri-græn höfum lagt áherslu á að efla heilbrigðiskerfið og menntakerfið á kjörtímabilinu og það skiptir máli að standa vörð um þann árangur og efla þessar grunnstoðir enn frekar. Menntakerfið er eitt mikilvægasta jöfnunartæki sem við eigum og er um leið undirstaða þess að geta byggt fjölbreyttara atvinnulíf. Við viljum tryggja jöfn tækifæri til náms, til dæmis með því að afnema sérstök skólagjöld í listnámi á háskólastigi og brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Við viljum halda áfram eflingu heilbrigðisþjónustunnar og að draga enn frekar úr kostnaði sjúklinga – enn eitt stórmálið sem snýst um heilsufarslegan jöfnuð.

Hvernig samfélag viljum við?

Samfélag þar sem við tryggjum velsæld okkar allra, þar sem við getum öll notið þeirra tækifæra sem landið hefur upp á að bjóða, samfélag sem tekur forystu í baráttunni gegn loftslagsvánni, samfélag þar sem við byggjum hagsæld okkar á aukinni grænni verðmætasköpun og hugviti: Það er samfélagið sem við Vinstri-græn viljum beita okkur fyrir. ■

> Í kosningunum á laugardag hafa kjósendur skýrt val um það hvaða sjónarmið verða höfð að leiðarljósi í uppbyggingunni fram undan.

Tveir kostir

Bjarni Benediktsson
formaður Sjálfstæðisflokksins

Þrátt fyrir að tíu flokkar séu í framboði er valið merkilega einfalt. Þú þarft ekki að taka kosningapróf til að vita að atkvæði greitt Sjálfstæðisflokknum er atkvæði greitt ábyrgð, stöðugleika og lágum sköttum. Þetta er formúlan að baki þeirri stöðugu aukningu lífsgæða sem við búum nú við.

Á hinn bóginn er hægt að velja úr fjölda flokka sem ætla að kollvarpa þessari stefnu. Boðið er upp á útblásna loforðalista sem fjármagna skal með skuldsetningu komandi kynslóða og skattahækkunum. Til verksins má mynda alls kyns fimm flokka samsetningar sem munu setja allan stöðugleika í uppnám. Valið á laugardaginn er skýrt og mun hafa bein áhrif á okkar daglega líf.

Hærri afborganir

Tugþúsundir Íslendinga njóta þess að afborganir af lánum hafa lækkað eftir endurfjármögnun. Þetta var hægt vegna þess að vextir eru lágir. Það er ekki tilviljun. Útgjaldalistinn sem nú er lofað mun hækka vextina aftur. Afborganirnar hækka með.

Minni kaupmáttur

Íslensk heimili finna að við erum á réttri leið. Það er auðveldara að láta mánaðamótin ganga upp. Fólk fær meira fyrir launin sín, skattarnir hafa lækkað og verðbólgan verið hófleg. Vörugjöldin hafa verið afnumin, verslun er frjálsari, tryggingagjaldið hefur lækkað og álögur á fyrirtæki minnkað. Þetta getur allt breyst hratt ef ný ríkisstjórn setur verðbólguna af stað aftur. Reikningurinn fyrir loforðalistana birtist okkur öllum í hærra vöruverði.

> Það er ekki hægt að senda reikninginn fyrir loforðalistunum frá sér og láta einhvern annan borga.

Skattahækkanir

Við höfum lækkað skatta verulega – mest á þá sem lægst hafa launin. Fyrir vikið hefur fólk meira á milli handanna og fyrirtækjum gengur betur. Nýjum störfum og tækifærum fjölgar. Við ætlum að halda áfram á sömu braut. Þetta mun breytast ef skattahækkanir á einstaklinga og fyrirtæki verða aftur lausn allra vandamála, eins og við munum frá tíð síðustu vinstri stjórnar. Stjórnar sem stóð fyrir á annað hundrað skattahækkunum.

Valið er skýrt

Það er ekki hægt að senda reikninginn fyrir loforðalistunum frá sér og láta einhvern annan borga. Við þurfum öll að borga fyrir ábyrgðarleysi með hærri afborgunum um mánaðamótin, í hærri sköttum á launaseðlinum og í hærra verði á kassanum úti í búð.

Á laugardaginn veljum við milli tveggja kosta: Áframhaldandi stöðugleika eða óvissu um framtíðina. ■

Sögulegt tækifæri

Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Samfylkingin er í sókn um allt land og meðbyrinn áþreifanlegur.

Við höfum rekið okkar baráttu heiðarlega út frá okkar hjartans málefnum, með það að leiðarljósi að lofa einungis því sem við erum viss um að við getum staðið við.

Við leggjum til skýrar og fjármagnaðar aðgerðir til að jafna kjörin í landinu. Við ætlum að styðja betur við barnafjölskyldur með norrænu barnabótakerfi, þannig að einstætt foreldri með tvö börn fengi 900 þúsund á ári, 77 þúsund á mánuði, og hjón á meðallaunum með tvö börn 650 þúsund krónur á ári. Þannig veitum við foreldrum meira andrými og fleiri börnum tækifæri til að blómstra.

Við leggjum áherslu á að leiðrétta kjör eldra fólks og öryrkja. Þetta eru hóparnir sem voru látnir sitja eftir og hafa ekki fengið nægar kjarabætur árum saman. Það gerum við með því að hækka elli- og örorkulífeyri sem og frítekjumörk, án þess að annað skerðist á móti.

Þá ætlum við að hefja kraftmikla sókn í loftslagsmálum, sem jafnast á við stærstu samfélagsverkefni 20. aldar: raflýsingu og hitaveitu, lagningu síma og þjóðvega. Til þess að hrinda þessu í framkvæmd þurfum við nýja nálgun og alvöru aðgerðir strax á öllum sviðum samfélagsins.

Þungamiðja þeirrar ríkisstjórnar sem Samfylkingin ætlar að leiða saman hverfist um þessi atriði: lífskjör venjulegs fólks og loftslagsaðgerðir til framtíðar.

Og við höfum efni á þessu. Með því að leggja hóflegan stóreignaskatt á allra ríkustu Íslendingana, þau sem eiga meira en 200 milljónir í hreina eign. Hækka veiðigjöld á stærstu útgerðirnar og herða skatteftirlit. Það er ekki einungis skynsamlegt að afla tekna með þessum hætti, heldur er það vilji almennings að stjórnvöld beiti sér gegn ójöfnuði í landinu.

Á laugardaginn gefst okkur tækifæri til að breyta.

Kjósendur hafa val um áframhaldandi dekur við sérhagsmuni eða alvöru kjarabætur fyrir almenning. Ætlum við að sætta okkur við kyrrstöðuna eða viljum við bretta upp ermar og breyta: taka forystuna í loftslagsmálum, efla heilbrigðisþjónustuna, styðja betur við barnafjölskyldur og létta eldra fólki og öryrkjum lífið?

Valkostirnir fyrir næstu fjögur ár eru mjög skýrir.

Nú er komið að þér.
Kjósum Samfylkinguna. ■

> Kjósendur hafa val um áframhaldandi dekur við sérhagsmuni eða alvöru kjarabætur fyrir almenning.

Nennti ekki nema að fá undir sig einkaþotu

Ólafur Arnarson
hagfræðingur

Sósíalistaforinginn Gunnar Smári Egilsson hefur ekki verið sósíalistaforingi allt sitt líf. Raunar var fátt sem benti til þess að hjarta hans slægi eitthvað sérstaklega í takt við hjörtu þeirra sem verst búa í samfélaginu þegar hann var í hópi helstu útrásarvíkinga landsins með ofurlaun og fór helst ekki milli landa nema í einkaþotu.

Velgengni og útrás

Fréttablaðið kom fyrst út árið 2001 og strax árið 2002 voru blikur á lofti með rekstrarstöðu þess. Gunnar Smári var þá annar ritstjóra blaðsins. Baugur steig inn og tryggði áframhaldandi útgáfu Fréttablaðsins með því að leggja því til fjármuni. Árið 2003 eignaðist Baugur Norðurljós (Stöð 2, Bylgjan og fleira) ásamt fleirum. Gunnar Smári hvarf fljótlega úr ritstjórastól á Fréttablaðinu og inn í Baugssamsteypuna, varð fljótt stjórnandi fjölmiðlaarms félagsins þrátt fyrir að hafa enga reynslu af rekstri ljósvakamiðla og í raun takmarkaða reynslu af árangursríkum blaðarekstri, umfram blaðamennsku og ritstjórn.

Eftir að Baugur kom að Fréttablaðinu gekk rekstur þess vel og varð það fljótt meira lesið en Morgunblaðið og mjög verðmætur auglýsingamiðill. Ásamt ljósvakamiðlum, sem Baugur keypti 2003, var Fréttablaðið sett inn í nýtt félag, Dagsbrún, og Gunnar Smári gerður að forstjóra. Eins og fram hefur komið, meðal annars í Málsvörn Jóns Ásgeirs Jóhannessonar eftir Einar Kárason, skipti Jón sér lítið af Dagsbrún og fékk Gunnar Smári að leika lausum hala. Fyrr en varði var hann búinn að kaupa prentsmiðju í Bretlandi, stofna fríblað í Danmörku og annað í Boston í Bandaríkjunum. Útrásarævintýri Gunnars Smára endaði í miklu tapi. Einnig varð mikið rekstrartap á ljósvakamiðlum Dagsbrúnar, meðal annars vegna NFS, rándýrrar fréttastöðvar í anda CNN.

Sósíalistaforingi á ofurlaunum

Þrátt fyrir taprekstur hér heima og glataðar fjárfestingar erlendis gerðu eigendur Dagsbrúnar vel við forstjórann. Gunnar Smári var í hópi tekjuhæstu forstjóra landsins. Samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar um tekjur ársins 2005, sem út kom í ágúst 2006, var Gunnar Smári með kr. 2.438.000,- í mánaðarlaun árið 2005, sem var svipað og forstjórar Símans og Eignarhaldsfélags VÍS voru með og hærra en forstjórar Marels, Ísals, Olís og Heklu. Í febrúar 2019 fjallaði Hringbraut um laun Gunnars Smára og kom fram að reiknað til núvirðis, samkvæmt launavísitölu, væru þetta mánaðarlaun upp á 6 milljónir þá. Sé þetta reiknað enn fram til dagsins í dag var Gunnar Smári með sem svarar ríflega 7,2 milljónir á mánuði árið 2005. Það jafngildir þreföldum ráðherralaunum.

Einn helsti útrásarvíkingurinn

Útrásarvíkingurinn, sem nú er orðinn sósíalistaforingi, mun hafa samsamað sig vel lífi útrásarvíkingsins, en verið fljótur að láta sig hverfa þegar taprekstur og glataðar fjárfestingar lentu á þeim sem fjármögnuðu útrás hans. Í Málsvörn sinni segir Jón Ásgeir:

„En Gunnar Smári var alveg að missa tökin, og það næsta sem var fundið uppá var að stofna Nyhedsavisen í Danmörku. (Sem var gefið út 2006–2008.) En það var engin heimavinna unnin. … Gunnar Smári lét sig á endanum hverfa og tapið var gígantískt, og líka á öðru fríblaði, Boston Now vestanhafs … Eftir hrun var Gunnar Smári síðan fljótur að byrja að drulla okkur út í sínum ummælum og skrifum. Og svo er hann sósíalistaforingi í dag, maður sem í þá daga nennti helst ekki til Danmerkur nema að fá undir sig einkaþotu."

Föstudaginn 17. október 2008, rétt eftir hrun, birtist opna í DV með myndum og umfjöllun um helstu útrásarvíkinga þjóðarinnar. Þar voru Björgólfsfeðgar og Jón Ásgeir Jóhannesson, Pálmi Haraldsson og Bakkavararbræður, Bjarni Ármannsson og Sigurður Einarsson, Hannes Smárason og Gísli Gíslason – og þar var Gunnar Smári Egilsson.

Viðskiptafélagi þekktra auðmanna eftir hrun

Lítið fór fyrir Gunnari Smára fyrst eftir hrun. Í lok nóvember 2015 var tilkynnt að hann færi fyrir hópi sem keypt hefði allt hlutafé í Miðopnu ehf., útgáfufélagi fríblaðsins Fréttatímans, sem kom út vikulega og var dreift í 82 þúsund eintökum – aðallega á höfuðborgarsvæðinu. Viðskiptafélagar hans voru í hópi mestu auðmanna Íslands, fjárfestarnir Árni Hauksson, Hallbjörn Karlsson, Sigurður Gísli Pálmason og fleiri. Gamanið var stutt í þetta sinn. Í apríl 2017 var útgáfu Fréttatímans hætt og útgáfufélag hans varð gjaldþrota.

Stundin fjallaði um málefni Fréttatímans og Gunnars Smára 28. apríl 2017 undir fyrirsögninni „Skuldaskil Gunnars Smára Egilssonar við sósíalismann og Fréttatímann".

Ingi Freyr Vilhjálmsson, sem þá var blaðamaður á Fréttatímanum, skrifaði í Stundina um „framkomu útgefanda blaðsins við starfsfólk á sama tíma og hann stofnar stjórnmálaflokk fyrir launþega." Greinin hefst svo:

„Mánudaginn 3. apríl þegar Gunnar Smári Egilsson, þáverandi aðaleigandi, útgefandi og ritstjóri Fréttatímans, talaði um stofnun Sósíalistaflokks Íslands í viðtali í útvarpsþættinum Harmageddon hafði enginn starfsmaður fjölmiðilsins sem hann hafði rekið og stýrt í tæpt eitt og hálft ár fengið greidd laun fyrir marsmánuð. Hluti starfsmanna fékk greidd laun dagana á eftir en tíu starfsmenn fengu engin laun, hafa ekki fengið þau og munu ekki fá þau nema að hluta til í gegnum ábyrgðarsjóð launa."

Starfsmenn skildir eftir launalausir

Ingi Freyr gagnrýnir Gunnar Smára harðlega fyrir að koma ekki til dyranna eins og hann er klæddur:

„Gunnar Smári hafði boðað forföll í vinnu þennan mánudag án þess að skýra af hverju en samstarfsfólk hans gat hlustað á hann á X-inu tala um sósíalisma á meðan það beið eftir launum sínum sem hefðu átt að vera greidd út þremur dögum áður. Inntakið í viðtalinu í Harmageddon var meðal annars rökstuðningur Gunnars Smára fyrir því af hverju það þyrfti að stofna Sósíalistaflokk á Íslandi og sagði hann meðal annars: „Það er það sem vantar í samfélagið í dag; alvöru sósíalistaflokkur sem berst fyrir hagsmunum hinna verst settu, berst fyrir fátæka og berst fyrir réttindum venjulegs launafólks gegn sérhagsmunum."

Tvísaga eða jafnvel þrísaga?

Gunnar Smári er sagður hafa blekkt starfsfólk sitt og viðskiptafélaga og fullvissað um að framtíð fyrirtækisins væri tryggð þegar svo hafi alls ekki verið, ekki hafi einu sinni verið staðin skil á lífeyrissjóðsiðgjöldum starfsmanna. Ingi Freyr skrifar:

„Um svipað leyti, í febrúar árið 2017, talaði hann líka starfsfólk á blaðinu af því að taka atvinnutilboðum frá öðrum fyrirtækjum, hækkaði laun þess og sagði framtíð fjölmiðlafyrirtækisins vera tryggða. Nú í apríl, eftir að rekstrarerfiðleikar Fréttatímans urðu fjölmiðlaefni og blaðið hætti að koma út, sagði Gunnar Smári starfsmönnum hins vegar frá því að Fréttatíminn hefði verið „í nauðvörn" rekstrarlega frá því í október á síðasta ári. Þá hefur einnig komið í ljós að um svipað leyti, síðla árs í fyrra, hætti Fréttatíminn að greiða í lífeyrissjóð fyrir að minnsta kosti hluta af starfsmönnum fyrirtækisins. Myndin sem starfsmenn Fréttatímans fengu af rekstrarstöðu blaðsins var því allt önnur en sú rétta."

Ég um mig frá mér til mín …?

Þegar Gunnar Smári var útrásarvíkingur taldi hann best fara á því að stjórnmálamenn gerðu sem minnst og þvældust ekki fyrir atvinnulífinu. Þeir sem fjárfest hafa í hugmyndum Gunnars Smára hafa tapað miklum fjármunum á því. Nú virðist enginn fáanlegur til að fjármagna frekari ævintýri hans á viðskiptasviðinu. Snýr hann þá við blaðinu og gerist baráttumaður öreiga, byltingarforingi og krefst þess að fyrirtæki verði þjóðnýtt, brotin upp og kapítalisminn knésettur. Laun formanns stjórnmálaflokks sem situr á Alþingi slaga hátt upp í laun útrásarforstjóra 2005, reyndar ekki reiknuð til núvirðis. Því verður varla á móti mælt að þróunarsaga Gunnars Smára sé vægast sagt forvitnileg. ■

> Nú virðist enginn fáanlegur til að fjármagna frekari ævintýri hans á viðskiptasviðinu. Snýr hann þá við blaðinu og gerist baráttumaður öreiga, byltingarforingi …

Kanadískur ætternisstapi

Birgir Guðjónsson
var í mörg ár yfirlæknir á Hrafnistu í Hafnarfirði

Val á ráðgjöfum á ráðstefnur sem eiga að vera landi og þjóð til gagns hafa oft vakið furðu og spurnir komið upp um tengsl og hagsmuni bjóðenda. Hver býður og hver borgar?

Margir hafa sennilega hrokkið við þegar kanadískum embættismanni var boðið að kynna umönnunarkerfi fyrir eldri borgara Kanada og Danmerkur! (Hvar er Danmörk?).

Embættismaðurinn hefur varla verið mikið í framlínunni í umönnun. Hann hefur aldrei vitað neinn óska eftir að vilja komast á hjúkrunarheimili. Hann hefur því aldrei heyrt þakklæti gamalmennis fyrir að finna fyrir öryggi þess að vera kominn í umönnun á hjúkrunarheimili eftir erfiðar heimilisaðstæður. Varla mun nokkur sem þekkir eitthvað til Kanada trúa því að fyrirvaralausri skyndiþjónustu verði ætíð komið við í þessu dreifbýla landi.

Eitt er þó að minnsta kosti sérstakt í kanadísku heilbrigðiskerfi eins og kom vel fram í fjölmiðlum á síðastliðnu ári. Þar geta einstaklingar fengið aðstoð við að ganga fyrir ætternisstapa.

Hver sem það kýs gerir það vissulega á sínum eigin forsendum en plássið losnar. Ekki ætla ég að vega að því að þetta hafi verið formlegt umræðuefni á ráðstefnunni en hlýtur að hafa verið öllum „óminnisskertum" vel kunnugt.

Ég tel að heimsókn og lofgjörð þessa einstaklings um kanadíska kerfið hafi verið óviðeigandi og smekklaus.

Ég er hneykslaður á því að hann skuli hafa náð eyrum æðstu ráðamanna þjóðarinnar. ■

> Ég tel að heimsókn og lofgjörð þessa einstaklings um kanadíska kerfið hafi verið óviðeigandi og smekklaus.

Eins og sést á þessari gömlu mynd er oft þröngt um manninn í Ljónagryfjunni á leikjum Njarðvíkinga.

Njarðvík kveður Ljónagryfjuna

kristinnpall@frettabladid.is

KÖRFUBOLTI Í nýjasta tölublaði Víkurfrétta kemur fram að bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ hafi undirritað verksamninga um næsta áfanga Stapaskóla, sem mun um leið taka við sem íþróttahús körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur. Með því er ljóst að Njarðvíkingar munu yfirgefa Ljónagryfjuna, frægan heimavöll liðsins, en stefnt er að því að framkvæmdum ljúki öðru hvorum megin við áramótin 2022-2023.

Kemur fram að nýr heimavöllur Njarðvíkur komi til með að geta hýst ellefu hundruð manns, eða rúmlega helmingi fleiri en Ljónagryfjan sem getur tekið fimm hundruð manns. ■

Rannsóknarnefnd ÍSÍ hefur störf

kristinnpall@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, ÍSÍ, tilkynnti í gær að Hafrún Kristjánsdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Rán Ingvarsdóttir hefðu verið skipuð í nefnd sem mun gera úttekt á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ vegna kynferðisofbeldismála sem tengst hafa leikmönnum í landsliðum Íslands.

KSÍ leitaði eftir því að ÍSÍ stofnaði nefnd sem tæki út viðbrögð sambandsins, eftir að það kom í ljós að KSÍ hafði hylmt yfir ofbeldisbrot landsliðsmanna karlalandsliðsins í knattspyrnu.

Nefndin mun um leið leggja fram tillögur um úrbætur á verklagi eða um frekari viðbrögð.

Þá hefur KSÍ lofað því að nefndin fái aðgang að öllum þeim gögnum sem hún óskar eftir og er von á niðurstöðum til framkvæmdastjórnar ÍSÍ í nóvember. ■

Frumáætlanir starfshópsins gera ráð fyrir að stofnkostnaður vegna þjóðarleikvangs fyrir frjálsar íþróttir séu um tveir milljarðar. Fyrir eru til skýrslur um inniíþróttir og áfram er unnið að nýjum Laugardalsvelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI

Hugmyndir um þjóðarleikvanginn komnar í hendur stjórnmálafólks

Starfshópur um þjóðarleikvang fyrir frjálsíþróttir hefur skilað tillögum og greinargerð til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Fyrir liggja tillögur starfshóps um þjóðarleikvang fyrir inniíþróttir og enn eru skoðaðar fjórar sviðsmyndir um endurnýjun Laugardalsvallar sem þjóðarleikvangs fyrir knattspyrnu.

benediktboas@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR „Nú held ég að við séum komin með góðan efnivið og það sé kominn tími til að hefja uppbyggingu í Laugardalnum," segir Freyr Ólafsson, formaður Frjálsíþróttasambands Íslands (FRÍ), en hann afhenti Lilju Dögg Alfreðsdóttur íþróttamálaráðherra skýrslu um þjóðarleikvang í frjálsum íþróttum.

Segir Freyr meðal annars að eitt af aðalstefjum skýrslunnar sé að FRÍ vilji stjórna tímanum sem sambandið fær, en eins og staðan er núna ræður Knattspyrnusamband Íslands í raun hvenær frjálsíþróttafólk fær að æfa á Laugardalsvelli.

Hópurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ef þjóðarleikvangur í knattspyrnu verður áfram á Laugardalsvelli sé framtíð frjálsíþróttastarfs best borgið á nýjum leikvangi fyrir norðan Suðurlandsbraut, austan frjálsíþróttahallar við Engjaveg.

> Núna erum við komin með heildarmyndina um þjóðarleikvanga, bæði inniíþróttir, frjálsar og knattspyrnu.
>
> Lilja Dögg Alfreðsdóttir, íþróttamálaráðherra

> Það hefur sýnt sig undanfarin misseri hvað það er mikilvægi að frjálsíþróttafólk geti æft og keppt óháð öðrum íþróttum og viðburðum.
>
> Freyr Ólafsson, formaður FRÍ

Mannvirkið myndi þannig tengjast núverandi frjálsíþróttahöll, öðrum íþróttamannvirkjum sem og öðrum opnum svæðum í Laugardal. Starfshópurinn sér fram á að mannvirkið verði vel nýtt fyrir alþjóðlegt keppnishald og stærri mót á vegum Frjálsíþróttasambands Íslands og Íþróttasambands fatlaðra, æfingar afreksmanna, æfingar barna, unglinga og annarra í hverfafélögum í Reykjavík, en einnig sem möguleg aðstaða fyrir afreksíþróttamiðstöð í Laugardalnum, auk rannsókna, þjálfunar og kennslu í skólum.

Frumáætlanir gera ráð fyrir að stofnkostnaður vegna slíks þjóðarleikvangs sé um tveir milljarðar króna.

„Það er gleðilegt að fram sé komin þessi sameiginlega niðurstaða. Það hefur sýnt sig undanfarin misseri hvað það er mikilvægt að frjálsíþróttafólk geti æft og keppt, óháð öðrum íþróttum og viðburðum. Nú erum við með einstakt tækifæri til að tryggja það til framtíðar," segir Freyr og tekur fram að hann sé þakklátur fyrir frumkvæði Lilju í þessu máli.

Framtíðarsýn Laugardals er því farin að taka á sig mynd, en eins og trúlega flestir vita er margt sem þar stendur komið á tíma. Frá því að reglugerð um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum var sett árið 2018 hefur fjölbreyttri greiningarvinnu verið hrundið af stað vegna uppbyggingar slíkra innviða. Fyrir liggja tillögur starfshóps um þjóðarleikvang fyrir inniíþróttir og unnið er eftir fjórum sviðsmyndum um nýjan Laugardalsvöll.

Lilja sjálf var hrifin af ástríðunni í orðum Freys og benti á að til að eiga íþróttafólk í fremstu röð á heimsvísu verði að bæta úr aðstöðumálum. Fram undan sé að tryggja fjármögnun, ráðast í hönnun og grípa skófluna.

„Fólkið sem er að vinna við íþróttir brennur fyrir að bæta aðstöðu og það er okkar hlutverk að vinna með væntingar og hvað er raunhæft. Núna erum við komin með heildarmyndina um þjóðarleikvanga, bæði inniíþróttir, frjálsar og knattspyrnu. Nú verður þessi vinna tekin saman og séð hvað er hagkvæmt og hvernig við látum þetta ganga allt upp," segir Lilja. ■

Óvíst hvort einhverjir leikmenn komi ekki til greina

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor í tómstunda- og félagsmálafræði við menntavísindasvið Háskóla Íslands og knattspyrnuþjálfari, greindi frá því í gær að hún ætli að gefa kost á sér á aukaþingi knattspyrnusambands Íslands, KSÍ, sem haldið verður 2. október næstkomandi.

„Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til formanns Knattspyrnusambands Íslands. Ég hef fengið fjölda áskorana frá fjölskyldu og vinum, frá fjölbreyttum hópi fólks í samfélaginu og úr knattspyrnuhreyfingunni sjálfri," segir Vanda um ákvörðun sína.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Björn Einarsson, framkvæmdastjóri sölu og viðskiptastýringarsviðs Eimskips og formaður Víkings, liggi undir feldi hvað formannsframboð varðar, en hann bauð sig fram til formanns árið 2017.

Þá fór Guðni Bergsson, sem sagði sig frá embættisstörfum um mánaðamótin ágúst og september í kjölfar gagnrýni á viðbrögð við meintum og staðfestum ofbeldisbrotum leikmanna íslenska karlalandsliðsins, með sigur af hólmi í framboðsslag.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs KSÍ rennur út 25. september.

Sá formaður sem verður kosinn á þinginu 2. október mun sitja fram að næsta ársþingi KSÍ sem haldið verður í febrúar á næsta ári.

Fram undan hjá KSÍ er ársreikningsgerð fyrir komandi ársþing en á sama tíma hefur sambandið boðað breytta verkferla við meðhöndlun

Vanda Sigurgeirsdóttir

ofbeldismála innan sinna vébanda.

Þannig hefur núverandi stjórn KSÍ hefur farið þess á leit við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, ÍSÍ, að sett verði á stofn nefnd til að gera úttekt á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ vegna kynferðisofbeldismála sem tengst hafa leikmönnum í landsliðum Íslands.

Nefndinni er ætlað að fara yfir þá atburðarás sem leiddi til afsagnar formanns og stjórnar KSÍ og bregðast við ásökunum um þöggun. Þá á nefndin að taka sérstaklega til athugunar hvort einhverjar þær aðstæður séu uppi innan KSÍ sem hamla þátttöku kvenna í starfi þess.

Tveir faghópar hafa þegar tekið til starfa hjá ÍSÍ og KSÍ sem hafa það hlutverk að skoða ferla, vinnubrögð og heimildir til aðgerða hjá samböndunum.

Leikmannahópur fyrir komandi leiki íslenska karlalandsliðsins í undankeppni HM 2022 verður tilkynntur eftir slétta viku. Fram kemur í fundargerðum stjórnar KSÍ að stjórnin hafi tekið fram fyrir hendurnar á þjálfara íslenska liðsins og yfirmanni knattspyrnumála hjá sambandinu varðandi val á Kolbeini Sigþórssyni vegna ofbeldisbrots hans.

Nú hefur félagslið Kolbeins, Gautaborg, tilkynnt að félagið muni standa við bakið á honum og hann verði áfram í röðum félagsins. Ekki liggur fyrir hver afstaða núverandi stjórnar er til vals á Kolbeini í komandi hóp.

Ómar Smárason, fjölmiðlafulltrúi KSÍ, sagði í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að ekki væri hægt að svara því að svo stöddu hvort einhverjir leikmenn komi ekki til greina vegna meintra eða staðfestra ofbeldisbrota fyrir komandi hóp íslenska liðsins.

Arnar Þór lét hafa eftir sér í viðtölum við fjölmiðla fyrr í þessum mánuði að ljóst væri að hann gæti ekki unnið í umhverfi þar sem hann þyrfti að leggja þann landsliðshóp sem hann vill velja fyrir stjórn, til samþykkis um hverjir megi spila fyrir Íslands hönd og hverjir ekki. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 23. september 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Fortnite-persónur í tískufatnaði frá Balenciaga. MYND/BALENCIAGA.COM

Balenciaga sýnir hátísku í Fortnite

thordisg@frettabladid.is

Einn vinsælasti tölvuleikur heims, Fortnite, er þekktur fyrir vel klæddar tölvupersónur og hefur lengi lagt línur í klæðaburði ungmenna, danssporum og fleiru. Í vikunni tók Fortnite skrefið lengra til að útvíkka áhrif sín í raunheimum með samstarfi við hátískurisann Balenciaga sem selur nú sérhannaðan Fortnite-fatnað í takmörkuðu upplagi. Fortnite-lína Balenciaga kostar vissulega sitt fyrir þá sem vilja klæðast þessari eitursvölu hönnun. Þannig kostar Fortnite x Balenciaga hettupeysa um 95 þúsund íslenskar, stuttermabolur 65 þúsund og gallajakki um 170 þúsund krónur.

Gefur tón fyrir framtíðina

Með samstarfinu fá báðir aðilar nokkuð fyrir sinn snúð. Það markar fyrstu hátískuskinn Fortnite og fást fjögur Balenciaga-dress á fjórar vinsælar persónur, þau Doggo, Ramirez, Knight og Banshee.

Frá því í byrjun vikunnar hafa spilarar til dæmis getað unnið sér inn Balenciaga-góss í bakpoka og fengið frí sprey, en annað þarf að kaupa og er dýrasta flíkin í Balenciaga-verslun leiksins á 1.500 V-Bucks, eða um 1.600 krónur.

Útspil Fortnite og Balenciaga gæti opnað flóðgáttir frekara tískusamstarfs og ekki ólíklegt að söguhetjur tölvuleikja klæðist ferskri hátísku í framtíðinni. ■

Júlía Stefánsdóttir og Ragnhildur Einarsdóttir taka á móti jurtum frá Hæðarenda og undirbúa þær fyrir þurrkferlið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íslensku TARAMAR húðvörurnar hafa unnið til átján alþjóðlegra verðlauna

TARAMAR vörurnar eru þróaðar og framleiddar á Íslandi en þær byggja á þangi og lífrænt ræktuðum jurtum sem koma alls staðar að af landinu. Ár hvert er mikið magn jurta og þangs unnið með sérstökum aðferðum sem gera TARAMAR vörurnar óvenjuvirkar og hreinar. 2

Næturkremið frá TARAMAR hefur farið sigurför um heiminn en þetta sérstaka krem hefur unnið gull- og silfurverðlaun fyrir gæði, hreinleika og virkni í fjórum alþjóðlegum samkeppnum. Næturkremið hlaut meðal annars gullverðlaun í bæði skandinavísku og bresku Global Makeup Awards 2020 og 2021, silfurverðlaun í Green Global Makeup Awards og silfurverðlaun sem besta andlitskremið hjá Free From Skincare Awards 2021, segir Guðrún Marteinsdóttir, annar stofnenda og framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Íslenskir neytendur eru svo sannarlega sammála þessum úrslitum og í dag nota hundruð Íslendinga, bæði konur og karlar, þetta krem á hverjum degi.“

Hún segir að þótt næturkremið gagnist vel bæði sem dag- og næturkrem þá hafi grunnhugmyndin að þessari vöru verið að skapa krem sem aðstoðaði við hreinsun og uppbyggingu húðarinnar sem fram fer á nóttunni. „Þannig hjálpar næturkremið húðinni við að losa út úrgangsefnin, draga úr rakatapi, stoppa oxun, styrkja kollagenmyndun og efla bandvefstengingar sem halda hinum mismunandi húðlögum þétt saman.“

Framleiðsluteymi TARAMAR (frá vinstri): Sólrún Anna Símonardóttir, Ragnhildur Einarsdóttir, Guðrún Marteinsdóttir, Kristberg Kristbergsson og Júlía Stefánsdóttir. MYND/AÐSEND

> **Þannig hjálpar næturkremið húðinni við að losa út úrgangsefnin, draga úr rakatapi, stoppa oxun, styrkja kollagenmyndun og efla bandvefstengingar sem halda hinum mismunandi húðlögum þétt saman.**
>
> Guðrún Marteinsdóttir

Lífvirku efnin vinna með húðfrumurnar

Næturkremið inniheldur útdrætti úr íslensku þangi, lífrænt ræktuðum fjólum og augnfró. „Lífvirku efnin úr þanginu vinna með frumurnar á margvíslegan hátt, meðal annars með því að stoppa niðurbrot á kollageni um leið og þau draga úr oxun og hindra skaðleg áhrif sindurefna. Fjólurnar og augnfróin eru valin í þetta krem því lífvirku efnin í þessum jurtum hafa einstaka getu til að byggja upp raka í húðinni, efla frumuvirkni og styrkja frumuhimnur.“

Auk þessa inniheldur næturkremið ákaflega góð peptíð sem hafa áhrif á tengingar á milli húðlaganna. Peptíðin örva myndun eggjahvítuefnanna integrin og laminin, sem eru mikilvæg í að halda þessum tengingum góðum, bætir Guðrún við. „Þannig er minni hætta á að húðin verði slöpp og fari að síga.“

Samhljómur efna hefur undursamleg áhrif á húðina

Eitt af því sem gerir TARAMAR vörurnar svo sérstakar, að sögn Guðrúnar, er hinn fullkomni samhljómur á meðal hinna náttúrulegu efna sem eru í vörunum. „Margir gera sér ekki grein fyrir því að lífvirkni er hugtak sem

Íslensku jurtirnar morgunfrú og rauðsmári eru á meðal þeirra lækningajurta sem gera TARAMAR vörurnar lífvirkar og einstaklega góðar fyrir húðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

stendur fyrir tíðni og orkubirtingu náttúrulegra mólekúla og sameinda.“

Frá því TARAMAR var sett á fót hafa stofnendur þess, Guðrún og Kristberg Kristbergsson, stundað rannsóknir á tíðni náttúrulegra efna. Strax í upphafi var markmið að velja efnin saman þannig að þau mynduðu samhljóm (e. synergy), segir Guðrún. „Þetta er eitthvað sem finnst mjög sjaldan í vörum á markaði og framleiðendur virðast ekki vera meðvitaðir um mikilvægi þessara þátta. Þannig má oft sjá efni saman í vöru sem vinna á móti hvert öðru og geta jafnvel dregið úr virkni annarra efna sem sett eru í formúluna. Einnig er algengt að sjá formúlur sem eru samsettar úr gríðarlega miklum fjölda efna sem veldur því að tíðni formúlunnar verður ruglingsleg og jafnvel óþægileg.“

Framkallar ánægju og betri líðan hjá neytendum

Hún segir rannsóknir þeirra benda til að náttúrulegar vörur sem hafi góðan samhljóm hafi betri virkni og skapi betri líðan hjá neytendum. „Því meira sem við aukum skilning okkar á tíðni og sviði mólekúlanna, því betur erum við í stakk búin til að gera vöru sem í raun heldur uppi samræðum við húðina. Við vitum betur núna að húðin býr yfir sínu eigin hormónakerfi og að efnaskipti yfir húðina byggja meðal annars á örfínum rafboðum í frumuhimnum og innra umhverfi frumanna. Með því að hanna vöru sem fellur rétt að þessum rafboðum þá nálgumst við hina fullkomnu vöru fyrir húðina. Við teljum að neytendur finni þetta þó þeir geri sér ekki grein fyrir því en við eigum óvenjumargar umsagnir þar sem fólk talar um hvað vörurnar framkalli mikla vellíðan og gleði.“



Sindurefni

Sindurefni eru óstöðug efni sem geta valdið skaða á húð og líkama. Þessi efni eru óstöðug því þau vantar rafeindir í ysta hjúp mólekúlanna. Til að vega upp á móti þessu þá ráðast þau á heilbrigða vefi og draga til sín rafeindir frá lifandi frumum og valda þeim um leið skaða. Þessi framgangur verður að keðjuverkun sem veldur enn meiri skaða og hraðar öldrun húðarinnar. Til að stoppa þessa keðjuverkun þarf andoxunarefni. Íslensku þörungarnir eru einstaklega öflugir þegar kemur að þessu en þeir innihalda andoxunarefni sem geta gefið frá sér rafeindir og þannig núllað út áhrif sindurefnanna.

Hátíðartilboð vegna góðs árangurs

Móttökurnar á TARAMAR vörunum og ekki síst næturkreminu hafa verið stórkostlegar. „Við hjá TARAMAR viljum þakka íslenskum neytendum og íslenskri náttúru fyrir allar gjafirnar og þær frábæru undirtektir sem TARAMAR vörurnar hafa fengið hér heima. Með þetta í huga og til að fagna hinum glæsilega árangri sem næturkremið hefur náð á erlendri grund þá verður sérstakt tilboð á heimasíðu TARAMAR, taramar.is, og hjá Lyfjaveri, Íslandsapóteki og Hagkaup í Kringlunni, Smáranum, Garðabæ og á Akureyri. Tilboðið er þannig að þú kaupir eitt TARAMAR augnkrem og færð með sem kaupauka verðlaunanæturkremið okkar í fullri stærð.“



Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

LaSalle
Amsterdam

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Er pínu brussa og klæði mig í samræmi við það

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er ein af þeim stjórnmálakonum sem hafa vakið athygli fyrir sinn persónulega og töffaralega fatastíl gegnum tíðina. Hún hefur kjark, þor og dug til að fara sínar eigin leiðir og skapa sinn stíl sem henni líður best með.

„Mér finnst mikilvægt að hvert og eitt okkar fái að vera eins og við kjósum sjálf og líður vel með. Vera frjáls í fatavali – líkt og í lífinu sjálfu – án þess að það kalli á endalausar aðfinnslur," segir Þorgerður Katrín. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þorgerður Katrín er fædd í Reykjavík og uppalin í Breiðholtinu en fór snemma til Hafnarfjarðar að elta ástina sem blómstraði á unglingsárunum. Hún náði ástinni sinni í Hafnarfirði og eiga þau hjónin þrjú börn og hund og ástin blómstrar sem aldrei fyrr. Þorgerður Katrín er menntaður lögfræðingur og starfar í dag sem alþingismaður sem er einmitt starf þar sem klæðaburður er áskorun og ákveðnar kröfur eru gerðar til alþingismanna um klæðaburð.

Fyrsta val eru gallabuxur og bolur

Þegar Þorgerður Katrín er spurð hvort hún hafi alltaf haft skoðun á því hvernig fötum hún vilji klæðast segir hún svo ekki vera. „Ég hef ekki haft miklar skoðanir eða áhuga á fötum fyrr en síðari árin. Mér finnst gaman að fylgjast með íslenskri hönnun og gróskunni á þeim vettvangi. Fyrsta val mitt án allra skuldbindinga eru gallabuxur og bolur. Húfur og slár eru líka ómissandi."

Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?

„Mjög venjuleg í klæðaburði, gallabuxur, grófir skór eða hvítir íþróttaskór, bolir og alls kyns peysur. Elska rúllukragann. Er kannski ekki alltaf alveg kvenleg í fatavali. Er pínu brussa og klæði mig kannski í samræmi við það."

Þorgerður Katrín er mikill náttúruunnandi og nýtur þess sem mest að vera í sveitinni með fjölskyldunni og þá er þægilegur fatnaður viðeigandi og hentar best.

Fer tiltölulega snyrtileg í vinnuna

Aðspurð segir Þorgerður Katrín það skipta máli að velja klæðnað til að vera í, eftir tilefni. „Mér finnst tilefnið oft skipta máli. Þú klæðir þig eðlilega öðruvísi þegar þú ferð í sveitina eða göngutúra frekar en í vinnuna. Fer tiltölulega snyrtileg í vinnuna og tel skipta máli að sýna Alþingi virðingu og vera ekki drusluleg til fara. Það er hins vegar smekksatriði þannig að það fer bara eftir hverjum og einum. Ég tel til að mynda snyrtilegar gallabuxur ekki stríða gegn óformlegum reglum Alþingis þótt ekki séu allir sammála því. Tek þó oftar fram kjóla á þeim vettvangi eða jakka og buxur. Sama gildir um leikhús. Hver og einn spilar á sína fiðlu þegar kemur að fötum. Finnst afar gaman að sjá fólk í áhugaverðum klæðnaði og fá hugmyndir á mannamótum. Dáist að hugmyndaflugi margra og sköpunargáfu í samsetningu fatnaðar."

Þorgerður segist vera hrifin af samfestingum og hér klæðist hún einum slíkum.

Þorgerður Katrín segist oft taka fram kjóla þegar hún fer í vinnuna eða jakka og betri buxur.

Góður samfestingur vanmetinn

Þegar kemur að vali á sniðum, er eitthvað sem heillar þig frekar en annað?

„Já, mér finnst alltaf gaman að góðum samfestingum og svo á kona aldrei nóg af kjólum. Eitthvað sem ég vildi alls ekki vera í á mínum fyrri árum. Kjólar leysa mjög margt og eru langflestir þægilegir. Samfestingar eru einnig vanmetnir.

Svo þetta klassíska, ég er veik fyrir skóm, og er víst ekki ein um það."

Þorgerður Katrín segist halda upp á einstaka flíkur og það fari svolítið eftir árstíðum hvaða flíkur eru í uppáhaldi hverju sinni. „Það fer svolítið eftir árstíðum. Stundum tilteknir samfestingar, stundum gallabuxur og ákveðin lopapeysa. Svo þykir mér alltaf vænt um mokkakápu sem ég splæsti á mig fyrir meira en 20 árum. Nota hana mikið."

Jarðlitir eru uppáhalds

Þorgerður Katrín á mjög erfitt með að nefna einhvern einn uppáhaldshönnuð frekar en einhvern annan. „Mér finnst íslenskir hönnuðir margir hverjir frábærir. Þori vart að byrja að nefna þá af hræðslu við að gleyma einhverjum en fötin frá Steinunni eru afar smekkleg og falleg, það sama gildir um marga hönnuði hjá Kiosk sem er búð, líka úti á Granda."

Fyrir utan hönnuðina hér heima á Íslandi finnst henni Massimo Dutti ágætt merki. „Þokkalega ódýrt en margt smart og gott úrval."

Þegar kemur að litavali, fylgir þú tískustraumunum hverju sinni eða áttu þér þína uppáhaldsliti sem þér finnst klæða þig best?

„Ég sæki alltaf mest í jarðliti. Appelsínugult og svart er síðan alltaf innan seilingar. Og auðvitað bláar gallabuxur."

Hvernig myndir þú lýsa skótískunni sem þú heillast helst af?

„Grófir brúnir skór með þokkalegum hæl er alltaf fyrsta val yfir daginn. Finnst mikilvægt að eiga hvíta íþróttaskó. Ef það er eitthvert skómerki sem ég laðast að þá eru það Chie Mihara og Nike."

Þegar þú velur þér fylgihluti hvað finnst þér vera ómissandi að eiga í dag?

„Gróf armbönd og flotta lokka."

Þorgerður Katrín er á því að hver og einn eigi að velja sinn persónulega fatastíl sem viðkomandi líður vel með, það sé fyrir öllu. „Mér finnst mikilvægt að hvert og eitt okkar fái að vera eins og við kjósum sjálf og líður vel með. Vera frjáls í fatavali – líkt og í lífinu sjálfu – án þess að það kalli á endalausar aðfinnslur." ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Upplýsingatækni

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 23. september 2021

Kynningar: Unimaze, CoreData, Tækninám, Rue de Net, Ozio, Dokobit, Origo, Syndis

Einar segir þjónustu Unimaze hafa marga kosti fyrir viðskiptavini. Hún sparar tíma og orku, eyðir hættu á villum og þörf fyrir leiðréttingar eftir á og gerir það auðvelt að fylgjast með stöðunni á öllum skjölum og taka á móti reikningum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Sparar mikinn tíma og fyrirhöfn í bókhaldinu

Unimaze getur sent rafræn viðskiptaskjöl á milli fyrirtækja og þannig sparað þeim tíma, vinnu, orku og fé. Þjónustan er hagkvæmari, tryggari og þægilegri en gamaldags viðskiptahættir, þar sem pdf-skjöl eru send á milli staða. 2

Einar Geir Jónsson, framkvæmdastjóri Unimaze, segir að meðhöndlun pappírsreikninga eða pdf-reikninga geti tekið allt upp í fimmtán daga, á meðan rafrænir reikningar flæða í gegnum ferlið á þremur dögum, þannig að afköst aukast verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

„Það samræmist ekki nútímanum að það sé verið að slá inn sömu upplýsingar inn í bókhaldskerfi hjá kaupanda og seljanda, nánast á sama degi, eða að minnsta kosti í sömu vikunni, þegar tæknin býður okkur upp á að lesa þessar upplýsingar á milli kerfa og staðfesta eða hafna eftir atvikum," segir Einar Geir Jónsson, framkvæmdastjóri Unimaze.

„Rannsóknir sýna að meðhöndlun pappírsreikninga eða pdf- reikninga getur tekið allt upp í fimmtán daga á meðan rafrænir reikningar flæða í gegnum ferlið á þremur dögum. Það þýðir að ein manneskja getur gengið frá 6.000 gamaldags reikningum á ári en ræður aftur á móti við 90.000 rafræna reikninga," útskýrir Einar. „Hér gefur auga leið að ef bókhaldsdeild með fimmtán manns er að meðhöndla 90.000 reikninga sem ekki eru rafrænir, þá gæti ein og sama manneskjan meðhöndlað þessa reikninga ef allir væru rafrænir.

Þjónustan okkar hefur því ýmsa eftirsóknarverða kosti fyrir viðskiptavini. Aukin sjálfvirkni býður upp á tíma- og orkusparnað og þar af leiðandi hagræðingu og það er engin hætta á villum eða að það verði þörf á leiðréttingum eftir á," segir Einar. „Það er líka hægt að fylgjast vel með stöðunni á öllum skjölum sem eru send í kerfinu okkar og það er þægilegt að taka á móti reikningum."

Alltaf ódýrara og fljótlegra

„Fyrirtækið Unimaze var stofnað árið 2003 og við sinnum því sem í daglegu tali er kallað skeytamiðlun, en það gengur út á að dreifa ýmiss konar rafrænum viðskiptaskjölum á milli bókhaldskerfa," segir Einar. „Allir kannast við rafræna reikninga, en við dreifum líka pöntunum, greiðslutilkynningum og öðrum stöðluðum skjölum fyrir fyrirtæki. Það er alltaf ódýrara og fljótlegra að nota rafrænar útgáfur en að senda útprentuð skjöl.

Þetta hefur verið kjarninn í okkar starfsemi í áratug, en þjónustan okkar varð til út frá íslensku hugviti og er byggð á evrópskum reglum og stöðlum og íslenskum lögum," segir Einar. „Í tíu ár var bara einn starfsmaður hjá fyrirtækinu, en þetta hefur sprungið hratt út síðustu misseri og í dag erum við fjórtán og þjónustum yfir fjögur þúsund fyrirtæki í fimmtán löndum um allan heim."

Hagræðing við **sendingu** rafrænna reikninga

	Prentun, umslög og sending	Greiðslu-áminning	Greiðsla og fjárstýring	Geymsla á reikningum	Alls kostnaður
Pappír	539kr.	69kr.	622kr.	304kr.	**1.534kr.**
Rafrænt	0kr.	55kr.	414kr.	111kr.	**620kr.***
PDF	0kr.	69kr.	622kr.	304kr.	**995kr.**

Sparnaður við að senda rafrænan reikning í stað pappírsreiknings er **914kr.** eða **59,5%** fyrir hvern reikning.
Sparnaður við að senda rafrænan reikning í stað pdf skjals með tölvupósti er **375kr** eða **37.7%** fyrir hvern reikning.

Hagræðing við **móttöku** rafrænna reikninga

	Móttaka	Færa inn gögn	Samþykkt reikninga	Ágreinings-stjórnun	Greiðsla og fjárstýring	Geymsla á reikningum	Alls kostnaður
Pappír	152kr.	414kr.	552kr.	345kr.	663kr.	304kr.	**2430kr.**
Rafrænt	0kr.	0kr.	166kr.	276kr.	276kr.	110kr.	**884kr.***
PDF	0kr.	414kr.	552kr.	345kr.	663kr.	110kr.	**2084kr.**

Sparnaður við að senda rafrænan reikning í stað pappírsreiknings er **1546kr.** eða **63,6%** á hvern reikning.
Sparnaður við að senda rafrænan reikning í stað PDF skjals í tölvupósti er **1200kr.** eða **57,5%** á hvern reikning.

Það er alltaf ódýrara og fljótlegra að nota rafræna reikninga en reikninga á pappír. MYND/AÐSEND

Bylting í reikningagerð

„Það er ýmislegt sem gefur okkur sérstöðu. Í fyrsta lagi er það hvað við erum öguð í vinnubrögðum, en við leggjum mikla áherslu á að fylgja öllum stöðlum og reglum og það býður upp á mikla hagræðingu fyrir viðskiptavini okkar. Í öðru lagi erum við eina íslenska skeytamiðlunin sem styður bæði sendingu og móttöku á nýjustu samevrópsku rafrænu reikningunum, en í nýjustu útgáfunni er búið að gera þá mikilvægu breytingu að það er búið að skilgreina reiti fyrir alls kyns nauðsynlegar aukaupplýsingar, en ekki bara staðlaðar upplýsingar," útskýrir Einar. „Það þýðir að bókhaldskerfi geta lesið þessar upplýsingar og bókað ýmiss konar reikninga alveg sjálfvirkt.

> **Þeir sem nota þjónustuna frá okkur geta afgreitt meira af reikningum í gegnum sjálfvirkt kerfi en aðrir, sem getur sparað gríðarlegan tíma og um leið kostnað.**
>
> Einar Geir Jónsson

Þetta er algjör bylting og þýðir að þeir sem nota þjónustuna frá okkur geta afgreitt meira af reikningum í gegnum sjálfvirkt kerfi en aðrir, sem getur sparað gríðarlegan tíma og um leið kostnað," segir Einar. „Þar sem við erum mjög öguð í vinnubrögðum er öll skráning upplýsinga líka í tryggum farvegi og því njóta viðskiptavinir ávinningsins af þessari breytingu, ásamt því að losna við hættuna á villum."

Ýmis auka þjónusta í boði

„Í þriðja lagi bjóðum við líka upp á ýmiss konar auka þjónustu sem auðveldar viðskiptavinum okkar lífið. Við getum til dæmis breytt pdf-reikningi í rafrænan án neinnar handavinnu, en það er forsenda fyrir því að hann verði löglegur að hann sé annað hvort útprentaður eða rafrænn," segir Einar. „Við bjóðum líka upp á alls konar skýrslugerðir sem ég hef ekki séð aðra bjóða upp á, svo sem kostnaðargreiningar og kolefnisfótsporsskýrslur, sem eru unnar upp úr þeim gögnum sem við erum að miðla. Við erum fremstir meðal jafningja þegar kemur að þessum auka þjónustum.

Við bjóðum líka upp á nokkurs konar ígildi símaskrár, þannig að ef þú sendir til dæmis út 100 reikninga á mánuði flettum við upp hverjir taka við rafrænum skjölum og sendum þá pdf-reikning á hina, þannig að viðskiptavinir okkar þurfi ekki að hugsa um það," segir Einar.

Samþykktarkerfi í skýinu

„Við erum líka með samþykktarkerfi í skýinu sem fólk sækist í. Það er tvennt gott við það. Í fyrsta lagi er mjög þægilegt að hafa þetta í skýinu því það þýðir að þú hefur aðgang að kerfinu hvar og hvenær sem er í gegnum snjallsíma," segir Einar. „Svo gefur samþykktarkerfið okkar þér líka færi á að samþykkja eða hafna reikningi áður en hann er bókaður. Kerfið fer yfir reikninginn og passar að allt stemmi, annars fer hann ekki í gegnum kerfið.

Yfirleitt flýgur 90% af reikningum í gegn án nokkurra vandræða, en þessi 10% sem eru ófullkomin vegna þess að það vantar einhver smáatriði, skapa alla vinnuna," segir Einar. „Þessa reikninga þarf að laga og það er betra að gera það áður en reikningur er bókaður, því þá þarf ekki að fara fram leiðréttingarvinna í bókhaldinu, heldur er einfaldlega beðið eftir réttum reikningi og svo gengið frá honum."

Engin þörf á bókara

„Til að kerfið okkar virki er algjört lykilatriði að það sé bókhaldskerfi á báðum endum viðskiptanna. Við erum alltaf að dreifa skjölum úr einu bókhaldskerfi í annað, þannig að við erum eingöngu að þjónusta fyrirtæki," segir Einar. „Það eru mörg stór fyrirtæki að nýta þessa þjónustu, en sumir minni atvinnurekendur eru hikandi. Það munar samt að sjálfsögðu ekki síður um tíma og launakostnað hjá þeim og þetta gerir það að verkum að það þarf ekki að vera með bókara í vinnu, þannig að þessi hópur ætti að sjálfsögðu að nýta sér framfarirnar sem hafa orðið á þessu sviði." ■

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656. | **Veffang:** frettabladid.is



Sérfræðingar hjá CoreData leggja sig fram um að aðstoða viðskiptavini á faglegan hátt til að auðvelda alla vinnslu skráa, skjala og gagna. MYND/AÐSEND

Einfaldar lausnir sem hámarka afköst

CoreData Solution er hugbúnaðar- og þekkingarfyrirtæki. Fyrirtækið sérhæfir sig í stjórnun og varðveislu upplýsinga og gagna. Í boði eru fjölbreyttar og notendavænar lausnir.

„Öll fyrirtæki og stofnanir sem vilja vera skilvirkari og með öfluga verkefna- og upplýsingastjórnun geta nýtt sér CoreData, sem er í grunninn málaskráa- og skjalakerfi fyrir rafræna geymslu gagna og skjala. Við bjóðum upp á fjölbreyttar og notendavænar lausnir sem henta þeim sem vilja spara tíma og lækka kostnað. Stafrænt vinnusvæði CoreData samanstendur af lausnum sem eru einfaldar í innleiðingu,hvort sem leitað er eftir lausn fyrir málaskráa- og skjalastjórnun, rafrænar undirritanir, stjórnarvefgátt, umsóknakerfi, gagnaherbergi eða samningakerfi.

Hugbúnaðinn er auðvelt að aðlaga að öllum stærðum fyrirtækja og hann er afar notendavænn," segir Kjartan Hrafn Kjartansson, vörustjóri CoreData Solutions. Lausnir CoreData gera viðskiptavinum kleift að hámarka afköst, sama af hvaða stærðarflokki félögin eru. Á sama tíma eru þær einfaldar og þægilegar í notkun," segir Kjartan.

Ekki þarf sérstakan búnað

„Einn af kostum CoreData hugbúnaðarins er að ekki þarf sérstakan búnað við innleiðingu hans, en við rekum hugbúnaðinn alfarið fyrir viðskiptavini okkar. Með CoreData hugbúnaðinum fylgja samþættingar, eins og sýndardrif og tölvupóstur, ásamt samþættingu við aðra þjónustuaðila líkt og þjóð- og héraðsskjalasöfn, Dokobit, Auðkenni, signet transfer og Teams, allt til að hjálpa viðskiptavinum okkar að varðveita lokaeintak upplýsinga sinna í CoreData lausnum.

Þar sem CoreData styður við margþætta og fjölbreytta starfsemi fyrirtækja, höfum við eflt vöruþróun á API-lagi hugbúnaðarins til að einfalda viðskiptavinum okkar að samþætta við önnur kerfi hjá sér. Slík samþætting leiðir til sparnaðar í tíma og peningum, þar sem gögn flæða sjálfkrafa á milli kerfa, sem styður við hagræðingu í rekstri."

CoreData stafrænt vinnusvæði samanstendur af nokkrum lausnum sem eru einföld í innleiðingu, hvort sem þú vilt lausn með rafrænum undirritunum fyrir málaskráa- og skjalastjórnun, stjórnarvefgátt, umsóknakerfi, gagnaherbergi eða samningakerfi.

Pappírslaus vinnustaður

„Þeir sem vilja bæta umhverfið og verða pappírslaus vinnustaður ættu tvímælalaust að velja CoreData hugbúnaðinn, þar sem hann uppfyllir kröfur þjóð- og héraðsskjalasafna um rafræn skil og utanumhald rafrænna gagna. Á sama tíma geta félög nýtt sér hugbúnaðinn til rafrænnar undirritunar, samninga og margs konar skjala.

Eftir samþættingu félagsins við Dokobit geta alþjóðleg fyrirtæki nýtt hugbúnaðinn þar sem undirritun aðila frá fjölmörgum þjóðum geta notað fullgilda rafræna undirritun. Hvert rafrænt undirritað skjal sparar bílferðir, umstang, tíma og fyrirhöfn þeirra aðila sem eiga í hlut. Að saman skapi spara rafræn skjöl og umsóknir tíma starfsmanna við vinnslu, stytta afgreiðslutíma og stuðla að umhverfisvænni rekstri," segir Kjartan og bætir við að með CoreData hafi félagið fullkomna stjórn á aðgangsstýringum upplýsinga og gagna, þar sem aðgangsstýringin er skipulögð og undirbúin í upphafi innleiðingar.

„Öllum ytri aðilum sem þurfa aðgang að skjölum er gert það einfalt með CoreData lausninni. Dæmi um ytri aðila eru viðskiptavinir, endurskoðendur eða birgjar. Þú sparar því ekki einungis dýrmætan tíma ytri aðila, þú tryggir öruggt aðgengi gagna í verkefninu með því að deila því með þeim með öruggum hætti," segir Kjartan og bætir við að viðskiptavinir CoreData séu af öllum stærðum og gerðum. „Við erum með opinbera aðila sem og fyrirtæki í einkageiranum," segir Kjartan og bætir við: „Viðskiptavinir okkar eru meðal annars félög í innflutningi og útflutningi, heildverslanir, fasteignafélög, skólar, lífeyrissjóðir, dómstólar, lögfræðistofur, arkitektastofur og ríkisstofnanir," segir hann.

„Hugbúnaðurinn er sérstaklega einfaldur og aðgengilegur í notkun og mikil vinna hefur verið lögð í það að tryggja góða upplifun notenda. Við erum í nánu sambandi við viðskiptavini okkar sem eru sífellt að leita leiða til að einfalda og rafvæða viðskiptaferla hjá sér."

Miklar framfarir og þróun

„Helstu áskoranir sem ráðgjafar okkar standa frammi fyrir eru að vera með réttar lausnir, á réttum tíma og fyrir réttu viðskiptavinina. Tæknin breytist hratt og við þurfum að fylgja því eftir með því að vera ávallt til þjónustu reiðubúin með ráðgjöf sem hentar hverju sinni. Þessu til stuðnings höfum við passað að hafa vel menntaða ráðgjafa sem og sérfræðinga með breiða þekkingu úr viðskiptalífinu til stuðnings við síbreytileg verkefni þar sem viðskiptavinir CoreData Solutions eru úr ólíkum áttum.

Viðskiptavinir CoreData Solutions sækja margvíslega þjónustu til okkar, hvort sem um ræðir kennslu á hugbúnaðinn eða ráðgjöf til að nýta lausnirnar sem best. Við veitum ráðgjöf í breytingastjórnun fyrir stýringu upplýsinga og gagna, ásamt ráðgjöf í tæknilega flóknum verkefnum, teymum og ferlum. Við erum til taks þegar viðskiptavinir okkar þurfa á okkur að halda en viljum á sama tíma gera viðskiptavini okkar sjálfstæða í notkun á hugbúnaðinum," upplýsir Kjartan og bætir við: „Við bjóðum upp á kennslu fyrir alla notendur sem og að efla ofurnotendura sem geta þá annast almenna kennslu til annarra notenda kerfisins.

Nýlega gekk Kristíanna Jessen, bókasafns- og upplýsingafræðingur til liðs við okkur og er hún með ráðgjöf til viðskiptavina okkar um skjalastýringu og meðhöndlun gagna í hugbúnaðinum. Nú geta viðskiptavinir okkar fengið aðgang að skjalastjóra, sem hentar sérlega vel fyrir minni félög sem þurfa ekki heilt stöðugildi í skjalastýringu. Það skiptir okkur máli að geta stutt við rekstur viðskiptavina okkar og hjálpað þeim að ná árangri í rekstri."

CoreData hugbúnaðurinn uppfyllir kröfur um ISO 27001 og fer í gegnum reglulegar öryggisprófanir til að tryggja ströngustu öryggiskröfur.

Góð ráðgjöf í upphafi

„Þegar viðskiptavinir okkar leita til okkar eftir ráðgjöf, byrjum við yfirleitt á vinnustofu með þeim. Lengd vinnustofunnar fer eftir eðli verkefnanna. Við tökum síðan saman kjarnateymi hjá okkur til að tryggja að rétt skráðar kröfur séu til staðar fyrir frekari vinnslu. Tilboð með umfangi er útbúið fyrir viðskiptavininn til samþykktar, áður en byrjað er á verkinu. Við vinnslu verkefna hjá okkur gætum við þess að vera ávallt í miklum samskiptum við viðskiptavininn til að tryggja að verkefnið sé rétt unnið og afhending verði samkvæmt væntingum," segir Kjartan og bendir á að fram undan séu krefjandi og skemmtileg verkefni með viðskiptavinum.

„Einnig verður áframhaldandi þróun á lausnunum okkar. Helstu nýjungar okkar í vöruþróun snúa að samningakerfinu og forritunarviðmóti (API-lagi) hugbúnaðarins til að styðja enn betur við samþættingar við önnur kerfi. Þar sem tímasparnaður viðskiptavina er okkur hugleikinn viljum vera í nánu samstarfi við notendur og læra af þeirra upplifun af kerfinu." ■

Ást og skepnur í tölvuheimum

Vírusar eru til ýmiss ama í raunheimum sem og tölvuheimum. Á meðan sumir tölvuvírusar eru lítið meira en hrekkur, geta aðrir haft hrikalega eyðileggjandi afleiðingar.

Tölvuvírusar eru flestir hannaðir af hrekkjalómum eða óprúttnum aðilum til þess að í besta falli hrekkja og dreifa amapósti og í versta falli að stela lykilorðum eða upplýsingum, spilla skjölum, senda sýkta tölvupósta á tengiliði og jafnvel taka yfir stjórn tölva.

Vírusar dreifa sér með því að tengjast skjölum eða forritum í tölvum. Þannig geta vírusar ferðast með þeim frá einni tölvu til annarra með hjálp netkerfa, geymsludiska, skjaladeilileiða, sýktra viðhengja í tölvupósti eða annars. Sumir vírusar nota meira að segja mismunandi leiðir til að dyljast í tölvukerfum, sem gerir það erfitt fyrir vírusvarnaforrit að finna þá.

Kvikindiskerfi

Fyrsti tölvuvírusinn er af mörgum talinn vera hinn svokallaði Creeper system. Vírusinn, sem fjölgaði sér sjálfur, var gerður í tilraunaskyni og prófaður árið 1971. Vírusinn var búinn til af Bob Thomas hjá fyrirtækinu BBN Technologies í Bandaríkunum. Upphaflega var hann búinn til sem öryggispróf til að sjá hvort hægt væri að búa til sjálffjölgandi tölvuforrit.

Creeper system-vírusinn virkaði þannig að hann fyllti upp í plássið á harða drifi tölvunnar uns hún hætti að starfa. Creeper system fjarlægði sjálfan sig úr hverju tæki með hverri nýrri tölvu sem hann sýkti. Enginn illur ásetningur var falinn í vírusnum og sýndi hann aðeins einföld skilaboð: „Ég er kvikindi. Reyndu bara að ná mér.“

> **Vírusinn hafði engan illan ásetning og sýndi aðeins einföld skilaboð: „Ég er kvikindi. Reyndu bara að ná mér.“**

Eitruð ástarjátning

ILOVEYOU er einn skæðasti og mest smitandi tölvuvírus sem hefur nokkurn tíma verið skrifaður og kom fram á sjónarsviðið í maí árið 2000. Um var að ræða tölvuorm sem fór eins og eldur í sinu um tölvur heimsins og olli skemmdum sem kostuðu því sem nemur um 1.300 milljörðum íslenskra króna.

Um var að ræða forrit sem var sent sem viðhengi í tölvupósti með titlinum ILOVEYOU. Viðhengið hét LOVE-LETTER-FOR-YOU.TXT.vbs sem var VBScript-forrit. Viðtakendur tölvupóstsins héldu að viðhengið í ILOVEYOU væri einföld textaskrá, þar sem .vbs-halinn var falinn í Windows-tækjum. Ormurinn veldur skemmdum á tölvunni sem hann sýkir og skrifar yfir handahófskenndar skrár, allt í senn Office-skjöl, myndir eða hljóðskrár. Þegar vírusinn skrifaði yfir MP3-skrár faldi hann skrána. Þegar skráin var opnuð komst vírusinn í Outlook-tengiliði fórnarlambsins og endursendi sýkta tölvupóstinn til allra tölvupóstfanganna þar. En þessi leið var mjög áhrifarík enda nýtti vírusinn sér þá staðreynd að viðtakandi þekkti sendandann og hikaði því síður við að ýta á innihaldið.



Tölvuvírusar gera tölvur viðkvæmar fyrir árásum óprúttinna aðila. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Falinn Grikki í tölvuleik

Fyrsti trójuhesturinn nefndist Animal og var skrifaður árið 1975 af John Walker. Þó eru skiptar skoðanir um hvort sá vírus hafi verið eiginlegur trójuhestur. Á þessum tíma voru dýraforrit vinsæl sem virkuðu þannig að notandinn fékk 20 spurningar og í lokin giskaði forritið á hvaða dýr notandinn var að hugsa um. Útgáfan af leiknum sem Walker skrifaði var vinsæl. Til þess að tryggja að hans útgáfa dreifðist sem víðast skrifaði Walker annað forrit sem kallaðist Prevade sem hann faldi í Animal-forritinu. Á meðan notendur spiluðu Animal skoðaði Prevade skráasöfn tölvunnar og fjölfaldaði Animal þar sem það var ekki nú þegar. Þannig faldi Prevade sig í Animal líkt og Grikki í trójuhesti.

Tölvuvírusar hafa verið hluti af tölvuheiminum í yfir 60 ár og það sem áður var aðallega skemmdarverk hefur þróast yfir í tölvuglæpi.

Tölvuvírusar, ormar og trójuhestar þróast í sífellu. Það virðist ekkert vera visst í þessum heimi, nema breytingin sem knýr áfram bæði varnar- og sóknarliða. ■

Fjölbreytt fjarnám fyrir alla

Á vefsíðunni tæknínám.is er í boði fjöldinn allur af gagnlegum námskeiðum á myndbandaformi. Áskrift veitir aðgang að öllum námskeiðum og uppfærslum, svo auðvelt er að horfa aftur og rifja upp efnið.

Hermann Jónsson, fræðslustjóri hjá Tæknínámi, segir að þótt námskeiðin séu flest sniðin að þörfum fyrirtækja hafi fjöldi einstaklinga einnig keypt sér áskrift, enda nýtist það sem er kennt vel á vinnumarkaðnum og getur styrkt stöðu fólks í atvinnuleit.

„Þetta eru námskeið á netinu í myndbandaformi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Öll námskeiðin eru tekin upp í stuttum brotum svo þú þarft ekki að horfa á allt námskeiðið í einu. Með þessu móti er líka auðvelt að finna efnið ef það er eitthvað sem þú þarft að rifja upp,“ segir hann.

„Upphaflega vorum við að einbeita okkur að því að kenna á Microsoft Office 365 forritin en við höfum verið að útvíkka það og fjöldi myndbanda er í vinnslu núna og einhver eru nú þegar komin inn þar sem farið er út fyrir þann pakka.“

Hægt er að kaupa stök námskeið eða áskrift að öllum námskeiðunum á síðunni. Í boði er að kaupa mánaðar- eða ársáskrift og áskriftinni fylgja allar uppfærslur og allt nýtt efni sem bætist við.

„Það margborgar sig að kaupa áskrift. Ársáskrift að öllum námskeiðum með uppfærslum kostar ekki nema 29.900 krónur. Ef þú ætlar bara að kaupa eitt námskeið, til dæmis ef þú vilt bara læra á Teams, þá kostar það námskeið 19.900. Þá áttu það námskeið alltaf en uppfærslur fylgja ekki,“ útskýrir Hermann.

„Við erum alltaf að þróa og bæta námskeiðin. Við tökum upp námskeið í nokkrum myndbrotum en þegar það koma nýjungar þá bætum við fleiri myndbrotum við það. Sem dæmi var eitt námskeið í Teams upphaflega 18 myndbrot en er komið upp í 55 í dag. Þetta er í stöðugri þróun.“

Hermann kennir fjölda námskeiða hjá tæknínám.is FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bjóða líka staðkennslu

Tæknínám býður upp á að mæta í fyrirtæki og vera með staðkennslu. Hermann segir að það geti verið gott að blanda staðkennslu og áskrift að myndböndunum saman.

„Þá getur fólk horft á myndböndin áður en við komum. Svo þegar við erum kenna þá getum við nýtt tímann til að svara þeim spurningum sem fólk hefur, eftir áhorfið. En við getum líka komið og kennt fyrst og ef fyrirtækið hefur aðgang að efninu þá er hægt að horfa á myndböndin til að rifja upp. Þá eru myndböndin ákveðin eftirfylgni,“ segir Hermann.

„Ein ástæða þess að við gerum þetta á þennan hátt er að reynslan hefur sýnt að þegar fólk fer á námskeið þá situr oft lítið eftir. Þegar fólk fer svo að nota forritið þá man það kannski ekki nema svona 20 prósent af því sem var farið yfir. Þess vegna er gott að hafa myndböndin til að rifja upp. Þá byggir þú ofan á vitneskjuna og færð þannig langmest út úr námskeiðinu.“

> **Við erum alltaf að þróa og bæta námskeiðin. Við tökum upp námskeið í nokkrum myndbrotum en þegar það koma nýjungar bætum við fleiri myndbrotum við það.**
>
> Hermann Jónsson

Hermann segir að á dagskrá sé að bæta inn fleiri námskeiðum sem miðuð eru að einstaklingum.

„Vinnumálastofnun segir að þegar fólk er í atvinnuleit sé gott að læra hvað skýið er og læra á Office 365 og fleiri forrit sem fyrirtækin eru að nota. Það er hægt að læra þetta allt hjá okkur,“ segir hann.

„Við höfum fengið gríðarlega mikið hrós fyrir netnámskeiðin. Fólk hefur verið mjög ánægt með þau. Við erum búin að selja þau út um allt og margir sem hafa komið í áskrift hafa sent okkur pósta. Ég fékk til dæmis nýlega póst frá manni sem sagðist vera rosalega ánægður með framsetninguna á náminu. Hann hafði reynt mörg námskeið áður og var mjög ánægður með okkar námskeið. Hann sagði að hann vildi að fleiri vissu af þessu heildarprógrammi okkar.“ ■

Góð þjónusta breytir öllu

Spjallmennið Fróði svarar þér á öllum tímum sólarhringsins.

Þú finnur Fróða á islandsbanki.is



Karl Einarsson er þjónustustjóri hjá Rue de Net Reykjavík. Fyrirtækið hlaut nafngift sína þegar það var stofnað á Jersey-eyju á Ermarsundi, þar sem margar götur byrja á Rue de. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**

Taktu viðskiptakerfið þitt úr skápnum í skýið

Lengi hefur tíðkast að geyma tölvur sem keyra ýmiss konar hugbúnað í tölvuskápum. Með nýjum og breyttum tímum færist nú í aukana að hýsa hugbúnað í skýi og hefur skýið sótt gríðarlega í sig veðrið á síðustu árum. Rue de Net hefur því verið á þeirri vegferð að flytja hugbúnað viðskiptavina sinna af tölvum í tölvuskápum og upp í skýið, svo þaðan er frasinn kominn.

Hér má sjá hluta starfsfólks Rue de Net en fyrirtækið telur í dag yfir 30 manns. Starfsfólk Rue de Net hvetur fyrirtæki til að vera framsækin og hugsa til framtíðar. Það er líka alltaf til í spjall um bestu lausnirnar. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**

Karl Einarsson er fæddur og uppalinn í Breiðholtinu og verður þrítugur í lok október. Hann útskrifaðist úr tölvunarfræði árið 2017 og hóf störf með skólanum hjá Rue de Net árinu áður.

„Ég vissi að vísu ekkert um Rue de Net þegar ég sótti um starf hjá félaginu, en á þeim tíma var ég farinn að velta fyrir mér hvað tæki við eftir skólann," segir Karl, sem er þjónustustjóri hjá Rue de Net Reykjavík.

„Ég sat í heita pottinum í Sporthúsinu á spjalli við vinkonu mína og sem þá þegar var hjá Rue de Net. Hún hvatti mig til að sækja um, sem ég og gerði og hér erum við," segir Karl, ánægður með sitt hlutskipti.

Hann byrjaði sem forritari en varð síðar hópstjóri og fór að stýra stærri og stærri verkefnum og innleiðingum.

„Þegar Rue de Net stækkaði enn frekar varð ég sviðsstjóri viðskiptakerfa og nú síðast tók ég við hlutverki þjónustustjóra, sem er klárlega mjög spennandi áskorun. Það sem ég geri í starfi mínu hjá Rue de Net er að aðstoða og þjálfa starfsmenn sem heyra undir viðskiptakerfissvið. Einnig áætla ég tíma og kostnað sem felast í innleiðingum og uppfærslum á Business Central, og hanna útfærslur og samþættingar við hin ýmsu kerfi hjá viðskiptavinum okkar," útskýrir Karl, sem hefur fengið mörg tækifæri til að vaxa í starfi og fengið stigvaxandi ábyrgð í gegnum árin.

„Ég hef alltaf sóst eftir stærri áskorunum og hef gaman af því að takast á við krefjandi verkefni. Það væri lygi ef ég segði að starfið hefði alltaf verið auðvelt, enda stundum mikill hraði, viðskiptavinir hinum megin við borðið og lítið sem má út af bregða. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að fá þessi tækifæri og ég er mjög ánægður með vegferðina eins og hún hefur verið hingað til. Það má heldur ekki gleyma viðskiptavinum okkar, þeir eru stór hluti af þessu öllu. Ég hef fengið að fara inn í sum af stærstu fyrirtækjum landsins, tekið mikinn þátt í þeirra vegferð, og eignast marga góða kunningja hér og þar um bæinn, sem mér þykir mjög vænt um."

Þjónusta Rue de Net

Rue de Net var stofnað á eyjunni Jersey í Ermarsundi árið 2003. Stofnendur voru tveir; Alfred B. Þórðarson og Aðalsteinn Valdimarsson. Félagið stofnað utan um samþættingarlausn, nánar tiltekið samþættingu milli vefs og Navision.

„Nafnið Rue de Net stendur fyrir akkúrat það sem verið var að gera; að brúa bilið á milli vefs og Navision. Götuheiti í Jersey byrja sum á „Rue de" og því varð til Rue de Net, eða Netstrætið," útskýrir Karl um vel til fundna nafngift fyrirtækisins.

Þeir Alfred og Aðalsteinn seldu vöruna um allan heim í nokkur ár, en þegar þeir komu til Íslands kölluðu íslenskir viðskiptavinir eftir þjónustu þeirra, og úr varð Rue de Net Reykjavík sem sinnti og sinnir enn allri ráðgjöf og þjónustu við Business Central, (sem áður hét Dynamics NAV og Navision) og LS Central (sem hét LS Nav frá LS Retail).

„Rue de Net hefur stækkað jafnt og þétt í gegnum árin, en við höfum nánast alltaf verið litli aðilinn á markaðnum. Við viljum líka gera hlutina öðruvísi, persónuleg nálgun hefur ávallt verið okkar sérsvið, og við leitumst mjög eftir því að kynnast viðskiptavinum okkar vel og þekkja þarfir þeirra, til að ráðgjöfin verði sem best. Til að mynda fær hver viðskiptavinur úthlutað viðskiptastjóra sem öll hans samskipti fara í gegnum. Viðskiptastjórinn lærir fljótt mjög vel inn á viðskiptavininn og getur því veitt heiðarlega og góða ráðgjöf um hvað hentar viðskiptavininum best," greinir Karl frá.

Viðskiptakerfi í skýinu

Fyrir tæpum þremur árum hóf Microsoft að bjóða upp á Dynamics 365 Business Central sem SaaS-lausn, en það útleggst sem Software as a Service. Á íslensku þýðir þetta hugbúnaður sem þjónusta. Það þýðir að Microsoft annast hýsingu á kerfinu, ásamt öllum uppfærslum, viðhaldi og afritatöku.

„Við hjá Rue de Net urðum strax mjög hrifin af þessari nálgun Microsoft, enda mikið hagræði og þægindi falin í henni. Viðskiptakerfið er nú aðgengilegt hvar og hvenær sem er, og áður þekkt vandamál eins og tengingar, rekstur kerfisins og annað slíkt heyrir sögunni til," upplýsir Karl.

Hann segir einn af helstu kostum þessarar tilhögunar vera þann að viðskiptavinir séu nú alltaf í nýjustu útgáfu.

„Microsoft uppfærir kerfið í hverjum mánuði, og tvisvar á ári er um stærri uppfærslur að ræða. Í gamla fyrirkomulaginu var alkunna að uppfærslur voru tímafrekar, erfiðar og kostnaðarsamar. Öll vinna við Microsoft-uppfærslur er innifalin í mánaðargjöldum, svo enginn óvæntur kostnaður kemur til vegna þess," segir Karl.

Áður þurfti líka að leggja í töluverða vinnu til að fá inn nýja staðlaða virkni.

„Viðskiptavinir áttu alltaf rétt á þessari nýju virkni en þurftu sjálfir að leggja út kostnað til að fá

hana inn í sitt kerfi. Í dag kemur þessi nýja virkni inn sjálfvirkt með mánaðarlegu útgáfunum, svo enginn viðbótarkostnaður fer í að fá virknina inn. Það er mjög skemmtilegt fyrir viðskiptavini að sjá hlutina bara birtast allt í einu í viðmótinu, daginn eftir sjálfvirka uppfærslu frá Microsoft. Einnig er kostnaður við kerfið í dag miklu fyrirsjáanlegri en áður, sem að mínu mati er ótvíræður kostur. Þar að auki eru öll leyfi seld sem mánaðargjöld og því auðvelt að skala upp og niður eftir þörfum, sem er sérstaklega mikilvægt hjá fyrirtækjum í árstíðabundnum rekstri, ólíkt því sem áður var. Kostnaðurinn getur þannig verið minni þá mánuði sem veltan er lítil, en þegar umfangið verður meira er auðvelt að skala upp með lítilli fyrirhöfn.“ útskýrir Karl og heldur áfram:

„Uppitími og öryggi hjá Microsoft eru einnig með því besta sem gerist í heiminum í dag. Microsoft hefur varið gríðarlegum fjármunum í öryggismál ásamt því að lofa 99,9 prósenta uppitíma. Þarna eru þeir á heimavelli og fáir sem geta keppt við þessi gæði.“

Ný tækni

En hvernig er þetta mögulegt, spyrja sig kannski sumir, þekkjandi hina gömlu tíma?

„Samhliða þessum breytingum hjá Microsoft, þegar Dynamics NAV varð að Business Central, var kynnt til sögunnar nýtt forritunarmál og ný aðferð til að forrita í kerfinu. Í stað þess að fara inn í kerfið og breyta því sjálfu, skrifum við nú svokallaðar viðbætur (e. extensions) sem liggja utan á kerfinu. Við breytum því ekki lengur kerfinu sjálfu heldur smíðum utan á það. Microsoft uppfærir svo kerfið, en við berum ábyrgð á því að okkar viðbætur haldi í við þeirra þróun,“ skýrir Karl.

Rue de Net er brautryðjandi í að skrifa viðbætur fyrir Business Central og strax árið 2017 voru fyrstu vörurnar tilbúnar og aðgengilegar á markaðstorgi Microsoft.

„Við byrjuðum mjög snemma að skoða þessa nýju tækni og höfum í dag tileinkað okkur hana alfarið. Allar okkar vörur eru í viðbótum og allar sérbreytingar sem við gerum á Business Central eru það líka. Að mínu mati er mikilvægt að fyrirtæki sem ekki eru komin í skýið byrji strax í dag á því að koma sínu kerfi yfir í viðbætur, því það gerir á endanum flutninginn upp í skýið svo miklu einfaldari.“

Karl nefnir einnig nýja leið fyrir kerfi til að eiga samskipti sín á milli.

„Azure Service Bus er nokkurs konar skilaboðaskjóða sem keyrir í skýinu. Með notkun hennar getur eitt kerfi sent skilaboð til skjóðunnar þegar því hentar og önnur kerfi geta sótt þau, ef og þegar þeim hentar. Þannig geta þessi kerfi átt samskipti án þess að vera háð hvert öðru. Þetta er ný leið til að eiga samskipti og kemur í staðinn fyrir að samtengja kerfi með vefþjónustum, þar sem kerfin eru mjög háð hvert öðru. Það má sem sagt segja að þetta slíti kerfin í sundur, hvert kerfi sinni sínu hlutverki og skili af sér gögnum til skjóðunnar, án vitneskju um hvaða önnur kerfi taki við þeim og hvernig gögnin eru notuð,“ segir Karl og bætir við:

„Við höfum innleitt Azure Service Bus í fjölda verkefna hjá okkur við mjög góðan orðstír.“

Karl er sæll í starfi sínu hjá Rue de Net, sem hann segir annasamt en gefandi. Rue de Net sé brautryðjandi á sínu sviði og hafi að markmiði að nýta tæknina til góðs, til að auðvelda og létta starfsemi fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þjónusta Rue de Net er persónuleg og starfsfólkið leitast við að kynnast viðskiptavinum vel og þekkja þarfir þeirra.

AppSource-markaðstorgið – frábær nýjung

Allir þekkja markaðstorgin Play Store fyrir Android og App Store fyrir Apple.

„AppSource er ekki ósvipað markaðstorg, nema fyrir Business Central. AppSource er samansafn viðbóta sem hugbúnaðarfyrirtæki um allan heim hafa smíðað fyrir Business Central og sem viðskiptavinir geta keypt inn í sín kerfi,“ upplýsir Karl.

Hann segir íslenska notendur hingað til hafa verið tiltölulega háða íslenskum þjónustuaðilum þegar kemur að sérlausnum og viðbótum við kerfið.

„Íslenskir þjónustuaðilar hafa ýmist þurft að leita erlendis til að finna lausnir eða smíða þær sjálfir. Með tilkomu AppSource er hægt að leita að lausnum á miðlægum stað. Lausnirnar skipta nú þegar hundruðum, og bætist í á degi hverjum. Því má með sanni segja að AppSource hafi stækkað heim Business Central töluvert. Þetta er einn af stóru kostum Business Central, og að mínu mati ættu notendur kerfisins ávallt að leita fyrst í AppSource þegar einhverja lausn vantar, í stað þess að hlaupa strax til og láta sérsmíða hana fyrir sig.“

Síðasta uppfærslan

Það eru án efa fyrirtæki á markaðnum í dag sem eru og hafa verið lengi með viðskiptakerfi sitt í gamalli útgáfu og hugsa til þess að erfitt verði að færa sig yfir í nútímann. En hvernig komast fyrirtæki á þennan nýja stað?

„Stutta svarið er að fyrirtækin þurfa að fara í gegnum eina uppfærslu í viðbót, upp í nýjustu útgáfu af Business Central, en eftir það er leikur einn að koma kerfinu fyrir hjá Microsoft. Þessi síðasta uppfærsla þarf þó ekki að vera ein stór sorgarsaga; það er vel hægt og raunar mjög mikilvægt, að skipuleggja hana vel og sjá tækifærin í nýrri útgáfu. Mjög skynsamlegt er að nýta tækifærið til að hagræða og einfalda, en við hvetjum öll fyrirtæki til að skoða hvort ekki sé hægt að nota staðlaðar lausnir í stað sérsmíða. Oft eru líka hlutir sem áður voru sérskrifaðir orðnir staðlaðir í nýrri útgáfum. Auðvitað er ekki allt til, t.d. tengingar við hin ýmsu kerfi sem fyrirtæki nota, en þarna koma sérsmíðuðu viðbæturnar sterkar inn,“ svarar Karl.

Framtíðarsýn Rue de Net

Þegar litið er til framtíðar sér Karl ekkert annað gerast en að skýjalausnir taki smátt og smátt yfir, jafnvel hraðar en fólk telur.

„Við hjá Rue de Net ætlum okkur að nýta þessa nýjustu tækni til hins ítrasta og erum farin að horfa á erlenda markaði. Allar okkar vörur eru til sölu í AppSource og nú erum við einnig farin að bjóða þjónustu og ráðgjöf í AppSource. Það þýðir að vörurnar okkar eru ekki það eina sem erlendir viðskiptavinir geta keypt frá okkur í AppSource, heldur einnig þjónustan,“ greinir Karl frá.

Sjálfvirknivæðing er einnig fyrirferðarmikil í framtíðarsýn Rue de Net.

„Markmið okkar hefur ávallt verið að nýta tæknina til góðs, og auðvelda og létta undir í starfsemi fyrirtækja. Krafan um sjálfvirknivæðingu er alltaf að verða meiri og meiri, hraðinn í nútímasamfélagi er mikill og því nauðsynlegt að geta brugðist hratt við breyttum aðstæðum. Þar spilar tæknin lykilhlutverk. Það er svo mikilvægt að mismunandi hlutar starfsemi fyrirtækja tali vel saman og þar kemur Microsoft sterkt inn með Power Platform-i sínu. Ég sé því fyrir mér að við munum nýta Power Platform miklu meira þegar fram líða stundir,“ bætir Karl við.

„Fyrir Business Central er endapunkturinn nokkuð skýr: Á endanum munu allir keyra sitt viðskiptakerfi í skýinu. Þessi vegferð er löngu hafin, en margir okkar viðskiptavina eru nú þegar komnir í skýið og fleiri og fleiri bætast við í hverjum mánuði. Þessi þróun heldur því bara áfram.“

Taktu skrefið upp í skýið – því fyrr því betra

Að mati Karls ættu öll fyrirtæki að taka skrefið upp í skýið, og það fyrr en seinna. Einfaldlega til að geta notið góðs af öllu því sem skýið hefur upp á að bjóða.

„Sumir velta kannski fyrir sér hvort þetta sé ekki bara skref sem minni fyrirtæki geta tekið í dag, en það er síður en svo. Fyrstu innleiðingarnar voru hjá minni fyrirtækjum en nú eru stærri fyrirtæki líka búin að taka skrefið. Engin fyrirtæki eru of lítil né stór fyrir skýið,“ segir Karl.

„Það er svo margt sem verður einfaldara og betra í skýinu. Fyrirsjáanleiki og skalanleiki sem ekki hefur áður þekkst er nú í boði fyrir öll fyrirtæki. Aðgengi verður einnig svo miklu betra, sem er mjög mikilvægt í nútíma vinnuumhverfi, eins og við höfum öll kynnst síðastliðna átján mánuði. Við hjá Rue de Net höldum því ótrauð áfram á skýjavegferð okkar og hvetjum fyrirtæki til að byrja að hugsa til framtíðar. Við höfum einsett okkur að styrkja framsækin fyrirtæki á þeirra vegferð og erum til í spjallið hvenær sem er.“

> **Öll fyrirtæki ættu að taka skrefið upp í skýið, og það fyrr en seinna. Einfaldlega til að geta notið góðs af öllu því sem skýið hefur að bjóða.**
>
> Karl Einarsson

Rue de Net Reykjavík er á Suðurlandsbraut 8. Sími 414 5050. Allar nánari upplýsingar á ruedenet.is

Hjálpa fyrirtækjum að nýta Microsoft 365

OZIO sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir fyrirtæki í Microsoft 365 viðskiptaumhverfi og hefur yfirgripsmikla þekkingu á verkferlum fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Lausnirnar geta sparað fyrirtækjum mikið fé.

Sigurjón Hákonarson, framkvæmdastjóri OZIO. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við sérhæfum okkur í hugbúnaðarlausnum fyrir fyrirtæki í Microsoft 365 viðskiptaumhverfi og leggjum megináherslu á stafræna ferla og hagræðingu með lausnum sem fyrirtækin eiga nú þegar, en nánast öll fyrirtæki eru í þessu umhverfi Microsoft 365 en átta sig kannski ekki alltaf á því hvernig er hægt að nýta það,“ útskýrir Sigurjón Hákonarson, framkvæmdastjóri OZIO. „Í sumum tilvikum eru þau jafnvel að kaupa lausnir frá öðrum sem er að finna þarna inni. Við viljum hjálpa fyrirtækjum að finna hvernig má nýta umhverfið betur og þar með ná fram töluverðri hagræðingu með upplýsingatækni.“

> **Nánast öll fyrirtæki eru í þessu umhverfi Microsoft 365 en átta sig kannski ekki alltaf á því hvernig er hægt að nýta það.**
>
> Sigurjón Hákonarson

Mjög oft svipaðar áskoranir

„Við búum yfir áralangri reynslu og þekkingu á verkferlum fyrirtækja, óháð stærð og eðli starfsemi þeirra,“ segir Sigurjón. „Við erum búnir að leysa alls konar vandamál og í raun eru alltaf sömu verkferlar hjá fyrirtækjum, hvort sem fyrirtækin eru 15-20 manna eða 2-300 manna. Fyrirtæki eru mikið að glíma við svipaðar áskoranirnar, umfangið er bara mismikið.

Samningakerfið sem við bjóðum upp á er ágætis dæmi um kosti þjónustunnar okkar. Við erum með samningakerfi sem er innbyggt í Microsoft 365 umhverfið og getur haldið utan um samninga, allt frá samningagerð til undirritunar,“ segir Sigurjón. „Kerfið inniheldur tengingu við undirritunarþjónustu, þannig að það er hægt að vinna samninginn, senda hann til undirritunar og fá undirritað skjal til baka, allt innan kerfisins, svo það þarf ekki að fara neinar krókaleiðir.“

Getur sparað mikið fé

„Margir telja að upplýsingatækni sé dýr, en tilgangurinn með því að fjárfesta í henni er að spara og hagræða,“ segir Sigurjón. „Það kostar mögulega tvær milljónir að fá heildstæða lausn, en mikilvægt er að átta sig á hvað slík lausn getur sparað á móti. Þegar kemur að því að skoða fjárfestingar í upplýsingatækni þarf því að huga að því hvaða kostnaður fer út, sem er ekki bara fjármagn heldur líka tími.

Umræðan er oft villandi og segir að það að eyða í upplýsingatækni snúist um að fækka starfsfólki, en þetta snýst ekki um það, heldur hagræðingu í fjármagni og/eða tíma,“ segir Sigurjón. „Það getur samt hins vegar þýtt að fólk færist til í starfi eða geti eytt tímanum í skemmtilegri verkefni, því við viljum bjóða lausnir sem gera óþarft að hafa fullt af fólki að vinna handavinnu.“ ■

Ert þú með besta bankaappið?*

Ef þú ert ekki með Arion appið getur þú sótt það í **App Store** eða **Google Play**. Í appinu tekur enga stund að:

- Kaupa og selja hlutabréf og í sjóðum
- Stofna viðbótarlífeyrissparnað
- Byrja grænan sparnað
- Borga reikninga
- Frysta kort
- Dreifa greiðslum
- Stýra yfirdrætti
- Sækja um Núlán
- Finna PIN númer

arionbanki.is *Skv. MMR 2021

Fullkomið **bókhaldskerfi** í skýinu

frá manninum sem færði okkur Dynamics Ax

Erik Damgaard stofnandi Uniconta

Prófaðu frítt í 30 daga

Frá 5.995 á mánuði (án vsk)

UNICONTA

www.uniconta.is



Ólafur Páll Einarsson, framkvæmdastjóri Dokobit á Íslandi, segir notkun rafrænna undirskrifta hafa margfaldast á einu ári.

Dokobit sameinast Signicat

Hugbúnaðarfyrirtækið Dokobit þróar hugbúnað fyrir rafrænar undirskriftir og hefur undanfarin ár verið í örum vexti. Í dag styður Dokobit rafræn skilríki frá 14 löndum í Evrópu og þjónustar fjölmörg íslensk fyrirtæki og ríkisstofnanir.

Stór hluti Íslendinga hefur notað Dokobit án þess að hafa vitneskju um það hvernig Dokobit kemur við sögu, meðal annars sem hluta af stafrænum ferlum hjá viðskiptabönkum, tryggingafélögum, fjarskiptaþjónustu, endurskoðendum, vegna bíla- eða fasteignaviðskipta. Meðal þeirra fyrirtækja sem Dokobit þjónustar eru Íslandsbanki, Reykjavíkurborg, Landsvirkjun, KPMG, Vodafone, Stafrænt Ísland, Menntasjóður námsmanna, Origo og ótal fleiri. Nýlega sameinaði Dokobit krafta sína með norska fyrirtækinu Signicat sem er leiðandi í rafrænni traustþjónustu í Evrópu.

Stærst á Íslandi

„Fyrir tíu árum hófum við vegferð okkar í rafrænum undirskriftum og vildum breyta því hvernig fyrirtæki eiga viðskipti með undirritun skjala. Og það tókst! Í dag er Dokobit stærsti lausnaraðili rafrænna undirskrifta á Íslandi og í Eystrasaltslöndunum. Til þess að halda samkeppnishæfni í ört vaxandi umhverfi rafrænna undirskrifta er sérstaklega mikilvægt að geta brugðist hratt við. Jafnvel með nauðsynlegri sérfræðiþekkingu og mannafli getur tíminn sem það

> **Markmið okkar hefur alltaf verið að verða stærst í Evrópu á sviði rafrænna undirskrifta og með Signicat munum við ná því mun hraðar.**

tekur að koma nýjum lausnum á markað verið einn mikilvægasti þátturinn sem stýrir hvaða fyrirtæki ná árangri og framtíðarhorfum þeirra," segir Ólafur Páll Einarsson, framkvæmdastjóri Dokobit á Íslandi.

„Markmið okkar hefur alltaf verið að verða stærst í Evrópu á sviði rafrænna undirskrifta og með Signicat munum við ná því mun hraðar – með því að nýta hinn mikla fjölda auðkenningarlausna Signicat munum við geta einbeitt okkur að nýsköpun og þróun á lausnum fyrir rafrænar undirskriftir."

Signicat er eins og Dokobit einn af fáum fullgildum traustþjónustuveitendum sem eru skráðir á Traustlista Evrópusambandsins. „Í dag eru aðeins tveir aðilar á Íslandi, Auðkenni og Dokobit, sem hafa lokið eIDAS vottun sem fullgildir traustþjónustuveitendur, til staðfestingar um samræmi við lög nr. 55/2019 (eIDAS reglugerðin) sem gilda um rafrænar undirskriftir og aðrar traustþjónustur. Í dag eru að minnsta kosti tvö dómsmál í vinnslu í íslenska réttarkerfinu sem tengjast rafrænum undirskriftum og nýttu málsaðilar fullgilda staðfestingarþjónustu Dokobit í þeim, til þess að sýna fram á hvort undirskriftirnar mættu öllum viðeigandi kröfum eIDAS og væru þar með gildar eða ekki," upplýsir Ólafur og bætir við: „Í skilgreiningu á rafrænum undirskriftum, samkvæmt eIDAS-reglugerðinni, eru eingöngu fullgildar, rafrænar undirskriftir jafnar handrituðum undirskriftum og hafa þar af leiðandi óyggjandi réttaráhrif. Það getur þess vegna reynst dýrkeypt að veita afslátt af öryggi þegar rafrænar undirskriftir eru notaðar og dómafordæmi um að dómstólar hafi hafnað skjölum með rafrænum undirskriftum sem eru ekki útbúnar á fullnægjandi hátt," bendir hann á.

Ný rafræn skilríki

„Á þessu ári keypti Signicat einnig tvö önnur fyrirtæki, Encap Security í Noregi og Electronic IDentity frá Spáni, sem er leiðandi í heiminum á sviði myndgreininga (fyrir skilríkjaafhendingu) og mun það enn frekar styrkja stöðu okkar í Evrópu í fjártæknilausnum á RegTech-markaði. Það er tímafrekt verkefni að bæta við stuðningi við rafræn skilríki frá öllum löndum Evrópu og ein stærsta hindrunin fyrir áframhaldandi vexti. Lausnin fólst í að eignast okkar eigin rafrænu skilríki með því að kaupa útgáfuaðila fyrir rafræn skilríki sem hafði þegar lokið eIDAS-vottun.

> **„If you want to go fast, go alone. If you want to go far, go together."**
>
> **– Steve Jobs**

Stefnan er alls ekki að fara í samkeppni við Auðkenni við útgáfu rafrænna skilríkja á Íslandi, heldur munum við áfram nota þau rafrænu skilríki sem við höfum nú þegar stuðning við. Hins vegar mun þetta þýða, í tilfellum þar sem til dæmis íslenskur aðili þarf að fá skjal undirritað á móti erlendum aðila sem er fyrir ekki með nein rafræn skilríki, að þá getum við leyst það á einfaldan og öruggan hátt," segir Ólafur.

„Í sumar fór fram ríkisútboð fyrir rammasamning ríkis og sveitarfélaga í útboði um rafrænar undirskriftir og traustþjónustu, þar sem Dokobit var eini bjóðandinn sem gat mætt öllum kröfum ríkisins og fékk hæstu einkunn fyrir gæði lausnarinnar. Þegar kemur að því að velja lausn fyrir rafrænar undirskriftir, eru fjölmörg atriði sem hafa ber í huga eins og t.d. öryggi lausnarinnar og fylgni við kröfur eIDAS reglugerðarinnar, til að tryggja að undirskriftirnar hafi full réttaráhrif. Fyrir aðila sem hafa áhuga á að vita meira geta þeir haft samband við viðskiptastjóra í gegnum netfangið: ragna@dokobit.is ■

Dokobit

Fólk vill meiri sjálfvirkni

Covid-faraldurinn hefur gjörbreytt vinnulagi fólks og flýtt fyrir tæknilegri þróun og breytingum sem annars hefðu tekið lengri tíma. Léttskýið er nýr kostur frá Origo sem hentar litlum og meðalstórum fyrirtækjum í tæknilegu rekstrarumhverfi.

Sara Sigurðardóttir, hópstjóri Viðskiptamiðju Origo, og Ásta Guðmundsdóttir, forstöðumaður kerfisreksturs og framlínuþjónustu Origo. MYND/AÐSEND

„Krafan um að fólk geti unnið hvar og hvenær sem er hefur aukist til muna og hefur sú þróun ýtt enn frekar undir stafrænt vöruframboð og sjálfvirknivæðingu," segir Ásta Guðmundsdóttir, forstöðumaður kerfisreksturs og framlínuþjónustu hjá Origo. „Við sjáum þessa þróun hjá Origo þar sem viðskiptavinir vilja í miklum mæli hjálpa sér sjálfir. Notkun á sjálfvirkum lausnum hjá okkur hefur vaxið um allt að 70 prósent frá upphafi Covid-faraldursins," segir hún.

Fyrirtækin fæðast í skýinu

Ásta segir að faraldurinn hafi gjörbreytt afstöðu fólks til þeirrar sjálfvirkni og einfaldleika sem skýjalausnir hafa yfir að ráða. „Í raun var þörfin ekki til staðar fyrr en fólk sat eitt heima í fjarvinnu. Það þurfti að gera breytingar á hugsunarhætti, vinnulagi og læra nýja hluti. Þessi breyting hefur fylgt fólki nú þegar það snýr aftur á skrifstofuna í meira mæli en áður. Það vill klárlega hafa tækifæri til þess að sækja lausnir þegar því hentar og án þess að þurfa að setja sig inn í flókin tæknimál eða bíða eftir aðstoð frá öðrum. Svo er það hin hliðin á peningnum. Mörg ný stafræn fyrirtæki, svo sem netverslanir af ýmsum toga, hafa litið dagsins ljós í faraldrinum í kjölfar breytingar á neyslumynstri. Þessi fyrirtæki hafa öll fæðst í skýinu og þau vilja geta bjargað sér sjálf með stafrænum en öruggum leiðum."

Einfaldari lausn fyrir smærri fyrirtæki

Ásta segir að þessi nýja afstaða fólks kalli á breytingar hjá tæknifyrirtækjum eins og Origo. „Við erum á fullri ferð í að þróa einfaldar lausnir fyrir viðskiptavini okkar. Þar má nefna Léttskýið, sem hentar sérstaklega litlum og meðalstórum fyrirtækjum og ekki síst sprotafyrirtækjum. Lausnin er sérsniðin að þeim fyrirtækjum sem nýta sér Microsoft 365 og vilja útvista utanumhaldi á tölvubúnaði og skýjaþjónustu," segir Ásta.

Hún bætir við að Léttskýið sé afrakstur djúps samtals við viðskiptavini þar sem einfaldleiki og öryggi séu í fyrirrúmi. „Við sjáum að fyrirtæki vilja í auknum mæli einbeita sér að því sem þau kunna best og láta aðra um tæknimálin. Þess vegna skiptir máli að hafa yfir að ráða hagkvæmum lausnum eins og Léttskýinu þar sem einfaldleiki, öryggi, hraði og góð þjónusta ræður ríkjum.

Viðskiptavinir fá aðgang að sjálfsafgreiðslulausnum sem varan hefur yfir að ráða og geta í mörgum tilfellum leyst málin þegar þeim hentar. Að öðrum kosti geta þeir fengið aðstoð sérfræðinga í Þjónustumiðju Origo. Origo er með fjölda skýjasérfræðinga sem geta brugðist hratt og örugglega við þegar kallið frá viðskiptavini kemur. Við höfum stóraukið þjónustu- og gæðaeftirlit fyrir þessa viðskiptavini, þannig að þeir geta reitt sig á að við bregðumst hratt og örugglega við öllum þeirra ábendingum og óskum," segir Ásta. ■

Gömlu tækin fá framhaldslíf í Origo

Nú geta símar og tölvur fengið framhaldslíf hjá Origo. Ef viðskiptavinir koma með gömlu tækin er hægt að endurnýta þau eða farga því sem ekki er hægt að nota með umhverfisvænni hætti.

Muhammad Ahmad, Kristófer Björnsson, Hafdís Ragnarsdóttir og Sigríður Ásdís Þórhallsdóttir, eru fólkið sem tekur við búnaðinum í Origo. MYND/AÐSEND

Hægt er að sjá hvort raftæki sé hæft til endurnýtingar og hversu mikið fæst fyrir það, hjá Origo. Endurnýta má snjallsíma, spjaldtölvur, fartölvur, snjallúr og leikjatölvur. „Hægt er að koma gömlu tækjunum til okkar og fólk getur fengið inneignarnótu fyrir andvirði tækisins hjá okkur," segir Sesselja Þórunn Jónsdóttir, forstöðumaður Búnaðarþjónustu hjá Origo.

> **Það er einfalt að frelsa gamla tækið úr skúffunni og gefa því nýtt líf. Ef ekki er hægt að endurnýta tækið sjáum við til þess að því sé fargað á umhverfisvænan hátt.**
>
> Sesselja Þórunn

Rótaðu í raftækjaskúffunni

„Það eiga allir gömul raftæki ofan í skúffu sem þeir hafa ekki hent einhverra hluta vegna. Það er einfalt að frelsa gamla tækið úr skúffunni og gefa því nýtt líf. Ef ekki er hægt að endurnýta tækið sjáum við til þess að því sé fargað á umhverfisvænan hátt," segir Sesselja.

Endurvinnsla

Allur notaður búnaður er sendur til Foxway, sem er leiðandi fyrirtæki í förgun og endurnýjun á gömlum raftækjum. Gömlu raftækin taka þátt í hringrásarhagkerfinu með aðstoð Foxway, en markmið fyrirtækisins er að minnka sóun og draga úr úrgangi með því að deila, gera við, endurnota, endurframleiða og endurvinna.

Öll förgun hjá Foxway er umhverfisvæn og uppfyllir WEEE (Waste Electrical and Electronic Equipment) reglugerð frá Evrópusambandinu og öll meðhöndlun gagna er samkvæmt GDPR (General Data Protection Regulation). ■



Vel skipulögð áætlun skiptir höfuðmáli

Íslensk fyrirtæki og stofnanir eru ekki að standa sig nægjanlega vel á sviði þekkingar, viðbúnaðar og tæknilegrar getu, þegar kemur að öryggismálum fyrirtækja og stofnana. Syndis er í fararbroddi þegar kemur að ráðgjöf varðandi netöryggismál.

„Netárásum mun fjölga og tap vegna þeirra mun aukast," segir Ebenezer Böðvarsson, öryggissérfræðingur hjá netöryggisfyrirtækinu Syndis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samkvæmt svokölluðum Global Cyber Security Index, hjá International Telecommunication Union, kemur fram að Ísland hafi bætt árangur sinn í netöryggismálum milli úttekta. Það er klárlega jákvæð þróun, segja þeir Ebenezer Böðvarsson öryggissérfræðingur og Björn Orri Guðmundsson, forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá netöryggisfyrirtækinu Syndis, sem hefur um nokkurra ára skeið verið í fararbroddi hér á landi þegar kemur að ráðgjöf varðandi netöryggismál fyrirtækja og stofnana.

Þeir finna vel fyrir auknum áhuga stjórnenda fyrirtækja og stofnana. „Þrátt fyrir það er það mat okkar að á öllum mælikvörðum sem skipta máli erum við ekki að standa okkur nægjanlega vel á sviði þekkingar, viðbúnaðar og tæknilegrar getu þegar kemur að öryggismálum fyrirtækja og stofnana, en Ísland er næst á eftir Rúanda í fyrrgreindri úttekt," segir Ebenezer.

Ný heildræn og notendavæn áætlun um rekstrarsamfellu

Nýlega setti Syndis á markað nýja vöru sem ber heitið Business continuity framework, sem má segja að sé heildræn og notendavæn áætlun til að styðjast við í alvarlegu rekstraráfalli, segir Björn Orri. „Í alvarlegu rekstraráfalli skiptir höfuðmáli að hafa vel skipulagða áætlun. Við hjá Syndis höfum prófað viðbragð fjölmargra fyrirtækja með borðæfingum, nú eða komið inn í atburðarás þar sem viðbragðsáætlanir fyrirtækja eru ekki nægjanlega nothæfar til að bregðast við áföllum."

Þeir segja að viðbragðsáætlanir fyrirtækja heppnist sjaldnast nægilega vel, en hvers vegna skyldi það vera? „Þetta er spurning sem starfsfólk Syndis spurði sig og eftir ítarlega greiningu á hvar áætlanirnar brotna, þróaði Syndis nýja nálgun sem án þess að umbylta því sem fyrir er gerir áætlanirnar auðveldari í notkun. Útkoman er heildræn og notendavæn áætlun sem hægt er að innleiða eða aðlaga því sem fyrir er og er því nógu heildræn fyrir mjög stórar stofnanir, en á sama tíma nógu einföld og notendavæn til að gagnast minni fyrirtækjum sem vilja geta brugðist við rekstraráföllum á skilvirkan máta."

SecDevOps er næsta þroskastig

Fyrirtæki sem hafa tekið virkan þátt í hugbúnaðarþróun á undanförnum árum hafa í auknum mæli tileinkað sér vinnubrögð sem sameina hugbúnaðarþróun og rekstur sem fylgja lykilreglunum sem eru skilgreindar með hlutdeild (e. ownership), sjálfvirkni vinnuflæðis (e. workflow automation) og skjótri endurgjöf (e. rapid feedback) sem er í daglegu tali kallað DevOps.

„Eiginleikinn til að koma breytingum hraðar til viðskiptavina kemur með aukinni áherslu á að ganga úr skugga um að afhendingin sé einnig örugg. Mörg fyrirtæki snúa sér til öryggisfyrirtækja eins og Syndis til að framkvæma öryggisprófanir, en fyrir flest þessara fyrirtækja eru slíkar úttektir framkvæmdar á síðari stigum þróunar og í sumum tilvikum eftir útgáfu, sem getur haft í för með sér mikinn kostnað eða jafnvel skaða fyrir fyrirtækið ef upp koma alvarlegir öryggisveikleikar."

Syndis hefur um nokkurra ára skeið verið í fararbroddi hér á landi þegar kemur að ráðgjöf varðandi netöryggismál fyrirtækja og stofnana.

> **Í alvarlegu rekstraráfalli skiptir höfuðmáli að hafa vel skipulagða áætlun.**
>
> Björn Orri Guðmundsson

SecDevOps er því næsta þroskastig og bætir ferlið við að samþætta bestu starfsvenjur og aðferðafræði öryggis við þróun og útgáfu, sem DevOps gerir mögulegt, bæta þeir við. „Syndis hefur þróað námskeið í öryggismálum fyrir þróunaraðila í formi stuttra fyrirlestra og æfinga sem gerðar eru í gegnum eigin hugbúnaðarlausn Syndis. Námskeiðin eru til þess fallin að hjálpa fyrirtækjum sem vilja ná þessu þroskastigi til að kenna starfsfólki sínu fyrstu skrefin í notkun tóla og aðferðafræði, sem Syndis notar í raunverulegum öryggisprófunum."

Breyttar kröfur viðskiptavina

Auk fyrrnefndra nýjunga hefur Syndis styrkt stjórnendaráðgjöf sína, bætt við starfsfólki á þeim vettvangi og sett mikla vinnu í að þróa og innleiða nýjar vörur til að styðja við þá stefnu. „Hópurinn hefur tvöfaldast á þessu ári og auk þess höfum við aukið áherslu á stafræna öryggisþjónustu.

Fyrirtæki og verslanir eru vön að vera með innbrotakerfi og myndavélakerfi í raunheimum, en nú hefur verslun og þjónusta færst gríðarlega mikið í stafræna þjónustu og kröfur markaðarins eru að geta fengið sambærilega þjónustu í formi stafrænna öryggiskerfa og vöktunar. Það eru ekki mörg fyrirtæki í dag sem halda úti starfsemi án tölvukerfanna sinna og við bjóðum því upp á 24/7 vöktun og viðbragð við innbrotum og stafrænum skemmdarverkum."

Netárásum mun fjölga

Þeir eru sammála því að netöryggismál muni verða sífellt stærri hluti af rekstri fyrirtækja í nánustu framtíð, burtséð frá því hvort áhuginn fyrir því sé til staðar eða ekki. „Netárásum mun fjölga og tap vegna þeirra mun aukast.

Samhliða þessum breytingum mun þekking aukast, en til þess að það gerist nægilega hratt þarf stöðuga fjárfestingu á mörgum vígvöllum svo við höldum í við þau lönd sem við alla jafnan berum okkur saman við. Það er mikilvægt að fylgjast með kerfum til að geta brugðist við með áhrifaríkum hætti þegar öryggisfrávik á sér stað og stór þáttur í fumlausu viðbragði er að hafa einfalda umgjörð og notendavæna ferla sem eru vel kynntir og æfðir." ■

YEST/YESTA úlpukápa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-60
Verð kr. 22.980

YEST/YESTA úlpa
Stærðir 38-60
Verð kr. 26.980

YEST/YESTA Softshel jakki
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-60
Verð kr. 22.980

YEST/YESTA úlpa
Stærðir 38-58
Verð kr. 22.980

YEST/YESTA Glansúlpa
Stærðir 38-60
Verð kr. 24.980

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE-ZE Nordic | OPHILIA

ZHENZI kjóll
Fæst líka í bláu og svörtu
Stærðir 42-56
Verð kr. 9.990

ZE-ZE kjóll
Fæst líka í bláu
Stærðir 38-48
Verð kr. 8.990

ZE-ZE skyrtukjóll
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-48
Verð kr. 6.990

GOZZIP síð peysa
Fæst líka í kamellit
Stærðir 40-56
Verð kr. 16.980

YEST Ornika essential treggings
Fást líka í svörtu
Stærðir 36-48
Verð kr.8.980

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | Tamaris | Handberg | Jana

SUNDAY náttkjóll
Stærðir 38-52
Verð kr. 7.980

SUNDAY náttföt
Stærðir 38-52
Verð kr. 9.980

ZE-ZE náttkjóll
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-48
Verð kr. 6.990

ZHENZI náttföt
Fást í fleiri litum - Stærðir 42-56
Bolur Verð kr. 6.990
Buxur Verð kr. 7.990



LASESSOR
Moomin fjölnota innkaupapokar
Verð kr. 2.590

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Vilja láta fötin kalla á sig

Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is

Frumlegur fatnaður einkennir meðlimi hljómsveitarinnar Skoffín, sem nú vinnur að þriðju plötu sinni. Tveir meðlimir sveitarinnar sýna lesendum úrval úr fataskápum sínum, þar sem notuð föt gegna stóru hlutverki.

Hljómsveitin Skoffín byrjaði sem hugarfóstur söngvarans, lagasmiðsins og gítarleikarans Jóhannesar Bjarka, sem gaf út plötuna Skoffín bjargar heiminum árið 2019. Fljótlega eftir útgáfu hennar má segja að verkefnið hafi breyst í hljómsveit og við bættust þeir Auðunn Orri, Sævar Andri og Bjarni Daníel.

Á síðasta ári gaf sveitin út Skoffín hentar íslenskum aðstæðum, en segja má að tónlist hennar sé nokkurs konar blanda af post-pönki og indírokki. Meðlimir Skoffíns leggja mikið upp úr líflegri sviðsframkomu og ekki síður frumlegum fatnaði, sem Jóhannes segir þá einmitt nota til að miðla tónlist þeirra og framkomu betur. „Það sem er helst fram undan hjá okkur næstu mánuði er áframhaldandi vinna við gerð nýrrar plötu með Árna Hjörvari Árnasyni, bassaleikara The Vaccines, en hann tók einmitt upp síðustu plötu okkar."

Jóhannes og Bjarni sýna hér lesendum inn í fataskápa sína og svara nokkrum spurningum.

Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast undanfarin ár?

Jóhannes: Ég hef lengi haft áhuga á tísku en síðustu ár hef ég nýtt til þess að þróa með mér persónulegan stíl. Ég er farinn að hafa meiri áhuga á betri nýtingu fatnaðar og sjálfbærri framleiðslu í klæðnaði. Að sama skapi hef ég reynt að láta fötin kalla á mig, en ekki öfugt. Mér finnst mikilvægt að finna flík sem ég er tilbúinn til að eiga lengi og er þess virði að viðhalda.

Bjarni: Ég er kannski ekki beint með brennandi áhuga á tísku en hef almennt reynt að velja föt sem hafa tímalaust útlit, þar sem ég vinn mikið með grunnliti og jarðtóna. Yfirleitt reyni ég að hafa þægilegheitin í fyrirrúmi en það eru 2-3 ár síðan ég áttaði mig á því hvað það skiptir miklu máli upp á að líða vel dagsdaglega að vera í þægilegum fötum. Síðan hef ég ekki látið mér detta í hug að kaupa einu sinni smá óþægilega flík.

Jóhannes (t.v.) klæðist Levi's-gallabuxum og Wrangler-peysu. Úlpan er eldgömul ÍTR-úlpa sem hann fann í geymslu. Coca-Cola-trefill og Aldrei fór ég suður húfa. Bjarni er í Sketchers-skóm sem voru keyptir í Verslanahöllinni við Laugaveg. Peysa og Levi's-buxur voru keypt í Rauða krossinum.

Jóhannes (t.v.) er hér í uppáhalds fínu fötunum sínum. Flauelsbuxur og rúllukragabolur eru úr Kormáki og Skildi. Jakkinn kemur af nytjamarkaði. Bjarni klæðist buxum og bol úr Rauða krossinum. Vínrauðu Doc Martens-skórnir voru keyptir á flóamarkaði í Dublin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jóhannes (t.v.) í Levi's-gallabuxum. Levi's-gallajakkinn kemur frá bróður hans og er myndskreyttur af Karan Kandhari. Skyrtan er úr kjallara Jörmundar gamla. Bjarni er í bol og Lee-gallabuxum úr Rauða krossinum. Blái jakkinn er eign kærustunnar og Vans-skórnir eru mikið notaðir enda sturlað þægilegir.

> **Annars er ég líka duglegur að hirða föt af vinum og fjölskyldumeðlimum þegar þeir eru að losa sig við dót.**
>
> Bjarni Daníel

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Jóhannes: Ég kaupi fötin mín helst notuð. Helstu verslanir sem ég sæki í eru Rauðakrossbúðirnar, Hertex, Fatamarkaðurinn á Hlemmi og svo kjallarinn hans Jörmundar.

Bjarni: Ég kaupi bara notuð föt og versla mest í Rauðakrossbúðunum. Annars er ég líka duglegur að hirða föt af vinum og fjölskyldumeðlimum þegar þeir eru að losa sig við dót. Það er náttúrulega bæði ódýrasta og umhverfisvænasta leiðin til að eignast föt.

Hvaða litir eru í uppáhaldi?

Jóhannes: Rauður er uppáhaldsliturinn minn, en undanfarið hef ég frekar klæðst jarðlitum. Svo er fátt sem jafnast á við bláar gallabuxur.

Bjarni: Allir litir eru bestir! En ég er búinn að vera að vinna mikið með bláan og brúnan upp á síðkastið.

Áttu minningar um gömul tískuslys?

Jóhannes: Ég man eftir að hafa spilað tónleika í R6013 þar sem við klæddumst allir svörtum ruslapokum. Það var drasl.

Bjarni: Í nokkur ár gekk ég í þröngum gallabuxum nánast á hverjum degi. Eftir á að hyggja var það hálfgert tískuslys, því það var ekki mjög þægilegt og gengur eiginlega gegn einu tískureglunni minni í dag, sem er að ganga bara í þægilegum fötum.

Hvaða þekktir einstaklingar eru svalir þegar kemur að tísku?

Jóhannes: Ég ætla að segja Bríet. Mér finnst stíllinn hennar mjög metnaðarfullur og flottur. Svo er það Born in the USA Bruce Springsteen. Einfaldur. Geggjaður.

Bjarni: Ágúst Elí vinur minn er mjög flottur! Mikill töffari og „fellow" Rauðakrossmaður. Svo finnst mér stelpurnar í Gróu líka vera með mjög „iconic" stíl.

Hvaða flíkur hefur þú átt lengst og notar enn?

Jóhannes: Það er líklegast svört dressskyrta sem ég erfði frá afa mínum heitnum.

Bjarni: Ég og systir mín deila forræði yfir brúnni ullarkápu sem pabbi okkar átti þegar hann var í háskólanum í níunni. Hún er allt of stór en mjög hlý og notaleg. Ég hef klæðst henni reglulega í nokkur ár.

Áttu eina uppáhaldsflík?

Jóhannes: Flauelsbuxurnar mínar sem ég fékk í jólagjöf frá systur minni hreppa heiðurinn.

Bjarni: Ég á eina risastóra svarta hettupeysu sem mér áskotnaðist einhvern tímann. Nota hana nánast daglega sem aukalag yfir veturinn. Svo eru Vans-striga-skórnir mínir líka búnir að vera ákveðinn fasti í nokkur ár.

Bestu og verstu fatakaupin?

Jóhannes: Grænn síðfrakki frá Jörmundi eru bestu fatakaupin. Stór og sovéskur jakki sem er fullkominn á veturna. Verstu fatakaupin er allt of stór gallaskyrta með skallaörnum á öxlunum. Hún er samt smá geggjuð.

Eyðir þú miklum peningum í föt miðað við jafnaldra þína?

Jóhannes: Ég er nískupúki og þarf helst að vera búinn að ákveða með miklum fyrirvara hvað mig vantar. Svo er auðvitað miklu hagkvæmara að kaupa notað.

Bjarni: Ég eyði alls ekki miklum pening í föt og kaupi bara notuð föt, sem er auðvitað miklu ódýrara en að kaupa ný föt. ■

SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA

Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum og eru þekkt fyrir:

Arctic Star



- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húð- próteins og insúlíns
- Stuðla að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs
- Stuðla að viðhaldi beina, tanna og vöðva
- Stuðla að bættri starfsemi ónæmiskerfisins
- D-vítamín hefur hlutverki að gegna við frumuskiptingu.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,
Framleiðandi er Arctic Star ehf.
Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is
Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

Dior FOREVER

THE EXTRAORDINARY FOUNDATION

97% ÞEIRRA SEM PRÓFUÐU **MÆLTU MEÐ** DIOR FOREVER VIÐ AÐRA[1].

95% ÞEIRRA SEM PRÓFUÐU **STAÐFESTU** AÐ DIOR FOREVER ENDIST LENGUR Á EN FARÐINN ÞEIRRA[1].

98% ÞEIRRA SEM PRÓFUÐU **STAÐFESTU** AÐ DIOR FOREVER FULLKOMNI ÁSÝNDINA[1].

N°1

DIOR FOUNDATION[2]

[1] TEST ON 66 WOMEN, AFTER ONE WEEK OF USE, ON DIOR FOREVER. [2] WORLDWIDE DIOR SALES, 2018-2019.

Dior dagar í Lyfjum & heilsu Kringlunni dagana 23. – 26. sept. - 20% afsláttur

Fallegur kaupauki ef keyptar eru Dior vörur fyrir 9.500 kr. eða meira.

Lyf & heilsa

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

SPARIbíll

Honda CR-V Executive 5/2016 Ekinn 97 þ. Km. Flottasta typa með Leðurinnréttingu glerþaki Og öllum lúxus. Einn eigandi frá upphafi. Verð: 3.750.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Stækkaðu heimilið með svalalokun frá COVER

5 ÁRA ÁBYRGÐ

COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförnum árum.

COVER FINNSK GÆÐI Í 35 ÁR
NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is

VÖRUKAUP

Burðarvirki úr límtré, þak- og veggeiningar

EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Öryggisfjarskipta ehf, leitar eftir þátttökubeiðnum í forval vegna lokaðs útboðs fyrir nýtt flugskýli Landhelgisgæslu Íslands við Nauthólsveg á jaðri Reykjavíkurflugvallar. Útboðið felst í verkfræðihönnun og framleiðslu á burðargrind úr límtré ásamt samlokueiningum á þak og veggi. Áætlað er að flugskýlið verði tilbúið til notkunar um mitt næsta ár.

Húsið verður um 39 m breitt, 39 m langt, vegghæð á langhlið um 8 m og mænishæð um 12 m.

Vörurnar afhendast á byggingarstað.

Áhugasamir aðilar geta fengið kröfulýsingu hjá EFLU verkfræðistofu með tölvupósti á **dsp@efla.is** frá og með **27. september.**

Áhugasamir aðilar sem telja sig geta útvegað vörurnar sendi gögn um það til EFLU fyrir kl. 14:00 þann 11. október 2021. Aðilum sem metnir verða hæfir verður gefið færi á að bjóða í vörurnar.

Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Samkvæmt 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér endurauglýst eftirfarandi deiliskipulagstillaga:

Deiliskipulagstillaga – Hemrumörk , landnúmer 163356 Deiliskipulagið tekur til 9.000 m2 svæðis úr 182 ha landi lögbýlisins Hemrumarkar (landnr. 163356) í Skaftártungu, Skaftárhreppi. Í deiliskipulagi þessu er gert ráð fyrir byggingarreitum fyrir fjórar byggingar. Þannig er gert ráð fyrir byggingu eins íbúðarhúss auk tveggja gestahúsa og vélageymsluhúss.

Skipulagstillagan liggur frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með fimmtudeginum 23.september til og með 4.nóvember 2021. Tillagan er til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is.

Skila skal skriflegum athugasemdum á netfangið bygg@klaustur.is eða beint á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Dáleiðsla

Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslukennari
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com
www.bernhoft.is

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Sóttvarnafögnuður um helgina

Þeir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn segjast treysta fólki til að gleyma ekki sóttvarnareglum í gleðinni um helgina. Annaðhvort Víkingar eða Breiðablik munu hampa Íslandsmeistaratitlinum.

fanndisbirna@frettabladid.is

Öll vötn falla í Fossvog um helgina þar sem Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen munu væntanlega lyfta Íslandsmeistarabikarnum fyrir framan fjölmarga Víkinga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FÓTBOLTI Víkingur á möguleika á að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn um helgina, þegar liðið mætir Leiknismönnum á Víkingsvellinum á laugardag. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn segjast treysta fólki til að gleyma ekki sóttvarnareglum í gleðinni.

Aðspurður um hvort það sé hætta á því að fólk gleymi sér ef Víkingar vinna sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í þrjátíu ár, segir Víðir í samtali við Fréttablaðið að það geti gerst.

„Það er hætta á því að menn láti gleðina bera skynsemina ofurliði en ég held nú, út frá því sem maður hefur heyrt frá þeim, að þeir séu alveg meðvitaðir um þetta og með sín plön um hvernig þeir ætli að gera þetta eins skynsamlega og hægt er. Þeir undirbúa sig fyrir að fagna gríðarlega," segir Víðir.

Þórólfur bætir við að hann treysti á að fólk fari eftir þeim reglum sem eru í gangi og passi sig. „Það væri ánægjulegt ef menn geta glaðst yfir einhverjum titli, það er náttúrulega ekki útséð um það kannski enn þá, en ég vona bara að þau fari eftir reglunum," segir Þórólfur enn fremur.

Víðir bendir á að Víkingar hafi gefið út að þeir muni krefja gesti um hraðpróf fyrir leikinn, en þegar hraðprófum er beitt mega 1.500 manns koma saman í hverju hólfi í stað 500. Vísar hann til þess að Víkingur hafi í fyrri leikjum verið með tvö aðskilin hólf og því geti þau tekið við allt að þrjú þúsund manns.

„Svo geta þeir hugsanlega bætt við hólfum ef þeir eiga von á fleirum, en þeir hafa greinilega hugsað það að fara þessa leið og hafa þá heimild til svona viðburða," segir Víðir.

„Það verður ekkert eftirlit með þessu meira en bara öðru sem við erum að gera, við höfum verið að skoða íþróttaviðburði undanfarið og komið með ábendingar um það ef okkur hefur sýnst eitthvað vera ekki í lagi," segir Víðir. ■

Rooney hefur verk að vinna í vetur.

Missa tólf stig vegna gjaldþrots

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Enska deildakeppnin ákvað í gær að draga tólf stig af Derby sem er því komið með stigatöluna í mínus í næstefstu deild enska boltans. Var ákvörðunin tekin eftir að stjórn félagsins óskaði eftir gjaldþrotaskiptum fyrir helgi.

Derby er sögufrægt félag sem vann tvo meistaratitla á sínum tíma, en fjárhagsvandræði hafa einkennt rekstur félagsins undir stjórn Morris, sem hefur að eigin sögn reynt að selja félagið undanfarin ár. Wayne Rooney, fyrrum leikmaður Manchester United og enska landsliðsins, stýrir Derby þessa dagana, í frumraun sinni sem knattspyrnustjóri.

Undir stjórn Rooney var Derby að sigla lygnan sjó um miðja deild með tíu stig eftir átta umferðir, þrátt fyrir að fá úr litlu að moða í leikmannaglugganum í sumar.

Tuttugu ár eru liðin síðan Þórður Guðjónsson lék með Derby seinni hluta tímabilsins og skoraði eitt mark fyrir Hrútana. ■

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.* Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir. Hafðu samband og leyfðu okkur að hjálpa þér og þínu fyrirtæki að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is

44% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum **18-80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

49% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum **35-65 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

68% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum **55-80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA – MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI –

Merkisatburðir

1922 Oddur Oddsson, 74 ára, og Oddný Hannesdóttir, níræð, eru gefin saman í Reykjavík. Þar með verður hún elsta brúður landsins.
1941 Snorrahátíð er haldin í hátíðarsal Háskóla Íslands í minningu 700 ára dánarafmælis Snorra Sturlusonar.
1943 270 kjósendur afhenda Alþingi áskorun um að ganga ekki frá sambandsslitum við Dani.
1973 Leifar fellibylsins Ellenar ganga yfir Suðvesturland og valda miklu tjóni á húsum, bátum og bílum. Í Reykjavík nær vindhraði 200 kílómetrum á klukkustund.

1981 Hornsteinn er lagður að **Þjóðarbókhlöðunni** í Reykjavík

Frá göngu hópsins í Lónsöræfum. MYND/AÐSEND

Vesen og vergangur í tíu ár

Einar Skúlason stofnaði gönguhóp fyrir tíu árum til að sleppa við vesenið í kringum endalausar bílferðir.

arnartomas@frettabladid.is

Gönguhópurinn Vesen og vergangur fagnar tíu ára afmæli á næstu dögum. Í tilefni þess verður efnt til svokallaðrar Vesenispartíafmælisgöngu næsta föstudag, þar sem tímamótunum verður fagnað með tilheyrandi göngu og gleðskap.

„Þegar ég stofnaði þennan klúbb var tilgangurinn að fara lengri ferðir á borð við þjóðleiðir og þess háttar," segir Einar Skúlason stofnandi hópsins. „Það var búið að vera svo mikið vesen að skipuleggja endalausar bílferðir á upphafs- og endastað ferðanna að ég vildi stofna klúbb svo við gætum leigt rútu og losnað við allt þetta skutl."

Hópurinn var í fyrstu stofnaður sem Facebook-hópur þar sem Einar bauð 200-400 manns sem hann taldi að hefði áhuga á göngum og úr varð fyrsta ganga hópsins. Í kjölfarið fór fólk að sækja um aðild og í dag telur hópurinn um 15 þúsund meðlimi. Einar segir að góður félagsskapur skipti lykilmáli í gönguferðum.

„Það skiptir auðvitað máli upp á öryggið að gera, ef eitthvað kemur upp á," segir hann. „Maður fær líka meira út úr hughrifunum ef maður deilir reynslunni með einhverjum og úr endurteknum göngum og samverustundum getur þróast góð vinátta. Fólk fær líka meira úr göngum þegar góður leiðsögumaður er með í för sem stýrir hraðanum, bendir á áhugaverða staði og segir sögur, það er toppurinn."

Píslargöngur og dansilabb

Einar segir að göngurnar þar sem eitthvað er að veðrinu séu yfirleitt minnisstæðari en aðrar.

„Ég man eftir rigningargöngu þar sem við gengum á móti vindi og regni allan daginn," segir Einar. „Hún var haldin á hvítasunnu og titluð sem píslarganga og hún stóð undir því nafni. Við fengum algjörlega það sem við báðum um – það var alveg sama hversu góður fatnaður fólks var, í svona veðri þá kemst vatnið í gegnum allar glufur og allir urðu gegnsósa."

Að lokum endaði gangan þó í kjötsúpu sem var göngugörpunum kærkomin. „Það er oft eitthvað í gangi eftir ferðirnar," segir Einar. „Maður spinnur þetta bara áfram og reynir að hafa þetta skemmtilegt, en oft þarf ekkert að spinna, þátttakendur eru svo frjóir og skemmtilegir."

> Það var búið að vera svo mikið vesen að skipuleggja endalausar bílferðir á upphafs- og endastað ferðanna að ég vildi stofna klúbb svo við gætum leigt rútu og losnað við allt þetta skutl.

Tíu ára afmæli félagsins verður svo fagnað í Elliðaárdal í fyrrnefndri partígöngu.

„Upphaflega átti að vera stórt ball en það eru auðvitað ekki aðstæður til þess í dag," segir Einar. „Í staðinn verður þetta undir berum himni með tónlist, söng og veitingum, eða það sem systir mín myndi kalla „dansilabb". Við ætlum að reyna að skemmta okkur saman á sama tíma og við höldum smitmöguleikum í lágmarki."

Áhugasamir geta kynnt sér Vesen og vergang betur á Facebook-síðu félagsins. ■

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björgvin Runólfsson

bóndi á Dvergasteini, Lindasíðu 2, Akureyri,

lést sunnudaginn 19. september á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 4. október klukkan 13.00.

Benedikt Björgvinsson
Vilborg Björgvinsdóttir **Davíð Stefánsson**
Jón Björgvinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Okkar ástkæri

Gunnlaugur V. Snævarr

fyrrverandi kennari og yfirlögregluþjónn,

lést á Landspítalanum 18. september. Jarðarförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 29. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög. Streymt verður frá athöfninni á: https://youtu.be/kwr390hhniw

Auður Adamsdóttir
Þórhildur Erla Pálsdóttir

---

†

Ástkær móðir mín, systir okkar og mágkona,

Edda Svava Arnórsdóttir

lést sunnudaginn 5. september í Osló.

Ólafur Jónsson
Viðir Kalmar Arnórsson **Jóhanna Lúðvíksdóttir**
Guðlaug Sigríður Arnórsdóttir

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Birna Friðgeirsdóttir

Gunnólfsgötu 18, Ólafsfirði,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Siglufirði 16. september. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 24. september klukkan 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalar- og hjúkrunarheimilið Hornbrekku, Ólafsfirði.

Sigurður Guðmundsson
Valgerður Sigurðardóttir **Rúnar Guðlaugsson**
Guðmundur Sigurðsson **Sigurborg Gunnarsdóttir**
Friðgeir Sigurðsson **Ragnhildur Skúladóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Okkar ástkæri

Þór Matthíasson

Klapparstíg 3, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans 11. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur senda alúðarþakkir fyrir frábæra þjónustu til líknardeildarinnar og HERU. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeildina í Kópavogi og líknarþjónustuna HERU.

Yrja Þórsdóttir
Janet Matthíasson, Freyja Matthíasdóttir
Edda Matthíasdóttir Swan, Sif Matthíasdóttir
og fjölskyldur.

---

†

Ástkær móðir mín, amma og langamma,

Hlíf Helgadóttir

Furugrund 70, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans þann 9. september. Hjartans þakkir til starfsmanna líknardeildar fyrir yndislega umönnun. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Dís, börn og barnabörn.

---

†

Við þökkum af alhug hlýjar kveðjur og samhug vegna fráfalls ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Steinars Geirdal

Sérstakar þakkir fær starfsfólk heimahlynningar, dagdvalar Ísafoldar og Skógarbæjar ásamt frímúrarastúkunni Sindra.

Vigdís Erlingsdóttir
Sverrir Geirdal **Lára Jóhannesdóttir**
Snorri Geirdal **Christina Byö**
Dagný Geirdal **Bergþór Haukdal Jónasson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólína S. Guðmundsdóttir

frá Grenivík í Grímsey,

sem lést á Landspítalanum mánudaginn 6. september, verður jarðsungin frá Digraneskirkju miðvikudaginn 29. september klukkan 15.

Erlendur Geirdal **Kolbrún Matthíasdóttir**
Guðmundur Gísli Geirdal **Linda Jörundsdóttir**
Halldóra Sæunn Sæmundsdóttir
ömmu- og langömmubörn.

TRI

CUBE

castelli

CUBE 2022

FORPÖNTUN

WWW.TRI.IS

CUBE STEREO

DT SWISS

DT SWISS

TRI VERSLUN
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími: 571-8111 Netfang: info@tri.is

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

VELKOMIN Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA Í NETTÓ

KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBLAÐINU

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook-síðu Nettó varðandi leiki og ofurtilboð dagsins á Heilsudögum.

128 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG TILBOÐUM!

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR AF HEILSU- OG LÍFSSTÍLSVÖRUM

OFURTILBOÐ – GILDIR ÞENNAN EINA DAG!

Fimmtudagur 23. sept.
Tilboð dagsins

Olifa Steikingarolía
750ml
989 KR.
ÁÐUR: 1.799 KR/STK
45% AFSLÁTTUR

Olifa Ólífuolía Biologico lífræn
500ml
1.196 KR.
ÁÐUR: 1.899 KR/STK
37% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

Sætar kartöflur
(kg)

Föstudagur 24. sept.
Tilboð dagsins

Vit Hit Immunitea
Drekaávöxtur og ylliblóm
35% AFSLÁTTUR

Vit Hit Lean&grean
Epli og ylliblóm
194 KR.
ÁÐUR: 299 KR/STK

50% AFSLÁTTUR

Græn epli
(kg)

Laugardagur 25. sept.
Tilboð dagsins

45% AFSLÁTTUR

Nicks Kexbar
súkkul. 40g

Nicks
Coconut/Peanut
40g
109 KR.
ÁÐUR: 199 KR/STK

50% AFSLÁTTUR

Sellerý
(kg)

netto
Lægra verð – léttari innkaup

NÝTTU ÞÉR VEFVERSLUN OKKAR OG GERÐU INNKAUPIN Á NETINU

ÖLL TILBOÐ Á HEILSUDÖGUM MÁ FINNA Á NETTO.IS

ÚRVAL AF GÆÐAVÖRUM Á FRÁBÆRU VERÐI!

Änglamark snyrtivörur
Engin aukaefni

25% AFSLÁTTUR

- Engin astma- og ofnæmisvaldandi efni
- Engin litar- eða lyktarefni
- Framleitt úr völdum innihaldsefnum
- Svansvottaðar vörur

Hollt í matinn frá Änglamark

25% AFSLÁTTUR

Margverðlaunaðar
Lífrænar
Umhverfisvænar
Gæðavörur

Vítamín og fæðubótarefni frá Now á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR

Vandaðar gæðavörur frá Maku
Allt sem þú þarft í eldhúsið

20% AFSLÁTTUR

Mamma Chia skvísur á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR

Allar vörur frá Whole Earth á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR

Muna vörur á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR

Skipulagður snæðingur með nestisboxunum frá Sistema

20% AFSLÁTTUR

HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGAR NETTÓ STANDA YFIR DAGANA 23. SEPTEMBER - 6. OKTÓBER 2021

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Hafnarfjörður • Lágmúli • Mjódd • Mosfellsbær • Nóatún • Salavegur • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

Veðurspá Fimmtudagur



Gengur í austan og suðaustan 8-15 m/s með rigningu, en þurrt á Norður- og Austurlandi fram eftir degi, en fer þá einnig að rigna þar með slyddu á heiðum. Snýst í vestan og norðvestan 8-13 með skúrum SV-til í kvöld. Hiti 2 til 9 stig. ■

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Piskov átti leik gegn Kiselev í Moskvu árið 1987.

1...Hd2! 2. De6 Hd5+! 3. Dxd5 Dg6# 0-1. Skákfélag Selfoss og nágrennis hefur gert prýðilega hluti á EM taflfélaga. Hefur 6 vinninga af 8 mögulegum eftir fjórar umferðir. Þær mættu rússneskri ofursveit í gær. Sjötta og næstsíðasta umferð fer fram í dag.

www.skak.is: EM taflfélaga. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 slitrur
5 pex
6 ekki
8 talin
10 tveir eins
11 svolítið
12 áar
13 síll
15 rembast
17 kryddjurt

LÓÐRÉTT
1 liðsinnir
2 íþrótt
3 væta
4 renta
7 eðli
9 kynngi
12 op
14 hlemmur
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 hrafl, 5 jag, 6 ei, 8 alitin, 10 ll, 11 ögn, 12 afar, 13 alur, 15 rogast, 17 karsi.
LÓÐRÉTT: 1 hjálpar, 2 rall, 3 agi, 4 leiga, 7 innrætt, 9 töfrar, 12 auga, 14 lok, 16 ss.

Sudoku

7	8		4			2		
				3	1		8	4
		5		6			7	
				1		4		
	7		6	2				5
4		9			7	1	6	
								1
5		7				9		
	2	6		5	3			

9						6		
				2				4
		4		7				
5	4					3		
		2	8	9			5	
7			2			8		
8			4		6	1	9	
	9		3				7	6
3								

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BORÐAÐU BETUR

Sérblaðið Borðaðu betur kemur út fimmtudaginn 30. september.

Í blaðinu fjöllum við um val fólks á hollara mataræði og mikilvægi þess fyrir heilsu og lífsstíl.

Við verðum með viðtal við næringarráðgjafa, birtum uppskriftir, ásamt öðru áhugaverðu efni.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:
Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi fréttablaðsins.
sími 5505654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Að erfa dimman skóg

BÆKUR

Stóra bókin um sjálfsvorkunn

Ingólfur Eiríksson
Útgefandi: Mál og menning
Fjöldi síðna: 284

Þorvaldur S. Helgason

Stóra bókin um sjálfsvorkunn er fyrsta skáldsaga Ingólfs Eiríkssonar sem hefur látið til sín taka á ritvellinum undanfarið. Fyrr á árinu sendi hann frá sér ljóðverkið Klón: Eftirmyndasaga, ásamt hönnuðinum Elínu Eddu, en hann er auk þess einn höfunda verksins Þægindarammagerðin, sem kom út í sumar.

Stóra bókin um sjálfsvorkunn er vel skrifað verk og ljóst að höfundur hefur gott vald á tungumálinu og efnistökunum. Skáldsagan segir frá unga leiklistarnemanum Hallgrími, sem flyst til breskrar stórborgar ásamt menntaskólakærustunni sinni, Aðalheiði. Þegar komið er út byrjar andlegri heilsu Hallgríms að hraka til muna, hann missir smám saman bæði tökin á náminu og sínu persónulega lífi og neyðist að lokum til að snúa aftur heim og leggjast inn á geðdeild.

Allt þetta kemur fram á fyrstu blaðsíðum bókarinnar, en einn áhugaverðasti eiginleiki verksins er hvernig höfundi tekst að segja söguna með því að stokka upp í línulegri framvindu frásagnarinnar með því að láta hvern og einn kafla gerast á ólíkum tímaskeiðum. Það gæti tekið lesendur nokkra kafla að komast inn í taktinn í verkinu, en bókin flæðir þó einstaklega vel og meðvitað samhengisleysið passar fullkomlega við hugarheim hins andlega veika Hallgríms.

Það mætti hálfpartinn segja að bókin væri of vel skrifuð, svo fínlega ofin er hún að þar er hvorki að finna orð né staf á röngum stað. Þá hljómar hún á köflum eins og tékklisti fyrir menningarheim forréttindahipstera aldamótakynslóðarinnar, en vísanir í James Blake-tónleika á Sónar, Barbour-jakka úr Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar og leiksýninguna Sleep No More í New York, kjarna fullkomlega tíðaranda þeirrar kynslóðar um miðjan síðasta áratug.

Harmur kynslóða

Tvö helstu leiðarstef bókarinnar eru minningar og áföll sem erfast á milli kynslóða. Bókin fjallar að miklu leyti um samband Hallgríms við móðursystkini sín, rithöfundinn Grímu og útvarpsmanninn Gísla, en Hallgrímur virðist hafa erft sitthvað af þeirra eiginleikum og erfiðleikum.

Andlegt ferðalag Hallgríms speglar líf Grímu sem bjó og lést í sömu borginni tuttugu árum áður og glímdi sjálf við andlega erfiðleika. Leiklistarneminn ungi verður svo upptekinn af því að púsla saman síðustu ævidögum frænku sinnar að það jaðrar við þráhyggju.

Þá hefur Hallgrímur erft þörf Gísla til að skrásetja allt sem á daga hans drífur niður í dagbók og verða færslurnar sífellt ítarlegri og árátturkenndari eftir því sem andlegri heilsu hans hrakar.

Hinn dimmi skógur

Eitt sterkasta tákn bókarinnar er hinn dularfulli Tómas sem birtist Hallgrími á ögurstundum, sem eins konar birtingarmynd undirmeðvitundarinnar. Tómas dúkkar upp af og til í líki sálfræðings, dularfulls vinar eða sem staðgengill sænska Nóbelsskáldsins Tomas Tranströmer. Ljóðabók þess síðastnefnda, Sorgargondóll, spilar stórt hlutverk í ferðalagi Hallgríms um andleg undirdjúp hans.

Á einum stað í bókinni, þegar óráð Hallgríms rís sem hæst, sér hann frænku sína fyrir sér gangandi um götur borgarinnar klædda í birkiskóg. Þar er án efa á ferðinni tilvísun í ljóðið Madrigal eftir Tranströmer, upphafslína hvers er ein þekktasta ljóðlína norræns nútímaskáldskapar: „Ég erfði dimman skóg þangað sem ég fer sjaldan.“ Það mætti segja að Madrigal, fremur en Sorgargondóll, endurspegli andlegt ferðalag Hallgríms, ferðalagið um hinn dimma skóg sem hann hlaut í arf.

En líkt og segir annars staðar í ljóðinu þá er einnig „einhvers staðar í lífi okkar mikill óupplýstur kærleikur“ og undir lok bókarinnar finnur Hallgrímur þennan kærleika á stað sem hann hefði ef til vill átt að leita á mun fyrr.

Endir bókarinnar er nokkuð fyrirsjáanlegur og uppgjör Hallgríms við djöfla sína mun sennilega ekki koma mörgum lesendum á óvart. Það kemur þó ekki að sök enda passar hann vel við það sem að framan gengur og sagan er vel til lykta leidd í fallegan frásagnarboga. Gaman hefði þó verið að sjá höfund taka örlítið meiri áhættu og leika sér meira með súrrealismann sem einkennir kaflana er lýsa andlegum veikindum Hallgríms, því þeir eru án efa áhugaverðasti partur bókarinnar. ■

NIÐURSTAÐA: Ljóðræn og vel skrifuð frumraun frá höfundi sem er mikils að vænta af.

Fimmtudagur

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR

Hringbraut

18.00 Herrahornið (e) Áhugaverðir þættir fyrir alla karlmenn sem vilja girða sig almennilega í brók.
18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Sir Arnar Gauti Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Alþingiskosningar 2021. Forystusætið Viðreisn
12.05 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988
13.20 Fólkið í landinu Kristján Arason.
13.40 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
13.55 Út og suður
14.20 Með okkar augum
14.50 Popppunktur 2010 Átta liða úrslit. Skriðjöklar - Mammút.
15.45 Heilabrot Þunglyndi
16.10 Gestir og gjörningar
16.50 Neytendavaktin
17.20 Landinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Holly Hobbie
18.25 Lúkas í mörgum myndum
18.32 Tryllitæki - Klósettsturtarinn
18.39 Stundin rokkar
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins Bláu augun þín. Flytjandi: Gunnar Þórðarson. Lagahöfundur: Gunnar Þórðarson. Textahöfundur: Ólafur Gaukur Þórhallsson.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Alþingiskosningar 2021. Forystusætið Samfylkingin
20.30 Já eða nei
20.40 XY
21.05 Svarti baróninn Baron Noir
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Babýlon Berlín
23.05 ABC-morðin - Agatha Christie
00.05 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

09.10 Ryder Cup Official Film 2018
10.20 LPGA Tour Útsending frá Walmart NW Arkansas 2020.
13.10 2021 PGA Tour Champions Learning Center
13.35 PGA Tour. The Cut
14.00 Ryder Cup 2018
20.30 Countdown to the Ryder Cup
21.00 Ryder Cup Bein útsending frá setningarathöfn Ryder Cup sem fer fram í Wisconsin í Bandaríkjunum næstu 3 daga.
22.00 Champions Tour Highlights
22.55 The Curtis Cup - Highlights Show Curtis-bikarinn er ein virtasta liðakeppni áhugakvenna í golfheiminum.
23.40 PGA Special. APGA Championship

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 The Bachelorette
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Ást
20.35 Missir Íslenska þáttaröðin Missir er áhrifamikil og vönduð íslensk þáttaröð. Sorg er viðbrögð við missi og ef við ætlum að elska verðum við að syrgja. Í þáttaröðinni hittum við fyrir fólk sem hefur gengið í gegnum sorg og missi. Lært að lifa með sorginni, unnið sig í gegnum áfallið og eignast gott og hamingjusamt líf.
21.10 The Resident Læknadrama af bestu gerð. Sögusviðið er Chastain Park Memorial-spítalinn í Atlanta.
22.00 Walker
22.45 Reprisal
23.30 The Late Late Show
00.15 New Amsterdam
01.00 The Equalizer
01.45 Billions
02.30 The Handmaid's Tale
03.20 The Walking Dead
04.00 Tónlist

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið Slökkviliðið mætir Kalimbunni.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfóníutónleikar
21.00 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

11.20 Nancy Drew and the Hidden Staircase
12.45 The Children Act
14.30 Johnny English Reborn
16.10 Nancy Drew and the Hidden Staircase
17.35 The Children Act
19.20 Johnny English Reborn
21.00 Fighting With My Family
22.45 Die Hard
00.50 Elizabeth Harvest
02.40 Fighting With My Family

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Grey's Anatomy
10.00 Gilmore Girls
10.40 Blindur bakstur
11.20 Vitsmunaverur
11.50 Friends
12.15 Neighbours
12.35 The Office
13.00 God Friended Me
13.40 Modern Family
14.00 Shipwrecked
14.50 Flirty Dancing
15.35 Home Economics
16.00 Citizen Rose
16.40 The Heart Guy
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Neighbours
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.50 Kosningar 2021
20.25 Patrekur Jamie. Æði
20.40 Hell's Kitchen
21.30 NCIS. New Orleans
22.15 Real Time With Bill Maher
23.10 Wentworth Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin af þessum framúrskarandi glæpa- og dramaþáttum um lífið innan veggja hættulegasta kvennafangelsis Ástralíu.
23.55 Animal Kingdom
00.45 The Righteous Gemstones Geggjaðir þættir úr smiðju HBO með Danny McBride, John Goodman og Adam Devine í aðalhlutverkum.
01.30 The Mentalist
02.10 Grey's Anatomy
02.55 Gilmore Girls Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.
03.35 Friends Chandler og Monica lenda í vandræðalegri aðstöðu á ófrjósemisstofunni þegar þau rekast á gamlan kunningja.

Stöð 2 Sport

08.25 KA/Þór - ÍBV Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
09.45 Stjarnan - ÍBV
11.10 Valur - KA Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
12.50 FH - Breiðablik
14.30 HK - Stjarnan
16.10 Pepsi Max Stúkan
17.10 N1 mótið Fjórði þátturinn af Sumarmótunum 2021 á Stöð 2 Sport. Í þetta sinn er fjallað um N1-mótið sem fór fram á Akureyri dagana 30. júní - 3. júlí en keppt var í 5. flokki karla.
17.55 Stjarnan - ÍBV
19.20 Fram - Selfoss Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
21.10 KR - Víkingur R. Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
22.50 Pepsi Max Stúkan
23.50 Haukar - Uniao Sportiva

Stöð 2 Sport 2

08.00 Svíþjóð - Spánn
09.35 NFL Extra
09.55 Lille - Wolfsburg
11.35 Barcelona - Bayern
13.15 Liverpool - AC Milan
14.55 Hull - Sheffield United
16.40 NFL Gameday
17.05 Liverpool - AC Milan
18.45 Manchester United - West Ham
20.25 Chelsea - Aston Villa
22.10 Wolves - Tottenham
23.50 Atletico Madrid - Porto

ÍSLENSK VERÐBRÉF
síðan 1987

ÞEKKING

RYDER CUP
EST. 1927

RYDER CUP

23. - 26. SEPTEMBER • WHISTLING STRAITS • STÖÐ 2 GOLF

ÞAÐ ER LOKSINS KOMIÐ AÐ RYDER CUP, MÓTIÐ SEM ENGINN GOLFÁHUGAMAÐUR VILL MISSA AF!

GOLF

Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**

Pottaplöntur
Ný sending vikulega

25% afsláttur

52%

blómaval

Benjamín-fíkus
11.5 cm pottur.
11308329
949 kr
~~1.980 kr~~

25%

blómaval

Jukka
19 cm pottur.
11261449
3.592 kr
~~4.790 kr~~

Margar lita-samsetningar í boði

29%

blómaval

Blómavals-vöndur
10001050
4.990 kr
~~6.990 kr~~

26%

blómaval

Orkidea
12 cm pottur. 11325000
1.990 kr
~~2.690 kr~~

Hausterikur
í Blómavali

28%

blómaval

Hausterikur 3 stk.
3 stk. að eigin vali.
1.299 kr
~~1.797 kr~~
Hausterikur 1 stk. **599 kr**

Haustlaukarnir eru komnir
Loforð um litríkt vor

Crocus blandaðir litir, 50 stk.
Crocus Grand Maitre, 50 stk.
Crocus Jeanne d'Arc, 50 stk.
Páskaliljur magnpakkning, 20 stk.
Páskaliljur Harlequin Mixed, 20 stk.
Tulipa Apeldoorn Red, 50 stk.
Tulipa Apeldoorn Elite Red & Yellow, 50 stk.
Tulipa Golden Oxford Yellow, 50 stk.
Tulipa Peacok, 50 stk.
Tulipa Purissima, 50 stk.
Tulipa Red Riding Hood, 50 stk.

Magnpakkning
1.990 kr/pk

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Pottar og pönnur
25-50% afsláttur

Nilfisk
Háþrýstidælur
20-25% afsláttur

orthex
Geymslu-kassar
20% afsláttur

Skoðaðu öll tilboðin
Skannaðu QR kóðann

Parket
valdar vörur
20-40% afsláttur

Flísar
valdar vörur
20-25% afsláttur

avasco
Hillurekkar
20% afsláttur

Kjós

LADY lita-kort 2022
Skannaðu QR kóðann

LADY litablogg
Skannaðu QR kóðann

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Nýir litir frá LADY

Nokkrir af okkar uppáhaldslitum úr nýja litakortinu frá LADY.
Kjóstu þinn lit.

1376
Frostrøk

12180
Present

12181
Soft Comfort

12182
Gentle Whisper

20185
Friendly Pink

20184
Thoughtful

sum liti

Notaðu myndavélina í símanum til að skanna QR kóðana

Litakort Arnars Gauta
Skannaðu QR kóðann

Litgreining hjá okkur
Skannaðu QR kóðann

LADY innimálning

25% afsláttur

Tilkomumikill veruleikaflótti

KVIKMYNDIR

Dune
Leikstjóri: Denis Villeneuve
Leikarar: Timothée Chalamet, Rebecca Ferguson og Oscar Isaac

thorvardur@frettabladid.is

Leikarar Dune stilla sér upp á rauða dreglinum á Kvikmyndahátíðinni í Feneyjum þar sem hún var frumsýnd 3. september. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mikil eftirvænting hefur ríkt eftir kvikmyndinni Dune úr smiðju fransk-kanadíska leikstjórans Denis Villeneuve. Sökum Covid-faraldursins var frumsýningu hennar frestað um tæpt ár og nú er loks tækifæri til að sjá sýn Villeneuve á hina klassísku vísindaskáldsögu Dune eftir Frank Herbert.

Villeneuve hefur átt í orðaskaki við framleiðendur myndarinnar, Warner Bros, vegna ákvörðunar fyrirtækisins um að frumsýna Dune vestanhafs samtímis í kvikmyndahúsum og á streymisveitunni HBO Max. Leikstjórinn er afar ósáttur við þetta og hefur gagnrýnt Warner Bros harðlega og sagt fyrirtækið láta stjórnast af duttlungum Wall Street, á kostnað listrænnar sýnar hans.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þekktur leikstjóri tekst á við Dune. Árið 1984 kom Dune út í leikstjórn David Lynch með Kyle MacLachlan og Virgina Madsen í aðalhlutverkum. Sitt sýnist hverjum um hana og hefur Lynch sjálfur sagt að Dune sé eina misheppnaða myndin hans. Þó hefur hún fengið uppreist æru á undanförnum árum og er komin í hóp svokallaðra költ-mynda.

Sandauðn og sandormar

Í fjarlægri framtíð er efnið melange, eða spice, nauðsynlegt til ferða milli stjarnanna. Hertoginn Leto Atreides, leikinn af Oscar Isaac, er skipaður af keisaranum til að hafa umsjón með vinnslu malange á eyðimerkurplánetunni Arrakis, þar sem hver vatnsdropi er lífsnauðsynlegur og heljarinnar sandormar skapa stöðuga hættu.

Atreides-fjölskyldan flyst búferlum frá heimaplánetu sinni Caladan og tekur við plánetunni úr höndum Harkonnen-fjölskyldunnar undir forystu Vladimir Harkonnen baróns, sem Stellan Skarsgaard leikur. Fljótlega kemur í ljós að Atreides-fjölskyldan fékk í hendur eitraðan kaleik frá keisaranum.

Sonur Leto og arftaki, Paul Atreides, er efnilegur ungur maður og söguhetjan. Hann býr yfir dulrænum hæfileikum sem munu koma honum mjög að gagni á hinni óvinveittu eyðimerkurplánetu. Timothée Chalamet fer með hlutverk Paul, en virðist hafa verið fenginn til verksins fremur vegna útlits síns en leiklistarhæfileika. Paul er fjarlægur og áhyggjufullur, sem Chalamet kemur ágætlega til skila, en tekst ekki að gefa persónunni mikla dýpt, hvort sem það er sök handritsins eða hans sjálfs.

Dune er komin í kvikmyndahús, ári á eftir áætlun. MYND/WARNER BROS.

Paul hefur lært speki Bene Gesserit-trúarreglunnar undir handleiðslu móður sinnar og hjákonu Leto hertoga, lafði Jessicu, sem leikin er af Rebecca Ferguson. Hún tilheyrir reglunni og hefur þjálfað son sinn í að beita tækni hennar, sem er afar kraftmikil og nytsamleg, til fá sínu framgengt. Við komuna til Arrakis hrópa innfæddir að Paul og ákalla hann sem Messías.

Á Arrakis býr þjóðflokkur Fremena. Þau hafa búið í eyðimörkinni í aldaraðir og aðlagast ólífvænlegum aðstæðum með þróaðri tækni sem gerir þeim kleift að kreista fram hvern vatnsdropa. Fremenar eru ekki hrifnir af aðkomumönnum sem gefa lítt fyrir plánetuna, hið eina sem þeir hafa áhuga á er krydd-ið. Til að gera langa sögu stutta neyðist Paul til að leita aðstoðar Fremena í baráttu sinni gegn Harkonnen-fjölskyldunni.

Framhald veltur á áhorfendum

Dune er fremur augljós allegória fyrir nýlendutímann, þar sem utanaðkomandi (og hvítt) fólk kemur, mergsýgur náttúruauðlindir, kúgar innfædda og fer með gróðann á brott. Paul veitir íbúum Arrakis von um að hann muni breyta um stefnu og gera meira til að byggja plánetuna upp, þeim til hagsbóta. Hvort úr því rætist kemur í ljós í framhaldsmynd sem Villeneuve vonast til að gera, en það veltur á því hvort fólk flykkist á þessa í bíó.

Bókin Dune er mikill doðrantur og ekki öfundsvert fyrir Villeneuve að reyna að koma sögunni til skila á skjáinn. Mikill tími fer í að skapa heiminn og stemninguna. Varpað er ljósi á baktjaldamakkið í keisaraveldinu í fyrri hluta Dune, en síðan tekur við nánast viðstöðulaus hasar. Fyrri hlutinn er mun áhugaverðari og hefði mátt gefa honum meira vægi á kostnað eltingarleikja og bardaga, þó að þeir séu vissulega afar glæsilegir.

Það tekst ekki áfallalaust að koma orðum Herbert til skila og er útkoman sú að útlit er ofar innihaldi. Handritið er ekki jafn glæsilegt og útlit myndarinnar. Fyrir vikið skilur Dune lítið eftir sig en Oscar Isaac tekst þó að gera sér mat úr hlutverki sínu og leikur feikna vel eins og alltaf. Aðrir leikarar ná ekki sömu hæðum og eru Chalamet og Zendaya, í hlutverki Chani, ekki eftirminnileg. Ekki hjálpar skeggleysið Jason Momoa í hlutverki hermannsins Duncan Idaho. Babs Olusanmokun stelur hins vegar senunni í litlu hlutverki og er leitt að hann fái ekki meira að moða úr.

Upplifun og flótti

Óhætt er að segja að Dune sé mikið sjónarspil. Kvikmyndin kostaði 165 milljónir dollara í framleiðslu og sést hver dollari á skjánum. Myndataka Greig Fraser er mögnuð og tölvubrellurnar eru í heimsklassa. Sömuleiðis er tónlistin frábær enda er það Óskarsverðlaunahafinn Hanz Zimmer sem ber ábyrgð á henni.

Dune er mikil upplifun og Villeneuve hefur mikið til síns máls í gagnrýni sinni á Warner Bros. Þetta er ekki kvikmynd sem nýtur sín í sjónvarpinu heima, þetta er mynd til að sjá í bíó. Ekki þó búast við kvikmynd sem hreyfir við þér, sestu heldur í bíósætið og leyfðu Villeneuve að flytja þig til fjarlægrar framtíðar. Ekki veitir af smá flótta á þessum síðustu og verstu tímum. ■

NIÐURSTAÐA: Dune er stórbrotið sjónarspil sem nýtur sín vel á stjóra tjaldinu en skilur lítið eftir sig.

Skemmtilega illkynja djöflasýra

KVIKMYNDIR

Malignant
Leikstjórn: James Wan
Aðalhlutverk: Annabelle Wallis, Maddie Hasson, Michole Briana White, George Young

toti@frettabladid.is

Hryllingur er vitaskuld dásamleg kvikmyndagrein og óumdeild andleg heilsubót samkvæmt margreyndu læknisráði og sígildri kenningu Aristótelesar um kaþarsis. Verstur andskotinn bara að hugmyndafræðilegt svigrúm hryllingsmyndanna er svo þröngt að frumleikinn líður fyrir að endalaust er hægt að vekja ótta, spennu og viðbjóð með því að spila á frumstæðustu hvatir okkar með eilífri endurtekningu hins sama.

Litlu verður því blóðþyrstur Vöggur feginn, þannig að ekki er annað hægt en að taka þessu nýjasta og frumlegasta útspili hrollvekjupáfans James Wan í háa herrans tíð, vægast sagt fagnandi

Wan gerði verðskuldað stormandi lukku fyrir sautján árum með Saw og hefur allar götur síðan verið aðalgæinn í meginstraumshryllingnum. Saw, eins ferlega góð og hún er, gat að sjálfsögðu af sér nýjan hryllingsmyndabálk sem útvatnaðist hratt og örugglega, eins og gengur og gerist í þessari deild, með endalausri halarófu framhaldsmynda sem fóru stigversnandi og náðu nýlega síðasta lágpunkti með hinni fádæma lélegu Spiral: From the Book of Saw.

Eftir að hafa sveiflað söginni með stæl hnyklaði Wan vöðvana með upphafsmyndum bálkanna sem kenndir eru við The Conjuring og Insidious sem fóru ágætlega af stað en hafa, samkvæmt náttúrulögmálinu, myglað hratt og örugglega.

Breytir þó litlu um að með Malignant sýnir Wan og sannar hressilega að enn má treysta á hann í þessum efnum. Auðvitað er hann ekkert að finna upp hryllingshjólið, en galsinn í þessu drama um illkynja óféti, sem gengur berserksgang eftir að hafa verið fjarlægt með afdrifaríkri skurðaðgerð, er bara svo fjandi galsafengið að úr verður óvenjugóð hryllingsskemmtun.

Annabelle Wallis, óskyld dúkkunni eftir því sem næst verður komist, upplifir skelfingu í illkynja vökusvefni.

Þá má Freddy heitinn Krueger heldur betur snúa sér í öskustónni ef þetta nýjasta illfygli úr smiðju Wans, með stolna hárkollu úr Ringu, mun ekki snúa ítrekað aftur í efnilegum en um leið bráðfeigum, nýjum myndabálki. Skepnan sú hefur alla burði til þess og vel það.

Annars segir hér af henni Madison sem, að því er virðist, upp úr þurru byrjar að þróa með sér svefnrofalömun sem er þeim annmörkum háð að lömuð af ótta sér hún fyrir sér subbuleg morð sem síðan reynast bara mjög svo raunveruleg.

Skýringuna á þessum leiðindum er að finna í skuggalegri fortíð hennar og þótt allur málatilbúnaður gegn henni og í kringum morðin sé algerlega út í hött þá tekst Wan að stilla þessu þannig upp að maður gengur ruglaðri sögunni á vald strax í upphafi.

Djöflasýrunni pakkar hann svo smekklega í stíliseraðan 80's-búning sem hann skreytir vísunum í sígildar myndir á borð við Poltergeist og Carrie. Malignant er þar fyrir utan merkilega lítið ógeðsleg, en vinnur það upp og rúmlega það með góðum húmor og sturluðum hasaratriðum sem fengin eru að láni úr The Terminator, þannig að úr verður staðlaður en samt brakandi ferskur hrollur sem kallar frekar fram hlátur en gæsahúð. Vel gert! ■

NIÐURSTAÐA: Klikkuð og kleyfhuga hryllingsmynd sem tekst ítrekað að koma skemmtilega á óvart þegar hún lætur öllum illum látum og fer út og suður innan staðlaðs hryllingsmyndarammans með hæfilegum slettum af hasar og gríni.

Mammut Sapuen High GTX®
Léttir og mjúkir herraskór
~~33.995,-~~ 27.196,-

Mammut Crater HS GTX®
Vatnsheldur herrajakki
~~66.995,-~~ 53.596,-

Mammut Aconcagua Light
Létt herra flíspeysa
~~21.995,-~~ 17.596,-

Mammut Eigerjoch Pro IN
Þykk og hlý dúnúlpa
~~108.995,-~~ 87.196,-

Mammut Sapuen High GTX®
Léttir og mjúkir dömukór
~~33.995,-~~ 27.196,-

Mammut Kento HS Hooded
Vatnsheldur dömujakki
~~40.995,-~~ 32.796,-

Mammut Aconcagua Light
Létt dömu flíspeysa
~~21.995,-~~ 17.596,-

Mammut Photics HS Thermo
Hlý og vatnsheld kápa
~~135.995,-~~ 108.796,-

MAMMUT
SWISS 1862

Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

EXTRA

299 kr.stk.

Tweeks nammi 65/100 g

199 kr.stk.

Kristall 2L

249 kr.stk.

Slow Cow Mind Cooler 330 ml

BARÓNSTÍGUR 8-24

KEFLAVÍK OG AKUREYRI 24/7

WWW.EXTRA.IS

Freyr Eyjólfsson er spyrill í þáttunum Missir og fer með áhorfendur á fund átján viðmælenda sem segja frá átakanlegum missi og hamingjunni sem þó kann að leynast í djúpri sorg þegar unnið er úr henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Leitið og þér munuð finna fegurð og von í missinum

Fólk sem hefur misst börn, maka, foreldra eða systkini, hleypir þeim Reyni Lyngdal og Frey Eyjólfssyni að sínum dýpstu hjartarótum í sjónvarpsþáttunum Missi, þar sem þau segja frá því hvernig þau unnu úr þungum áföllum og sorg. Eitthvað sem þeir báðir þekkja eftir að hafa annars vegar misst barn en hins vegar föður.

toti@frettabladid.is

„Þetta er með erfiðustu en jafnframt fallegasta verkefni sem ég hef tekist á við,“ segir fjölmiðlamaðurinn þrautreyndi, Freyr Eyjólfsson, um aðkomu sína að þáttaröðinni Missi, sem verður aðgengileg á Sjónvarpi Símans Premium í dag.

„Þetta var mjög mikil þerapía fyrir okkur sem stóðum að þessu en við náttúrlega komum öll að þessu með eitthvað í bakpokanum. Reynir var þarna nýbúinn að missa pabba sinn, ég og konan mín misstum barn á síðustu metrunum í meðgöngu og allur hópurinn var búinn að ganga í gegnum sorg og missi, þegar við komum fyrst saman. Síðan fórum við að hitta annað fólk sem var erfitt en fallegt og mjög uppbyggjandi.“

Þættirnir eru unnir í nánu samstarfi við Sorgarmiðstöð, enda umfjöllunarefnið viðkvæmt og grunnhugmyndin að þeim kviknaði þar. „Ég kem þannig að þessu að þær Ína Lóa og Eva Dís hjá Sorgarmiðstöð hafa samband við mig og biðja mig hreinlega að taka hugmynd sem þær voru með aðeins lengra og gera einhvers konar heimildaseríu um sorg og sorgarmissi,“ segir Reynir Lyngdal. Hann leikstýrir þáttunum sem byggja fyrst og fremst á viðtölum sem Freyr tekur, við fjölda fólks sem hefur misst börn, maka, foreldra eða systkini og talar opinskátt um þessi þungu áföll.

Að elska er að syrgja

„Ég var tiltölulega nýbúinn að missa pabba minn og kveikti svona sterkt á þessu,“ heldur Reynir áfram og bætir við að hann hafi í raun furðað sig á því að ekki væri löngu búið að gera þætti af þessum toga.

> Þetta er bara ótrúlegt fólk sem hefur unnið sig í gegnum missi,“ segir Reynir um viðmælendurna í Missi. „Og það merkilega er einhvern veginn hversu mikil von og fegurð er í þessu.

Reynir Lyngdal

„Hvað getur maður sagt? Þetta eru þannig sögur að í þeim gefur raunveruleikinn ímyndunaraflinu á kjaftinn. Þetta eru stórar sögur og merkilegar og magnað fólk,“ segir Freyr og líkir þáttagerðinni við ótrúlegt ferðalag.

„Maður deyr. Það er náttúrlega eina lokaniðurstaðan í lífinu og ef maður ætlar að elska þá verður maður að syrgja. Þannig er bara díllinn. Þær eru systur og fylgjast að, sorgin og ástin,“ heldur Freyr áfram og bætir við að þannig lagað sé lítið við það að athuga.

„Þetta er ekki vond tilfinning, sorgin, en hún er bara viðbragð við missi, sem eins og ég segi, við förum öll í gegnum. Og í þessum þáttum einbeittum við okkur að því að finna fólk sem hefur farið í gegnum þungan og erfiðan missi. Upplifað mikla og djúpa sorg en unnið í henni. Eitthvað sem er ekki endilega sjálfgefið. Vegna þess að sorgin, hún fer aldrei. Ég held nefnilega að það sé stór misskilningur,“ segir Freyr og heldur áfram:

„Hún er alltaf til staðar en þú ferð að lifa með henni og við vildum sérstaklega finna fólk sem hafði unnið markvisst í sinni sorg og það er einhvern veginn ótrúlegt hvað fólkið sem við hittum og tölum við er viturt. Þetta er fólk sem lifir með sorg, en er mjög hamingjusamt þrátt fyrir allt.“

Hamingjan í sorginni

„Það var svona útgangspunkturinn. Að finna von og fegurð í þessu annars dimma efni. Og kannski slá líka á þessa dauðafóbíu sem er svolítið ríkjandi í nútímasamfélagi, þannig að við tölum aldrei um það sem mun á endanum gerast,“ segir Reynir.

„Það er hægt að vera sorgmæddur en hamingjusamur á sama tíma,“ heldur Freyr áfram. „Það er hægt að lifa með sorg en eiga samt bara mjög hamingjusamt og innihaldsríkt líf og það var þannig fólk sem við vorum að leita að og fundum.

Það var einhvern veginn ótrúlegt að setjast niður með þessu fólki. Stundum komum við saman og hlustuðum á sögur í fjóra til fimm tíma og allur hópurinn bara einhvern veginn sat agndofa og grét yfir þessum sögum. Þetta voru mjög magnaðar upptökur og stundir þegar við hittum allt þetta fólk,“ segir Freyr, um bæði þau sem segja frá missi sínum sem og allan þann fjölda sérfræðinga sem rætt er við í þáttunum. „Þannig að þetta er búið að vera mjög magnað og lærdómsríkt ferli.“

Von og fegurð

„Þetta er bara ótrúlegt fólk sem hefur unnið sig í gegnum missi,“ segir Reynir um viðmælendurna í Missi. „Og það merkilega er einhvern veginn hversu mikil von og fegurð er í þessu.“

Reynir segir þetta ekki síst merkilegt í ljósi þess að hann hafi mest fengist við leikið efni, þar sem reynt er að finna einhvern sannleik í einhverju sammannlegu. „En þarna þarf bara ekki annað en að kveikja á myndavélinni og spyrja réttu spurningarinnar og þá er það bara komið. Þetta er svo ótrúlega magnað.“ ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:
Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:
Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Sóma Veislubakkar

★FERSKLEIKINN★

— ER OKKAR KOSNINGALOFORÐ —

KJÚKLINGAVÆNGIR

31 bitar
fyrir 5 manns

Spicy hunangs-kjúklingavængir

KJÚKLINGA-BORGARAR

15 bitar
fyrir 5 manns

15 Mini kjúklinga-borgarar með tacosósu, spínati & sultuðum rauðlauk

KJÚKLINGA-TVENNA

40 bitar
fyrir 5 manns

Mini kjúklinga-borgarar með tacosósu, spínati & sultuðum rauðlauk

Spicy hunangs-kjúklingavængir

GAMLI GÓÐI

20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, eggjasalat.

Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur, súrar gúrkur.

Rækjusalat.

EÐALBAKKI

20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauk-sósa, salatmix.

Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.

Silkiskorin skinka, egg, ostur, íssalat, sinnepssósa.

LÚXUSBAKKI

20 bitar
fyrir 5 manns

Reyktur lax, íssalat, lauksósa.

Kjúklingur, egg, lauksósa.

Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.

PARTÝBAKKI

30 bitar
fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.

Fetaostur, rauð-laukur, spínat.

Reyktur lax, klettasalat, spínat, lauksósa.

VEISLUBAKKI

30 bitar
fyrir 5 manns

Reykt skinka, egg, íssalat.

Tikka masala kjúklingur, íssalat.

Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

KÖKUBAKKI

24 bitar
fyrir 10 manns

Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.

Gulrótarkaka með rjómaostakremi.

Eplakaka með kanilkeim.

ÁVAXTABAKKI

40 - 60 bitar
fyrir 5 - 8 manns

Ananas, melónur, vínber.

DESERTBAKKI

50 bitar
fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.

Kókostoppar með súkkulaði.

SAFAR

Sóma safarnir eru hágæða kaldpressaðir safar gerðir úr ferskri uppskeru ávaxta og grænmetis.

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15 síðasta virka dag fyrir afhendingu.

somi.is / 565 6000

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

HEILSUDAGAR Í NETTÓ
23. SEPTEMBER - 6. OKTÓBER
nettó
OFUR-TILBOÐ Á HVERJUM DEGI
ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR AF HEILSU- OG LÍFSTÍLSVÖRUM

Bakþankar

Stefáns Ingvars Vigfússonar

Stórir gluggar, hlý birta

Ég á oftar erindi út á kvöldin en ég kæri mig um. Ég er í þannig vinnu að það er alltaf eitthvert vesen á mér. Ég veit sjaldnast hvers vegna það er, en ég þarf yfirleitt að vera annars staðar en heima hjá mér á milli níu og tíu á kvöldin.

Þegar ég geng heim horfi ég á glugga nágranna minna. Í gamla Vesturbænum eru gömul hús, gömul hús með stórum gluggum. Gömul hús með stórum gluggum og hlýjum ljósum. Gömul hús með íbúum sem fá tilkynningu í símann sinn eða heilsuúrið um að nú sé kominn tími til þess að róa sig niður fyrir svefninn, slökkva á sjónvarpinu, leggja frá sér ipad-inn og stilla snjallperurnar á minnst 2200 kelvin.

Þau hafa lesið greinar um áhrif ljóss á melatónínframleiðslu. Þau hafa sent maka sínum þessar greinar og spurt hvort þau eigi ekki að prófa þessar snjallperur, það muni örugglega hjálpa. Messenger-samskipti þessa fólks snúast eingöngu um tæknilegar lausnir við hversdagslegum vandamálum, hvernig bæta megi mataræði og hvers konar líkamsrækt þau eigi að leggja fyrir sig næst.

Þetta eru nágrannar mínir. Sem sofa vel, borða heima hjá sér og hreyfa sig rösklega í minnst þrjátíu mínútur á dag.

Einn daginn hættir þessi vesenisgangur á mér og ég geng í þeirra raðir. ■

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR

Tryggðu þér bestu sætin á besta verðinu



Nánar á borgarleikhus.is Miðasala í síma 568 8000